# Got Hardfisk?

**VÍKINGAR, FJALLKONUR OG KANADÍSKIR ÍSLENDINGAR BRUGÐU Á LEIK Á ÍSLENDINGADEGINUM Í GIMLI**

14





Parki INTERIORS

ÚTSALA!

25 - 70 % AFSLÁTTUR

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / S:5643500



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. ágúst 2008 — 215. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## SUNNUDAGUR




Hjörleifur Finnsson heimspekingur söðlar um og gerist þjóðgarðsvörður í Ásbyrgi.

HELGARVIÐTAL 10




## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART MEÐ KÖFLUM** Í dag verða norðaustan 3-10, hvassast við SA-ströndina. Skýjað norðan til og austan og hætt við súld austast. Yfirleitt nokkuð bjart annars staðar. Hiti 9-15 stig, hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4



Mikill fjöldi fólks kom saman í Gleðigöngu Hinsegin daga í gær:

# Fjölmennasta Gleðigangan

**SAMKOMA** Gleðiganga Hinsegin daga fór fram í tíunda sinn í gær og var að sögn aðstandenda sú langfjölmennasta til þessa.

Að sögn lögreglu voru á bilinu 30 til 40 þúsund manns í miðbænum. „Það voru 90 til 100 þúsund manns í bænum. Annað hvort kann lögreglan ekki að telja eða það er viljandi talið vitlaust,“ sagði Heimir Már Pétursson, framkvæmdastjóri Hinsegin daga. Hann var þó ánægður með framgöngu lögreglunnar. „Við höfðum sprengjuhótun yfir höfðunum á okkur og lögreglan var greinilega með aukinn viðbúnað. Það var tekið eftir því og það var mjög gott.“ - þeb / sjá síðu 19

# Vilja leggja sæstreng til Bandaríkjanna

**Erlendir aðilar hafa óskað eftir viðræðum við stjórnvöld um lagningu sæstrengs til Bandaríkjanna. Mikill áhugi sagður á að reisa gagnaver á Íslandi.**

**IÐNAÐUR** Erlend stórfyrirtæki hafa óskað eftir viðræðum við íslensk stjórnvöld til að reifa þann möguleika að leggja sæstreng til Bandaríkjanna. „Það hefur komið í ljós að í Bandaríkjunum er verulegur áhugi á því að setja upp gagnaver á Íslandi. Það helgast auðvitað af því að fá tenginguna til Bandaríkjanna, það er að segja þriðja sæstrenginn,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, sem fjallar einnig um málið í grein í Fréttablaðinu í dag. Hann segir að meðal þeirra fyrirtækja sem hafi sýnt áhuga á uppsetningu gagnavera hér á landi séu stórir fjárfestingarbankar og önnur fésýslufyrirtæki.

Össur mun, ásamt Björgvini Sigurðssyni viðskiptaráðherra og Kristjáni Möller samgönguráðherra, taka á móti hópi frá nokkrum fyrirtækjum í september til að skoða þessi mál. Einnig verði rætt hvaða tryggingu sé hægt að fá fyrir viðskiptum, því sæstrengur verði ekki lagður af stjórnvöldum nema ljóst sé að viðskipti fáist.

Fyrirtækin telja verulega mikla möguleika á því að fá mörg fyrirtæki og gagnaver til landsins. „Þeir hafa um þrjátíu fyrirtæki og segja að af þeim séu tuttugu mjög fús til að ræða að setja niður gagnaver á Íslandi og að tíu hafi gefið til kynna að ef stjórnvöld taka ákvörðun um að leggja sæstreng til Bandaríkjanna séu þau reiðubúin að ganga til samninga við Íslendinga um að setja upp slík gagnaver.“ Með þessum fyrirtækjum kæmu tíu gagnaver sem gætu þurft allt að tíu megavött af orku hvert.

„Svona tengingu og svona fyrirtækjum fylgja margvísleg önnur tækifæri þannig að það er ljóst að við munum ræða þetta af fullri alvöru,“ segir Össur. Hann vill að gagnaverunum yrði dreift um landið. „Ég lít svo á að ef það væri hægt að ná þessu á næstu misserum þá séum við að sigla inn í nýja tegund af stóriðju á sviði hátækniþjónustu.“ - þeb / sjá síðu 8

Fór í sjálfboðastarf til Indlands:

# Hlúði að heilögum kúm

**FÓLK „Menningin í þessum tveimur löndum er gjörsamlega eins og svart og hvítt,“ segir Margrét Lena Kristensen, sem er nýkomin heim úr tveggja mánaða ferð til Indlands og Sviss á vegum Nínukots.**

**Fyrst starfaði hún á bóndabæ í Zug í Sviss í tæpar þrjár vikur, en svo var ferðinni heitið til Indlands þar sem Margrét Lena vann á dýraspítala við mjög fátæklegar aðstæður. Þar sem kýr eru heilagar á Indlandi má ekki hreyfa við þeim á götum úti, svo gjarnan þurfti að hlúa að kúm sem höfðu hlotið beinbrot eftir árekstur.** - ag / sjá síðu 26




**MÓTMÆLI** Íbúar í Vilníus í Litháen mótmæltu í gær hernaðaríhlutun Rússa í Suður-Ossetíu. NORDICPHOTOS/AFP

Reyna að stilla til friðar:

# Sendinefnd farin til Georgíu

**GEORGÍA, AP** Sendinefnd Evrópusambandsins, Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna fór í gærkvöldi af stað til Georgíu til að reyna að stilla til friðar í Suður-Ossetíu.

Stjórnarher Georgíu réðist inn í héraðið á föstudag, og hefur síðan barist við aðskilnaðarsinna í héraðinu, og rússneska herinn sem sendi herafla inn í héraðið.

Talið er að á þriðja þúsund hafi fallið í átökunum á síðustu sólarhringum. Þá segja rússnesk stjórnvöld að um þrjátíu þúsund íbúa Suður-Ossetíu hafi flúið átökin yfir landamærin til Rússlands. - bj / sjá síðu 6


Opið í dag 12-18

í öllum verslunum okkar





Office1 Superstore

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP Ein ferð betra verð

Útsala

Síðasti dagurinn





úllen dúllen doff!

Opið 13–18

Kringlan

## SPURNING DAGSINS



*Ármann, er Reykjavíkurborg búin að missa af vagninum?*

„Nei, en rekstur Strætó er alveg milljón.“

Borgarráð hefur til umfjöllunar hugmyndir um að fækka strætóferðum verulega. Þrjú hundruð milljónir vantar upp á til að endar nái saman hjá Strætó bs. Ármann Kr. Ólafsson er stjórnarformaður Strætó.

Aðgerðaáætlun frá árinu 1996 um vernd gegn snjóflóðum er komin vel á veg:

# Átta milljarða snjóflóðavarnir

**FRAMKVÆMDIR** Aðgerðaáætlun frá árinu 1996 um vernd gegn snjóflóðum er komin vel á veg, að sögn Magnúsar Jónssonar, formanns ofanflóðanefndar.

Í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri og Súðavík árið 1995 var unnin áætlun um smíði verndarmannvirkja til að hindra manntjón af völdum snjóflóða. Var ráðist í hættumat víða um land og mark sett á að ljúka mikilvægum framkvæmdum árið 2010. Hægt var á framkvæmdunum árin 2003 til 2004 til að draga úr þenslu í þjóðfélaginu, meðal annars sökum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Frestast verklok af þeim sökum líklega til 2013 eða 2014.

Áætlaður heildarkostnaður við verkið er fjórtán til átján milljarðar króna. Þegar hefur tæplega átta milljörðum verið varið í snjóflóðavarnir.

Sem stendur eru í gangi framkvæmdir við varnargarða í Siglufirði og Ólafsvík. Þá eru fyrirhugaðar framkvæmdir í Bíldudal, Bolungarvík, Ólafsfirði, Grænuhlíð og Neskaupstað. - gh



**VARNARGARÐAR VIÐ NESKAUPSTAÐ** Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða víða um land. MYND/ELMA GUÐMUNDSDÓTTIR

85 nemendur útskrifaðir:

## Fyrsta útskriftin frá Keili

**SKÓLAMÁL** Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, útskrifaði í gær sína fyrstu nemendur. Alls útskrifuðust 85 manns af Háskólabrú Keilis.

Námið sem um ræðir er eins árs undirbúningur fyrir háskólanám. Það er ætlað fólki yfir 25 ára aldri sem er ekki með stúdentspróf.

Á næsta ári munu 150 manns stunda þetta nám, en alls mun nemendafjöldinn vera um 400. Það er fjórföldun frá síðasta ári.

Á Keilissvæðinu munu í lok ágúst búa um 1.700 manns. Þar verður fljótlega opnaður grunnskóli og leikskóli númer tvö. - ges

Könnun í Frakklandi:

## Meðalvinnuvikan er 41 tími

**FRAKKLAND, AP** Barátta Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta fyrir afnámi „35 stunda vinnuvikunnar“ kann að vera byggð á misskilningi, ef marka má niðurstöður nýrrar könnunar.



**NICOLAS SARKOZY**

Franskir launþegar skiluðu að meðaltali 41 vinnustund á viku í fyrra samkvæmt samantekt frönsku hagstofunnar Insee.

Þar kemur fram að bændur eru sú starfsstétt í Frakklandi sem vinnur mest, að jafnaði 59 tíma á viku. Verslunarfólk kemur næst með 55 tíma, þá hvítflibbaskrifstofufólk með 44 tíma.

Í stjórnartíð sósíalista fyrir tíu árum voru sett lög um að vinnuvikan skyldi almennt ekki vera lengri en 35 tímar. - aa

Olísmót og Sumar á Selfossi:

## Gúmmelaði en þó hollusta

**HÁTÍÐAHÖLD Hálft fjórða þúsund Selfyssinga mætti í gær í morgunverðarboð sem fyrirtæki bæjarins buðu upp á vegna hátíðarinnar Sumar á Selfossi. „Það var mikið gúmmelaði á boðstólum en hollustan þó í fyrirrúmi,“ segir Tómas Þóroddsson, upplýsingafulltrúi Olísmótsins, sem haldið er samhliða Sumarhátíðinni.**

**Alls taka 450 strákar og 48 lið þátt í Olísmótinu sem er fótboltamót fyrir ellefu og tólf ára stráka. „Þetta er orðið eitt af stóru mótunum,“ segir Tómas.**

**„Plássið er iðandi af lífi og margt gert annað en að spila fótbolta. Þar á meðal var sundlaugarpartý með Ingó Idol og sléttusöngur.“** - ges

# Lægri laun í Vinnuskóla Reykjavíkur

**Laun krakka í vinnuskólum eru mun hærri á landsbyggðinni. Tímakaup fimmtán ára krakka er tæpum sextíu prósentum lægra í Reykjavík en á Ísafirði.**

**KJARAMÁL** Laun krakka í vinnuskólum eru hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Verkalýðsfélög víða um land hafa viðað að sér upplýsingum um launakjör vinnuskólakrakka.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir athyglisvert að þveröfugt virðist gilda hvað varðar laun unglinga en fullorðins fólks. „Vaninn er að launin séu hæst á höfuðborgarsvæðinu en nú ber svo við að Reykjavík greiðir lægstu launin fyrir vinnu í vinnuskóla.“

Á almennum markaði fá sextán ára unglingar níutíu prósent af lágmarkslaunum átján ára, fimmtán ára fá 75 prósent og fjórtán ára 65 prósent. Slík er raunin á Ísafirði og nálægt því í öðrum byggðum vestra, sem og í Fjarðabyggð.

„Maður skyldi ætla það í þessari þenslu að þeir hefðu meira milli handanna fyrir sunnan,“ segir Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar. „En við greiðum bara eftir töxtum.“ Sextán ára unglingar fá hæst tímakaup í Vesturbyggð og á Tálknafirði, 735 krónur.

Í könnun verkalýðsfélaganna er miðað við kjarasamning sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins, launaflokk 115 – fyrsta þrep, þar sem grunnlaun eru 126.857 og dagvinnulaun 780,17 krónur á klukkustund.

Í Reykjavík er staðan hins vegar sú að sextán ára krakkar fá 62,3 prósent, fimmtán ára 46,9 og fjórtán ára 41,6 prósent af þessum taxta Starfsgreinasambandsins. Nánast sama upphæð er greidd í Kópavogi og Hafnarfirði.



**VINNUSKÓLINN** Krakkar á landsbyggðinni fá mun hærri laun en í vinnuskólum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LAUN Í VINNUSKÓLUM** tímakaup í krónum

| Aldur | Vesturbyggð og Tálknafjörður | Ísafjörður | Reykjavík |
|---|---|---|---|
| 16 ára | 735 | 702 | 486 |
| 15 ára | 537 | 585 | 366 |
| 14 ára | 422 | 507 | 325 |

Meðaltalið í Reykjavík er 50,3 prósent taxtans, en 75 prósent á Ísafirði. Á einum vinnudegi fær fimmtán ára Ísfirðingur 1.315 krónum meira en reykvískur kollegi hans.

Magnús Arnar Sveinbjörnsson, staðgengill skólastjóra Vinnuskóla Reykjavíkur, segir að mikið tómstunda- og fræðslustarf fari fram samhliða starfi unglinganna þar. „Þá eru þetta um 2.700 unglingar sem vinna hér og því myndu allar hækkanir reynast afar dýrar,“ segir hann.

Helgi Ólafsson hjá Verkalýðsfélagi Vestfjarða segir launamuninn ef til vill mega útskýra með hefðinni. „Það kann að spila inn í að það eimi enn eftir af gömlu atvinnumenningunni hér frá því á árum áður þegar allir voru kallaðir til þegar einhverja vinnu þurfti að vinna.“ jse@frettabladid.is

Meira til menntamála:

## Aukið fé í þróunarsamvinnu

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ Þróunarsamvinnustofnun Íslands ráðstafaði rúmlega milljarði króna til tvíhliða þróunarsamvinnu á árinu 2007, sem er átján prósenta aukning frá árinu áður.**

**Þriðjungur fjárveitingarinnar fór til menntamála sem taka við af fiskimálum sem hingað til hafa verið stærsti málaflokkurinn. Nú eru þau sá næststærsti með fimmtung fjármagnsins.**

**„Stjórnvöld í hverju landi fyrir sig ráða því á hvaða sviði unnið er,“ segir Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri stofnunarinnar. „Þau óska fyrst og fremst eftir menntun.“** - ges

Handalögmál í miðbænum:

## Á slysadeild eftir hnífsstungu

**OFBELDI** Maður var fluttur á slysadeild með skurð á hendi síðdegis í gær eftir áflog. Fjórir menn voru handteknir í tengslum við málið.

Átökin brutust út eftir orðaskak tveggja piltahópa. Í æsingnum dró einn piltanna upp hníf og beitti honum með fyrrnefndum afleiðingum.

Áflogin áttu sér stað á mótum Barónsstígs og Hverfisgötu. Ekki er vitað um hvað deilur mannanna snerust. - ges

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Lögregla beitti piparúða**

Lögreglan á Sauðárkróki beitti piparúða á tvo menn í fyrrinótt. Að sögn lögreglu brást maður sem grunaður er um að hafa brotið rúðu illa við afskiptum laganna varða. Hann veittist ásamt bróður sínum að lögreglumönnum, sem beittu þá úðanum. Bræðurnir voru handteknir og vistaðir í fangageymslu. Á öðrum þeirra fundust fíkniefni.






Yfir þrjátíu þúsund gestir mættu á Fiskidaginn mikla á Dalvík um helgina:

# Tólf tonn af sjávarfangi í boði

**HÁTÍÐARHÖLD** „Það voru klárlega yfir þrjátíu þúsund gestir á Fiskideginum mikla í ár,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar sem haldin er árlega á Dalvík.

„Þetta var besti Fiskidagurinn frá upphafi,“ bætir Júlíus við og segir skipulagið hafa gengið framar vonum „þökk sé samstilltu átaki heimamanna.“

„Fiskurinn er auðvitað aðalatriðið á hátíðinni. Við buðum meðal annars upp á stærstu ferskfiskssýningu Evrópu og líklega stærstu saltfiskpitsu heimsins. Þetta voru 120 tommu pitsur, tuttugu talsins. Þetta hafa verið svona níu þúsund sneiðar. Þarna voru líka tuttugu matarstöðvar með tólf tonnum af mat sem bæjarbúar og ýmsir vinir fiskidagsins framreiddu.“

„Margt fleira var um að vera á hátíðinni,“ segir Júlíus. „Boðið var upp á siglingu um fjörðinn, listflug, götuleikhús, eldgleypa og svona gæti ég endalaust talið. Á stóra sviðinu tróðu svo 160 manns upp. Það var nýmæli hjá okkur að eingöngu heimamenn eða fólk með tengsl við staðinn tróðu upp. Þar get ég nefnt Friðrik Ómar, Matta Matt, Eyþór Inga, Rúnar Júl, Hvanndalsbræður og svo framvegis.“

Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, var heiðursgestur á hátíðinni og flutti ávarp. - ges



**HÁKARL** Hákarlinn vakti mikla lukku gesta þó svo að krakkarnir hafi verið hálf skelfdir á svip. MYND/HELGI STEINAR




# X og W -fyrir kröfuharða

X3500 og W3000 háskerpu LCD sjónvörpin bera af í myndgæðum.
Upplifðu Sony BRAVIA LCD sjónvörpin í Sony Center.



Sony X3500 BRAVIA LCD sjónvarp
Fást í 40, 46 og 52 tommum

Full HD 1080p upplausn • 100hz Motionflow
BRAVIA Engine Pro myndstýring • x.v.Colour
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

"besta sjónvarp sem við höfum prófað" - HDTVtest.co.uk



Sony W3000 BRAVIA LCD sjónvarp
Fást í 40 og 46 tommum

Full HD 1080p upplausn • x.v.Colour
BRAVIA Engine Ex myndstýring
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

"einungis X3500 toppar þetta" - HDTVtest.co.uk

www.sonycenter.is

Kringlan
103 Reykjavík

588-7669 (588-SONY)
info@sonycenter.is

**Sony Center**

**GENGIÐ 08.08.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 82,59 | 82,99 |
| Sterlingspund | 158,84 | 159,62 |
| Evra | 124,72 | 125,42 |
| Dönsk króna | 16,717 | 16,815 |
| Norsk króna | 15,602 | 15,694 |
| Sænsk króna | 13,283 | 13,361 |
| Japanskt jen | 0,7519 | 0,7563 |
| SDR | 131,47 | 132,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
162,0081

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsvarsmenn Norðuráls segja ákveðnar reglur gilda um starfsmenn sem slasast:

# Ræða ásakanir í næstu viku

**VINNUMARKAÐUR** Ákveðnar vinnureglur gilda slasist starfsmenn í vinnuslysum í álveri Norðuráls á Grundartanga, segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu segja forsvarsmenn verkalýðsfélagsins starfsmenn kallaða til vinnu hjá fyrirtækinu, þrátt fyrir að vera með vottorð um að þeir séu óvinnufærir eftir vinnuslys. Forsvarsmenn Norðuráls munu funda með trúnaðarmönnum og forsvarsmönnum Verkalýðsfélags Akraness í vikunni til að ræða ásakanirnar.

Ragnar segir ekki rétt að Norðurál sé að reyna að komast hjá því að skrá alvarleg slys sem slík með því að kalla slasaða starfsmenn aftur til vinnu. Ef óhappatilvik komi upp sé mikilvægt að skrá þau rétt til þess að hægt sé að stuðla að sem bestu öryggi starfsmanna. Engum sé greiði gerður með því að sópa slíkum tilvikum undir teppið.

Séu starfsmenn hins vegar færir um að vinna létt störf hafi þeim verið fundin verkefni. Oft vilji starfsmenn snúa aftur til starfa þó þeir geti ekki sinnt sínum reglubundnu störfum.

Ragnar segir að komi í ljós á fundinum vikunni að misbrestur sé á að stefnu fyrirtækisins sé fylgt verði bætt úr því. **- bj**



**VINNUSLYS** Þurfi starfsmenn að vera fjarverandi frá vinnu í kjölfar vinnuslyss telst það alvarlegra en ef þeir snúa aftur til vinnu strax eftir slysið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einingaverksmiðjan Borg:

# Friðmælist við Kópavogsbæ

**SVEITARSTJÓRNIR Forsvarsmenn Einingaverksmiðjunnar Borgar hafa átt sáttafundi með Gunnari I. Birgissyni bæjarstjóra vegna deilu um starfsemi fyrirtækisins í Kópavogi. Í framhaldinu hafa forsvarsmennirnir sent tillögur til að ná fram samvinnu um veru Borgar í bænum í ljósi þess að flytja eigi fyrirtækið í annað sveitarfélag innan fjögurra ára.**

**Meðal tillagna Borgar er að fá tímabundið starfsleyfi fyrir steypustöð, afnotarétt af uppfyllingu í eigu bæjarins og afnotarétt að vegi sem fyrirtækið muni leggja bundið slitlag á til að rykbinda. - gar**



**ÁSMUNDUR JÓHANNSSON** Segist hafa selt skip en ekki kvóta. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Ásmundur Jóhannsson:

# Seldi skipið, ekki kvótann

**SJÁVARÚTVEGUR „Ég seldi ekki kvótann heldur skipið. Kvótinn fylgdi því," segir Ásmundur Jóhannsson trillusjómaður, sem undanfarið hefur gert út frá Sandgerði án kvóta. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Ásmundur hefði hagnast um sextíu milljónir króna þegar hann seldi hlut sinn í útgerðarfélaginu Festi, þar með talinn kvótann. Þetta segir Ásmundur ekki alls kostar rétt.**

**„Tryggingarmat skipsins var 180 milljónir. Við skulduðum sextíu milljónir. Ég seldi svo minn part fyrir sextíu milljónir og fékk tvær til fjórar milljónir auka fyrir veiðarfæri og veiðarfærageymslu," segir Ásmundur. „Ég hefði getað selt öðrum og fengið 150 milljónir í minn hlut en vildi það ekki." - kh**

Ráðist á ferðamenn í Peking:

# Gestur stunginn til bana

**PEKING, AP** Bandarískur maður var stunginn til bana og eiginkona hans og kínverskur leiðsögumaður særð þegar kínverskur maður réðist á þau með hníf að vopni. Atvikið varð á þekktum ferðamannastað í Peking, höfuðborg Kína á laugardag.

Um er að ræða tengdaforeldra þjálfara blakliðs Bandaríkjanna á Ólympíuleikunum.

Árásarmaðurinn svipti sig lífi eftir árásina með því að stökkva fram af svölum í um fjórtíu metra hæð. Ofbeldisglæpir sem beinast gegn erlendum ríkisborgurum eru sjaldgæfir í Kína. **- bj**

# Foreldrar tregari að senda börn á stofnun

**Hávær umræða um uppeldisstofnanir á borð við Breiðavík hefur greinilega haft þau áhrif að foreldrar eru tregari að vista börn á stofnun. Ný aðferð gengur út á að foreldrar geti fengið leiðsögn allan sólarhringinn ef krísa kemur upp.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Hávær umræða um uppeldisstofnanir á borð við Breiðavík hefur haft greinileg áhrif á eftirspurn eftir dvöl fyrir börn á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu að sögn Braga Guðbrandssonar, forstjóra stofnunarinnar.

Tveimur meðferðarheimilum fyrir börn hefur verið lokað á þessu ári vegna fækkunar umsókna eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir helgi.



**BRAGI GUÐBRANDSSON**

„Opinber umræða síðustu missera um uppeldisstofnanir fortíðarinnar hefur greinilega haft þau áhrif að foreldrar eru tregari til að senda börnin frá sér," segir Bragi.

„Því miður hefur neikvæð umræða um þessi heimili smitast yfir á meðferðarstofnanir dagsins í dag sem þær eiga fátt sameiginlegt með og veita allt annars konar þjónustu."

Bragi nefnir einnig viðhorfsbreytingu sem orðið hafi á undanförnum árum um að rétt sé að ganga lengra en áður var gert í að veita stuðning og meðferð á vettvangi heimilisins.

„Við erum nýbúin að ráða starfsfólk til að sinna fjölþáttameðferð á heimavígstöðvum og felst í því að efla foreldra í að bregðast við óæskilegri hegðun barna sinna," segir Bragi en verkefnið hefst á höfuðborgarsvæðinu síðar á þessu ári, væntanlega í nóvember.

„Þessar aðferðir hafa verið að ryðja sér til rúms víðs vegar í Evrópu og vestanhafs á síðustu árum og hafa sýnt sig að skila fullt eins góðum árangri og meðferðardvöl á stofnun og í sumum tilfellum er árangurinn betri."

Bragi segir meðferðina felast í því að meðferðaraðili komi á heimili unglings og hjálpi foreldrum og unglingnum sjálfum að takast á við vandann í samvinnu við skóla og nánasta félagslega umhverfi. „Hægt er að nálgast meðferðaraðilann allan sólarhringinn, sjö daga vikunnar, til að veita leiðsögn ef krísa kemur upp," segir Bragi.

Bragi segir að meðferðarframboð hafi til þessa einskorðast við dvöl á meðferðarheimilum. „Nú erum við að kynna til sögunnar fleiri valkosti sem væntanlega gefa okkur færi á því að mæta fjölbreyttari þörfum en áður," segir Bragi. „Hins vegar er alveg ljóst að áfram verður hópur barna og unglinga sem þarf á meðferðardvöl á stofnunum að halda. Engin áform eru uppi um að loka öllum meðferðarstofnunum."

**helgat@frettabladid.is**



**GELDINGALÆKUR** Meðferðarheimili sem hýsti sex börn var lokað í vor vegna minni eftirspurnar eftir meðferðardvöl fyrir börn.



**MEÐFERÐARDVÖL** Færri foreldrar kjósa nú að senda börn sín í meðferð á stofnun eftir neikvæða umræðu um uppeldisheimili á borð við Breiðavík.



**JÁTAÐI** John Edwards hélt við kvikmyndatökukonu sem tók þátt í kosningabaráttu hans árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

John Edwards hélt framhjá:

# Sagði ósatt um framhjáhaldið

**WASHINGTON, AP** John Edwards, fyrrum öldungadeildarþingmaður í Bandaríkjunum, hefur viðurkennt að hafa haldið framhjá eiginkonu sinni árið 2006. Hann neitar að vera faðir barns konunnar sem hann hélt framhjá með.

Edwards, sem var ein af vonarstjörnum Demókrataflokksins, viðurkenndi að hafa sagt ósatt um framhjáhaldið í baráttunni um útnefningu demókrata til forsetaframbjóðanda.

Talið er að þetta muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir pólitískan feril Edwards. Hann þótti standa þétt að baki eiginkonu sinni í baráttu hennar við ólæknandi krabbamein. **- bj**

Hver stal verki Þórðar Hall?:

# Innbrot í bústað er enn óupplýst

**DÓMSMÁL Tveir menn hafa verið sýknaðir af ákæru um innbrot í tvo sumarbústaði í júlí 2004. Úr bústöðunum var meðal annars stolið rússneskri loðhúfu, fornri myndavél, tóbakshorni, verkfæratösku, veggteppum, grafíkmynd eftir Þórð Hall, heimilistækjum og spegli. Ekki þótti sannað að mennirnir hefðu verið að verki.**

**Mennirnir voru sakfelldir fyrir önnur brot. - sh**


**Þjóðhátíðarsjóður**

**auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna ársins 2009.**

Þjóðhátíðarsjóður minnir á að frestur til að senda umsóknir um styrki vegna ársins 2009 er til og með 31. ágúst n.k.

Nánari upplýsingar veitir ritari sjóðsins í síma 569 9622 eða netfanginu: thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is. Að öðru leyti er vísað í ítarlegri auglýsingu sem birtist í dagblöðunum 29. júní sl., og finna má einnig á vefslóðinni http://www.sedlabanki.is/?PageID=28.

**Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs**


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**LITLAR BREYTINGAR** Í öllum meginatriðum er svipað veðurlag á landinu og var í gær. Hægur af austri eða norðaustri með einhverjum rigningardropum austast. Ég á von á að hann geti orðið þokkalega bjartur við sunnan og vestanvert landið en spárnar eru þó ekki eindregnar í þá átt.




**Á MORGUN** 3-8 m/s.

**ÞRIÐJUDAGUR** Hæg, breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 20° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 24° |
| London | 19° |
| París | 25° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Berlín | 21° |
| Alicante | 29° |
| Mallorca | 33° |
| Basel | 24° |
| Eindhoven | 23° |
| Las Palmas | 26° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Office1 Superstore



SAMÞYKKT
Betri fyrir bakið

7.990





## Námsbækurnar og íþróttafötin í einni tösku

Skólataskan sem margir nemendur hafa heillast af: ein taska fyrir námsbækurnar, ein taska fyrir íþróttafötin eða ein taska fyrir bæði. Ólar og festingar eru á báðum töskunum, gerist varla þægilegra og er betri fyrir bakið.

Skólabæklingi Office1 verður dreift í næstu viku með Fréttablaðinu – úrvalið er í Office1



Allt fyrir skólann

Office1 Superstore

Skeifan 550-4110 , Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

## KJÖRKASSINN



*Styður þú mótmæli Ásmundar Jóhannssonar, kvótalausa sjómannsins frá Sandgerði?*

| | |
|---|---|
| Já | 72,7% |
| Nei | 27,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Først þú í miðbæ Reykjavíkur til að taka þátt í eða fylgjast með Gleðigöngunni?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Listamaður auglýsir eftir mannslíkum til notkunar í vídeóinnsetningu:

# Óskar eftir líkum í listaverk

**MENNING** „Ég geri mér grein fyrir að einhverjir mistúlki þetta og einhverjum eigi jafnvel eftir að ofbjóða en þannig er nú bara hugsanagangur fólks í dag,“ segir Snorri Ásbjörnsson myndlistarmaður, sem auglýsti í Fréttablaðinu í gær eftir mannslíkum til þágu listagyðjunnar.

Snorri gerir ráð fyrir að fá lík í vídeóinnsetningu sem hann ætlar sér að sýna á Listasafni Akureyrar í febrúar.

„Ég er búinn að vera að skoða lagahliðina á þessu og ég get ekki séð að ég sé að gera eitthvað ólöglegt. Ég kem ekki til með að gera neitt ósiðlegt við líkið,“ segir Snorri, sem vill ekkert frekar ræða verkið.

„Mér finnst þetta ákaflega varhugavert,“ segir Sverrir Einarsson útfararstjóri. Auðvitað geti fólk ráðstafað líkama sínum, eins og þegar fólk gefur líkama sinn til rannsókna eða kennslukrufninga. „En ég hugsa að það sé dálítið hæpið að menn geti farið að lána líkama sinn í einhvers konar myndatökur.“

Útfararstjórar sem Fréttablaðið hafi samband við sögðu að fyrr á tímum hefði það alls ekki verið óalgengt að ljósmyndir væru teknar af látnu fólki. Slíkt hafi verið síður á síðustu áratugum nítjándu aldar og fyrstu áratugum þeirrar tuttugustu. Með aukinni almennri ljósmyndun hefðu slíkir siðir hins vegar nánast lagst af. - ovd



**SNORRI ÁSMUNDSSON** Óskar eftir líkum fyrir vídeóinnsetningu. MYND ÚR SAFNI

Umdeild náðun á A-Tímor:

# Leiðtogi vígasveitar náðaður

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Jose Ramos-Horta, forseti Austur-Tímor, hefur verið gagnrýndur fyrir að náða leiðtoga alræmdrar vígasveitar í eyríkinu, sem herjaði á íbúa sem kröfðust sjálfstæðis frá Indónesíu.

Hann réttlætir náðunina með því að ekki hafi verið sanngjarnt að halda honum í fangelsi meðan Indónesar, sem hafi stýrt verkum hans, verði aldrei sóttir til saka: „Á ég að halda áfram í fangelsi austur-tímorskum manni sem starfaði undir stjórn annarra sem fara ekki í fangelsi?“

Sjálfur er Ramos-Horta að ná sér eftir morðtilræði uppreisnarmanns. - gb



**BARÁTTUMÁLIÐ** Peterson er lengst til hægri á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískur bréfberi:

# Vill klæðast pilsi í vinnunni

**BANDARÍKIN, AP Dean Peterson, hár og þrekinn bréfberi í Seattle í Bandaríkjunum, berst nú fyrir því að fá að klæðast pilsi í vinnunni.**

**Yfirmenn hans hafa harðneitað, og segja pils engan veginn geta verið hluta af einkennisbúningi karlkyns bréfbera, þótt kvenkyns bréfberar megi vera í pilsi og þótt karlarnir megi reyndar klæðast stuttbuxum.**

**Peterson er tæplega fimmtugur, kominn af Norðmönnum og Finnum, en á engar rætur til Skotlands. Hann fékk skotapils að gjöf frá eiginkonu sinni fyrir nokkrum árum, og klæðist því nú við flest tækifæri. - gb**

Fimm handteknir á Ítalíu:

# Grunaðir um tengsl við hryðjuverk

**ÍTALÍA, AP** Lögreglan í Bologna á Ítalíu handtók í gær fimm menn af norðurafrískum uppruna í gær. Mennirnir eru grunaðir um að hafa fengið öfgasinnaða íslamista til að ganga til liðs við hryðjuverkasamtök sem fremja hryðjuverk í Írak og Afganistan.

Yfirvöld á Ítalíu grunar einnig að mennirnir hafi sent tugi þúsunda evra til öfgasinnaðra hópa í Bosníu sem reka þjálfunarbúðir og útvega hryðjuverkamönnum útbúnað til árása.

Lögregla hafði haft mennina til rannsóknar í um þrjú ár. Sjötta mannsins var leitað í gær. - bj

## NEYTENDAMÁL

### Áskrift Stöðvar 2 hækkar

Verðskrá Stöðvar 2 hækkar um 7,16 prósent hinn 5. september. Mánaðaráskrift að Stöð 2 kostar þá 5.990 krónur en Vildarverð verður frá 4.193 til 5.961 krónur á mánuði. Stöð 2 sport hækkar um 8,7prósent, Stöð 2 Sport 2 um 9,1 prósent og angegasti Fjölvarpspakkinn um 6,4 prósent. Vildarkjör áskrifenda breytast ekki, en þar er afsláttur á bilinu 5-30 prósent.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þrír bílar brunnu

Talsverðar skemmdir urðu á þremur bílum eftir að eldur kviknaði í einum þeirra á bílastæði í Álftamýri í fyrrinótt. Talið er að eldurinn hafi kviknað í rafmagni bílsins, þrátt fyrir að hann hafi ekki verið í gangi. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.

# Rússar segja mörg þúsund hafa fallið í átökum í Suður-Ossetíu

**Talið er að á þriðja þúsund hafi fallið í bardögum í Suður-Ossetíu síðustu daga. Flóttamenn segja mannfall mikið og að höfuðborg héraðsins sé í rúst. Georgíumenn kalla eftir vopnahléi og aðstoð alþjóðasamfélagsins.**

**GEORGÍA, AP** Rússneska fréttastofan Interfax segir að á þriðja þúsund hafi fallið í bardögum sem geisað hafa frá því á föstudag í Suður-Ossetíu. Rússneskir skriðdrekar og fótgönguliðið hefur streymt yfir landamærin og rússneskar orrustuþotur hafa gert árásir á bæi utan átakasvæðisins.

Suður-Ossetía hefur í reynd verið sjálfstætt hérað síðan 1992, en tilheyrði áður Georgíu. Her Georgíu réðist gegn aðskilnaðarsinnum í héraðinu á föstudag. Rússnesk stjórnvöld fordæmdu árásina, og hafa barist um höfuðborg héraðsins við Georgíumenn.

Stjórnvöld í Georgíu segja tölur um mikið mannfall rangar. Í kringum 100 hafi fallið. Ekki hefur verið unnt að staðfesta tölur um fallna í átökunum.

Fólk sem flúið hefur átökin segir að hundruð séu látin í það minnsta. Stærstur hluti höfuðborgar Suður-Ossetíu er sagður í rúst, og lík liggja þar eins og hráviði.

Átökin breiddust út í gær þegar aðskilnaðarsinnar í Abkasíu gerðu stórskotaliðsárásir á hersveitir Georgíumanna. Abkasía er, eins og Suður-Ossetía, hérað sem formlega tilheyrir Georgíu, en hefur stjórnað sér sjálft frá árinu 1992.

Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, kallaði í gær eftir vopnahléi, og skipaði georgískum hersveitum að draga sig út úr Tskhinvali, höfuðborg Suður-Ossetíu. Þá gaf hann hernum skipun um að svara ekki árásum rússneska heraflans. Þing Georgíu lýsti í gær yfir stríðsástandi í landinu.

Dmitrí Medvedev, forseti Rússlands, sagði George W. Bush Bandaríkjaforseta fyrr um daginn að vopnahlé kæmi ekki til greina fyrr en herafli Georgíu yrði dreginn til baka út úr Suður-Ossetíu. Hann sagði Rússum bera skylda til að vernda rússneska borgara í héraðinu.

Rússneskar þotur gerðu í gær loftárásir á bæi í Georgíu. Fréttamaður AP segir að eftir árásir á bæinn Gori í miðri Georgíu hafi íbúðablokkir staðið í ljósum logum, og tugir óbreyttra borgara hafi legið í valnum, þar á meðal börn og gamalmenni.

Rússnesk stjórnvöld segja fimmtán rússneska friðargæsluliða hafa fallið í átökunum, og um 150 hafa særst. Þau staðfesta að tvær rússneskar orrustuþotur hafi verið skotnar niður, en stjórnvöld í Georgíu segjast hafa skotið niður tíu orrustuþotur.

Í yfirlýsingu frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna kemur fram að stofnunin óttist að fjöldi óbreyttra borgara muni flýja átökin. Stofnunin telur, byggt á upplýsingum frá georgískum stjórnvöldum, að um 2.400 hafi þegar flúið til Georgíu vegna átakanna í Suður-Ossetíu. Rússnesk stjórnvöld segja að um það bil 30.000 hafi flúið til Rússlands.

Sérfræðingar óttast að stríðsátök undanfarinna daga geti komið af stað allsherjarstríði milli Rússlands og Georgíu. Stjórnvöld í Georgíu hafa lýst yfir miklum áhuga á að ganga í Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið. Það hefur fallið í afar grýttan jarðveg hjá rússneskum stjórnvöldum. brjann@frettabladid.is



**HÖRMUNGAR** Eldri kona liggur slösuð utan við íbúðarbyggingu í bænum Gori í Georgíu í gær eftir að rússneskar herþotur gerðu loftárásir á bæinn. Nágrannar konunnar komu henni til hjálpar, en tugir féllu í loftárásunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sendinefndir vesturveldanna reyna að stilla til friðar:

# Vilja vopnahlé milli stríðandi fylkinga

**GEORGÍA, AP** Sendinefnd frá Evrópusambandinu, Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum hélt í gærkvöldi til Georgíu til að reyna að stilla til friðar. Evrópusambandið og Bandarísk stjórnvöld kölluðu í gær eftir tafarlausu vopnahléi.

„Ég hef miklar áhyggjur af ástandinu í Georgíu,“ sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti í yfirlýsingu í gær. Hann er staddur í Peking í Kína vegna Ólympíuleikanna. Hann sagði árásir Rússa utan átakasvæðisins sýna að átökin væru að magnast.

„Við höfum kallað eftir því að ofbeldi á svæðinu verði stöðvað án tafar,“ sagði Bush og kallaði eftir því að rússneskar sprengjuflugvélar hættu tafarlaust árásum.

Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, lagði í gær til að stríðandi fylkingar samþykktu þegar í stað vopnahlé í þremur þrepum. Hann lagði til að rússneskir og georgískir hermenn yrðu dregnir til baka svo staðan yrði eins og hún var áður en stjórnvöld í Georgíu réðust gegn aðskilnaðarsinnum í Suður-Ossetíu á föstudag.

Stjórnvöld í Georgíu biðluðu í gær til Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins um herflutninga Rússa til Suður-Ossetíu og árása á hermenn og óbreytta borgara.

Stjórnvöld í Rússlandi sökuðu Georgíumenn um að stuðla að þjóðarmorði í Suður-Ossetíu. Stjórnvöld í Georgíu sökuðu á móti Rússa um þjóðarmorð í héraðinu. - bj



**BIÐLAÐI** Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, biðlaði í gær til Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins að hjálpa til að stilla til friðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






STOFAN

*Vinnustaðagreining framkvæmd af Capacent fyrir ÍTR

# ÞAR SEM ALLTAF ER GAMAN

## FRÍSTUNDAHEIMILI ÍTR ÓSKA EFTIR FÓLKI TIL STARFA

**ÍTR starfrækir frístundaheimili við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar. Þar er boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur.**

### HELSTU VERKEFNI

- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn
- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

### KRÖFUR Í STARFI

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

**Í BOÐI ERU HLUTASTÖRF MEÐ SVEIGJANLEGUM VINNUTÍMA EFTIR HÁDEGI.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störfin í síma 411 11 11.

**HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á WWW.ITR.IS**

## FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR ÍTR

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN FROSTASKJÓL
Undraland við Grandaskóla
Selið við Melaskóla
Skýjaborgir við Vesturbæjarskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN TÓNABÆR
Álftabær við Álftamýrarskóla
Sólbúar við Breiðagerðisskóla
Neðstaland við Fossvogsskóla
Krakkakot við Hvassaleitisskóla
Glaðheimar við Langholtsskóla
Tröllheimar (útibú í Þróttheimum)
Laugarsel við Laugarnesskóla
Vogasel við Vogaskóla
Vesturhlíð við Öskjuhlíðarskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG
Bakkasel við Breiðholtsskóla
Plútó við Fellaskóla
Álfheimar við Hólabrekkuskóla
Denni Dæmalausi við Seljaskóla
Frissi Fríski við Ölduselsskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KAMPUR
Draumaland við Austurbæjarskóla
Frístund við Háteigsskóla
Hlíðaskjól við Hlíðaskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN ÁRSEL
Töfrasel við Árbæjarskóla
Skólasel við Ártúnsskóla
Víðisel við Selásskóla
Stjörnuland við Ingunnarskóla
Fjósið við Sæmundarskóla
Klapparholt við Norðlingaskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN GUFUNESBÆR
Hvergiland við Borgaskóla
Brosbær við Engjaskóla
Regnbogaland við Foldaskóla
Simbað við Hamraskóla
Kastali við Húsaskóla
Kátakot við Klébergsskóla
Ævintýraland við Korpuskóla
Tígrisbær við Rimaskóla
Vík við Víkurskóla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Heimsbyggðin bíður endaloka Bush-tímabilsins.

# Miklar væntingar, vonbrigði fyrirséð

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Hálfur mánuður er nú þar til flokksþing Demókrataflokksins hefst vestur í Denver í Colorado. Fáeinum dögum síðar halda repúblikanar sitt þing í St. Paul í Minnesota. Með flokksþingunum hefst formlegur endasprettur kosningabaráttunnar fyrir bandarísku forseta- og þingkosningarnar í nóvember.

Í nýlegri ferð forsetaframbjóðanda demókrata, Baracks Obama, um Mið-Austurlönd og Evrópu kom glögglega í ljós hve gríðarlegar væntingar heimsbyggðin bindur við forsetaskipti í voldugasta ríki heims. Í Berlín fylltu 200.000 manns breiðstrætin í kring um torgið þar sem frambjóðandinn hélt tölu. Það lá við að það gilti einu hvað hann segði, aðsóknin endurspeglaði þær miklu væntingar sem Þjóðverjar binda við manninn sem þeir vona að verði arftaki George W. Bush í Hvíta húsinu. Reyndar sýna kannanir að ef Þjóðverjar hefðu atkvæðisrétt fengi Obama þrjú af hverjum fjórum atkvæðum þeirra. Meðal Frakka yrði þetta hlutfall enn hærra. Þetta staðfestir mikinn áhuga Evrópumanna (og reyndar fólks út um allan heim) á forsetakosningunum vestanhafs og þær miklu væntingar sem fólk utan Bandaríkjanna bindur við stjórnarskipti þar.

Ljóst er að þessar væntingar eru svo miklar að útilokað er að þær verði uppfylltar. Vonbrigði eru fyrirséð.

Þessar væntingar endurspegla reyndar annað: að Evrópumenn vilja geta kunnað vel við Bandaríkin, en flestir hafa þeir átt afskaplega erfitt með það svo lengi sem Bush yngri sat á forsetastóli. Væntingarnar sem þeir gera til forsetaskipta endurspegla því von þeirra um að þau muni verða til þess að þeir, Evrópumennirnir, geti aftur farið að kunna vel við Bandaríkin.

Hafa ber í huga að Obama fór í þessa ferð ekki til að ganga í augun á þeim þjóðum sem hann heimsótti, heldur til þess að reyna að styrkja ímynd sína heima fyrir sem stjórnmálamanns sem kunni að fóta sig í alþjóðamálum, en reynsluleysi á því sviði er eitt af því sem mótframbjóðandi hans, reynsluboltinn John McCain, hefur notað gegn honum í kosningabaráttunni.

Af því að dæma sem Obama sagði í þessari utanlandsför sinni – þar sem fjölmiðlar fylgdu honum eftir hvert fótmál – mun Bandaríkjastjórn undir hans forystu stíga varlegar til jarðar í að beita valdi sínu út á við, en engra kollsteypubreytinga á bandarískri utanríkisstefnu mun samt verða að vænta. Til dæmis mun „baráttan gegn hryðjuverkum“ halda áfram, sem og krafan um að bandamenn Bandaríkjanna leggi þeim lið í þeirri baráttu.

Að vísu mun Bandaríkjastjórn undir forystu Obamas og demókrata vafalaust sýna sterkari viðleitni til samráðs við bandamenn, og hún mun eflaust gera sér far um að varpa af stjórninni þeirri ímynd „einfara“ í alþjóðamálum sem Bush-stjórnin hafði skapað sér, það er að stjórn reynir í krafti aflsmunar að hafa sitt fram í heiminum, hvað sem öðrum þjóðum kann um það að þykja. Slík stefna einkenndi stefnu Bush-stjórnarinnar sérstaklega fyrstu árin eftir hryðjuverkaárásirnar 2001, en á síðustu misserum hefur hún reynt að snúa á braut samráðs og fjölþjóðasamvinnu við lausn hinna ýmsu vandamála á alþjóðasviðinu, eftir að reynslan kenndi henni að slíkar aðferðir skiluðu betri árangri.

Hvort hinum hálf-afríska, greinda og mælska Obama muni sem forseta – nái hann kjöri – reynast unnt að uppfylla væntingar umheimsins um viðkunnanlegri Bandaríki sem fara betur með hið mikla vald sitt verður reynslan að sýna. En þeir sem gera sér væntingar um alger umskipti eftir endalok Bush-tímabilsins ættu að vera undir vonbrigði búnir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðherraskipti

Andrés Jónsson, fyrrverandi formaður Ungra jafnaðarmanna, er oft með puttann á púlsinum. Á heimasíðu sinni á föstudaginn fjallar hann um hugsanlegar hrókeringar á ráðherrum í ríkisstjórninni. Nefnir hann sem dæmi að á sama tíma og rætt sé um að Árna Mathiesen fjármálaráðherra verði skipt út fyrir Bjarna Benediktsson rumski Árni og ráðist meðal annars að N1-olíufélaginu fyrir meint okur á bensíni. Andrés spyr hvort það sé nokkur tilviljun þar sem Bjarni sé jú stjórnarformaður þess ágæta olíufélags.



### Notalegir stólar

En Andrés hefur líka heyrt af togstreitu milli ráðherra Samfylkingar sem óttast að missa stólana sína á miðju kjörtímabili. Segir hann suma ráðherranna hafa skotið illa dulbúnum skotum á samráðherra sína. Minnist Andrés þess þegar Siv Friðleifsdóttur var skipt út úr ríkisstjórn og segir þá framsóknarmenn sem muna aðdragandann að þeim skiptum hafa tjáð sér að nú eigi samskipti milli ráðherra bara eftir að versna.

### Langa töngin

Hugsanlega greina einhverjir ráðherrarnir að þeirra stólar séu valtari en annarra. Gárungarnir gera nú því skóna að úrskurður Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra, þess efnis að allar framkvæmdir vegna álvers á Bakka skuli í sameiginlegt umhverfismat, sé í raun langatöng Þórunnar í átt til, bráðum fyrrverandi, samráðherra sinna. Aðrir segja að Þórunn sé með þessu að tryggja stöðu sína því forystu flokksins, sem annt er um Fögru Íslands umhverfisatkvæðin, láti sér ekki detta í hug að skipta út umhverfisráðherranum sem sett hefur umhverfismál á oddinn.



olav@frettabladid.is

# Stórhuga áform um orkufreka hátækni



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**Í DAG** | Iðnaður

Á tímum efnahagslægðar með erfiða aðlögun fram undan þurfa Íslendingar að vera vel meðvitaðir um þá sterku stöðu sem landið hefur í krafti ríkulegra auðlinda. Erfiðleikum verður best mætt með því að ráðast óhikað í að nýta þau einstöku tækifæri sem sérstaða landsins býður upp á. Á vegum ríkisstjórnar og atvinnulífs eru nú í undirbúningi margháttaðar aðgerðir sem miða að því að auka verðmætasköpun og fjölga hálaunastörfum á næstu árum. Engin önnur ríkisstjórn hefur unnið með jafnskipulögðum hætti að því að fá hingað til lands fjölbreytt fyrirtæki á sviði orkufrekrar hátækni. Grettistaki er verið að lyfta í bótum á umhverfi sprotafyrirtækja með tvöföldun fjármagns Tækniþróunarsjóðs og stofnun fjárfestingasjóðsins Frumtaks, auk annarra aðgerða. Samhliða er unnið að róttækum skipulagsbótum í umhverfi ferðaþjónustunnar og að því að tryggja aukið fjármagn til markaðssóknar á næstu árum. Ríkisstjórnin hefur sérstaklega greitt götu stóriðju á Bakka með samstarfsyfirlýsingu, og gegnum orkuöflun á vegum Landsvirkjunar. Til lengri framtíðar er ríkisstjórnin í samstarfi við atvinnulífið um að undirbúa gagnger orkuskipti í samgöngum, sem leysa Ísland af klafa innflutts eldsneytis, bæði með rafmagni og framleiðslu á innlendu eldsneyti. Hugsanlega er þar framtíðarvísir að stóriðnaði á landsbyggðinni sem byggist að töluverðu leyti á hefðbundnum landbúnaði.

### Grænar kísilflögur

Ríkisstjórninni hefur tekist með markvissri markaðssókn að vekja eftirtekt á kostum Íslands meðal fyrirtækja sem, eins og við, sérhæfa sig í framleiðslu á endurnýjanlegri orku. Ört vaxandi sólarorkuiðnaður heimsins byggist á kísilflögum, sem skortur er á í heiminum í dag. Mörg fyrirtæki undirbúa því víða miklar fjárfestingar í þessari grein. Framleiðsla þeirra krefst mikillar orku, og hin framsýnustu hafa fallist á þær röksemdir Íslendinga, að fyrirtæki sem framleiða búnað til að vinna græna sólarorku ná samkeppnisforskoti ef þau geta sýnt fram á að búnaður þeirra er líka unninn með grænni orku úr vatnsafli eða jarðhita.

Þrjú fyrirtæki eiga nú í viðræðum við Íslendinga um möguleika á því að hefja hér framleiðslu á mismunandi stigum á kísilflögum til vinnslu á sólarorku. Þau þurfa mikla orku, hundruð manna, og greiða há laun. Reynslan sýnir að í kringum þau verður til flóra smárra sérhæfðra þjónustufyrirtækja. Íslendingar eiga hins vegar í harðri samkeppni um fyrirtæki af þessum toga, og enn er ekkert gefið um niðurstöðu. Erfiðar aðstæður í fjármálum heimsins kunna að setja tímabundið strik í reikninginn.

### Gagnaver og sæstrengir

Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að leggja nýjan fjarskiptastreng til Evrópu hefur á vegum iðnaðarráðuneytisins og Útflutningsráðs átt sér stað markviss kynning á kostum Íslands til að hýsa gagnaver af ýmsum gerðum. Svalt veðurfar, menntaður mannafli, lífsgæði í formi öryggis – og síðast en ekki síst, græn orka, gera Ísland að ákjósanlegum stað fyrir gagnaverin. Nýr strengur var algjör forsenda þeirrar söluherferðar. Árangurinn lofar mjög góðu. Eitt gagnaver er í þróun, og búið að taka ákvörðun um tugmilljarða fjárfestingar, sem skapa fjölmörg störf fyrir iðnaðarmenn og hátæknisérfræðinga. Viljayfirlýsing hefur verið undirrituð um annað gagnaver, og mörg stórfyrirtæki hafa lýst áhuga á að reisa hér gagnaver í framtíðinni, sum fleiri en eitt.

Af hálfu sumra þeirra hefur komið fram eindreginn vilji til að þriðji sæstrengurinn verði lagður, til Bandaríkjanna. Sjálfur tel ég brýnt að skoða það út í hörgul. Ísland yrði þá mitt á milli heimsálfanna, og gæti beint þjónustu sinni til beggja. Eitt fyrirtækjanna hefur til dæmis lýst yfir í viðræðum við iðnaðarráðuneytið að yrði af þriðja strengnum væri það reiðubúið til að reisa hér að minnsta kosti tíu gagnaver sem hvert um sig þarfnast 10 MW. Á næstu misserum þarf því að skoða til hlítar hvort, og hvenær, sé rétt að ráðast í þá framkvæmd. Bygging gagnavera og þriðji sæstrengurinn er vitaskuld langtímaverkefni, en viðtökurnar við herferð stjórnvalda lofa góðu. Ef orka verður til reiðu gætu gagnaver af ýmsu tagi orðið að nýrri og mikilvægri stóriðju á sviði mengunarlausrar hátækni.

### Aflþynnur og koltrefjar

Á Akureyri er þegar hafin bygging 70-90 manna verksmiðju í eigu ítalska fyrirtækisins Becromal og Strokks ehf. sem mun framleiða aflþynnur úr áli, sem notaðar verða í rafþétta. Landsnet hefur þegar hafið styrkingu flutningskerfis rafmagns frá Blöndu svo unnt sé að tryggja verksmiðjunni þau 75 MW sem hún þarf á að halda. Miðað við vöxt rafeindaiðnaðarins og áform fyrirtækisins er líklegt að á næstu árum verði afköst aflþynnuverksmiðjunnar tvöfölduð.

Á Sauðárkróki er starf undirbúningsfélags að stofnun koltrefjaverksmiðju á undan áætlun. Koltrefjar eru geysisterkar og léttar kolefnistrefjar sem í framtíðinni verða meðal annars notaðar í bíla og flugvélar. Framleiðslan þarfnast talsverðrar orku, og á Króknum er til staðar sérþekking á steinullarframleiðslu með trefjum úr blágrýti. Ríkið á aðild að félaginu í gegnum Nýsköpunarmiðstöðina. Örfá fyrirtæki starfa að framleiðslu koltrefja í heiminum, og allar spár eru um tíföldun framleiðslu á næsta áratug. Hér gæti því verið um mikilvægt tækifæri að ræða til lengri framtíðar, þótt ekki sé landsýn í málinu – ennþá.

Íslendingar eiga í harðri samkeppni við önnur lönd varðandi koltrefjar, kísilframleiðslu og ýmsa aðra framleiðslu. Við verðum að geta boðið sömu fjárfestingakjör og þau. Það er sérstaklega erfitt að vekja áhuga erlendra fjárfesta á tækifærum utan suðvesturhornsins. Í iðnaðarráðuneytinu er því verið að leggja lokahönd á greinargerð um hvers konar ívilnanir vegna fjárfestinga við getum, og þurfum, að bjóða til að standast samkeppnina. Í framhaldinu mun ráðuneytið kynna ríkisstjórn tillögur í því efni.

### Uppbygging raforkukerfisins

Trygg afhending á orku er forsenda þess að hægt sé að byggja upp orkufreka hátækni. Flöskuhálsar í flutningskerfinu koma í veg fyrir hámarksnýtingu á fjárfestingu í virkjunum sem þegar eru til staðar, og afhendingaröryggi er sums staðar ekki nægilegt. Fyrir liggur skýr vilji iðnaðarráðuneytisins um að byggja upp flutningskerfið á Vestfjörðum, og þar þarf að auka orkuframleiðslu. Nú þegar er unnið að því að styrkja flutning raforku frá Blöndu í Eyjafjörð, og vilji ríkisstjórnarinnar stendur til þess að spenna upp og bæta flutningslínur milli Húsavíkur og Kárahnjúka. Sömuleiðis eru áform um að ráðast í nýtt flutningskerfi til Þorlákshafnar til undirbúnings orkufrekum hátækniiðnaði þar. Miklar fjárfestingar eru því fram undan í endurbótum á flutningskerfi raforku. Jafnframt eru nú djúpboranir að fara að af stað, sem gætu gjörbylt orkuframleiðslu hér á landi á næstu áratugum.

Ríkisstjórnin vinnur því af krafti í samstarfi við atvinnulífið að því að skjóta nýjum og fjölbreyttari stoðum undir atvinnulíf Íslendinga. Hin græna orka Íslendinga er að verða miklu eftirsóttari en áður. Möguleikarnir eru miklir, og á þau mið verða Íslendingar að róa af framsýni og bjartsýni. Efalítið munu þrengingar á fjármagnsmörkuðum heimsins hafa áhrif á hversu hratt og vel gengur. Það fiskar hins vegar enginn nema hann rói. Í iðnaðarráðuneytinu róa menn á bæði borð.

# Viltu efla starfsframa þinn?

## Tölvuskólinn iSoft-Þekking opnar þér nýja starfsmöguleika

## Viðskiptagreinar

### » Tölvu og skrifstofunám
Sérlega hagnýtt nám í takt við þarfir atvinnulífsins, nám sem hentar fólki á öllum aldri hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn eða vill styrkja stöðu sína á vinnumarkaði enn frekar með aukinni menntun. Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur og við bókhald. Sjá nánari lýsingu á www.tsk.is.
**Lengd: 260 stundir. Verð kr. 199.000,-**

### » Bókhald I
Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu.
**Lengd: 110 stundir. Verð kr. 94.000,-**

### » Bókhald II
Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi.
**Lengd: 32 stundir. Verð kr. 36.000**

### » Tollskýrslugerð
**Lengd: 21 stund. Verð kr. 28.000,-**

### » Navision fjárhagsbókhald
**Lengd: 42 stundir. Verð kr. 49.000,-**

## Almennt tölvunám

### » Byrjendanámskeið
**Lengd. 42 stundir. Verð kr. 32.900,-**

### » Almennt tölvunám
Windows, Word, Excel, Outlook og Internet.
**Lengd: 63 stundir. Verð kr. 39.900,-**

### » ECDL tölvunám
Tölvunám með alþjóðlegum prófum.
**Lengd: 84 stundir. Verð kr. 65.000,-**

## Vefur • Grafík • Myndvinnsla

### » Grafísk hönnun
Photoshop – Illustrator – InDesign.
**Lengd: 105 stundir. Verð kr. 116.000,-**

### » Vefsíðugerð – grunnur
Photoshop og Dreamweaver.
**Lengd: 47 stundir. Verð kr. 49.000,-**

### » Vefsíðugerð – framhald
Dreamweaver frh – HTML – Javascript.
**Lengd: 31 stund. Verð kr, 32.000,-**

## Microsoft sérfræðinám

### » Kerfisstjórn Windows Server 2008
Þessi námsbraut er arftaki gömlu MCSA gráðunnar. Þeir sem útskrifast af þessari braut eru vottaðir „Microsoft Certified IT Professional" – MCITP.

- Windows Server 2008 Active Directory (70-640)
- Windows Server Infrastructure Services (70-642)
- Exchange Server 2007 (70-236)
- Windows Server 2008 Server Administrator (70-646)

### » MCTS Web Development .NET 3.5
Námskeið ætlað forriturum sem vilja kynnast því nýjasta sem Microsoft býður uppá í þróunarumhverfi sínu og ná sér í þessar eftirsóttu gráður.

- Microsoft .NET Framework Application Development Foundation
- Microsoft .NET Framework 3.5, ASP.NET Application Development

### » MCTS SQL Server 2008
Í dag eru hjörtun í tölvukerfum gagnagrunnar og er starfsfólk með gagnagrunnsmenntun eitt það eftirsóttasta. Sett verður upp námsbraut í SQL Server 2008 í samvinnu við Miracle þar sem farið verður í helstu atriði sem koma að uppsetningu, rekstri og viðhaldi á nýjustu útgáfu gagnagrunnsins frá Microsoft.

### » Kerfisfræðingur – iSoft
- A+ CompTIA
- Network+
- Windows Vista Configuration

### » Cisco Certified Network Associate–CCNA
Áhugavert og krefjandi nám fyrir Microsoft tæknimenn og þá sem sjá um rekstur netkerfa í CISCO umhverfi.



Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík
www.isoft.is • Sími 511-3080

# Heimspekin verður að bíða

Undanfarinn áratug hefur **Hjörleifur Finnsson** starfað sem leiðsögumaður á Íslandi á sumrin en heimspekingur í Berlín á veturna. Nú söðlar hann um og gerist þjóðgarðsvörður í Ásbyrgi í hinum nýstofnaða Vatnajökulsþjóðgarði. *Þórgunnur Oddsdóttir* hitti Hjörleif áður en hann hélt norður.



**HJÖRLEIFUR FINNSSON** Meðal verkefna þjóðgarðsvarðar á hverjum stað er að sjá um daglegan rekstur garðsins og hafa umsjón með aðstöðu fyrir ferðamenn. „Svo þarf að sinna fræðsluhlutverkinu, sem er ekki síður mikilvægt en verndarhlutverkið," segir Hjörleifur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég er mjög spenntur og efast ekki um að þetta eigi eftir að verða mikið ævintýri," segir Hjörleifur, sem pakkar nú saman föggum sínum og undirbýr flutning úr borginni norður í Ásbyrgi. Hann kvíðir ekki flutningunum enda vanur að vera á faraldsfæti. Hefur undanfarin ár svo til búið í ferðatösku, starfað sem leiðsögumaður með Íslenskum fjallaleiðsögumönnum á sumrin en haft vetursetu í Berlín og stundað þar heimspeki. Nú sér hann fram á að geta í fyrsta skipti búið sér framtíðarheimili og það í Ásbyrgi.

„Ég vona það. Þetta er alla vega framtíðarstarf og það þarf mikið að koma mér á óvart til að ég gefist upp," segir hann.

### Heimspekin og náttúran heilla

Heimspekin og fjallamennskan hafa alltaf verið helstu áhugamál Hjörleifs. Og meira en það því hann hefur verið svo heppinn að fá að vinna við hvort tveggja. Eftir B.A.-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands hélt hann til Berlínar í framhaldsnám og á svipuðum tíma stofnaði hann ásamt fleirum fyrirtækið Íslenska fjallaleiðsögumenn.

„Við vorum fjórir leiðsögumenn sem vildum bjóða upp á eitthvað nýtt í ferðamennsku og stofnuðum fyrirtækið. Ég myndi segja að þetta væri dæmigert frumkvöðlafyrirtæki með öllum þeim kostum og göllum sem því fylgja. Við byrjuðum fjórir en núna vinna 20 manns bara á skrifstofunni og leiðsögumennirnir eru fleiri en ég kann að telja," segir Hjörleifur sem þarf nú að segja skilið við fyrirtækið vegna nýja starfsins. Hvernig kom það til?

„Það er ekki oft sem ég sit í rólegheitum á sunnudagsmorgni og næ að lesa blöðin í næði en einn sunnudagsmorguninn í lok maí sá ég auglýsingu í Morgunblaðinu þar sem þessi staða var auglýst. Ég las hana upphátt fyrir kærustuna mína og ætlaði svo ekkert að hugsa meira um það þangað til hún fór að minna mig á það síðar. Það endaði svo með því að ég sótti um," segir hann.

### Tilbúinn í frystikistulífið

Nýja starfið leggst vel í Hjörleif. „Þetta er ákaflega spennandi starf og hefði verið það jafnvel þótt Vatnajökulsþjóðgarður hefði ekki komið til sögunnar. Þjóðgarðurinn eins og hann var í Jökulsárgljúfrum einn og sér er einstakt svæði og fallegt. Það hefur einhvern gríðarlegan sjarma. Fram að þessu hef ég eiginlega aldrei getað hugsað mér að búa úti á landi en það var eitthvað við staðinn sem kveikti í mér," segir Hjörleifur og kveðst hlakka til að takast á við lífið í sveitinni.

„Það á auðvitað eftir að reyna á þetta en ég held að maður fari að lifa svolítið öðruvísi, svona hálfgerðu frystikistulífi sem er þannig að þú ferð ekkert út í búð nema kannski einu sinni í viku.

Jafnframt geri ég ráð fyrir því að maður þurfi á einhvern hátt að vera sjálfum sér nógur með afþreyingu og það er bara heillandi."

### Starf í mótun

Allur gamli þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum tilheyrir nú norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs auk þess sem friðlýst svæði við Herðubreiðarlindir og Öskju eru í umsjá þjóðgarðsins.

„Svæðið er enn í mótun meðal annars vegna þess að verið er að bíða eftir úrskurði óbyggðanefndar um þjóðlendur," útskýrir Hjörleifur en búist er við að þjóðgarðurinn stækki talsvert á næstu árum. Ný gestastofa var opnuð í Ásbyrgi í vor og fyrst um sinn gengur Hjörleifur í öll þau störf sem fyrri þjóðgarðsvörður í Ásbyrgi sinnti.

„Eitt af því sem er svo spennandi við starfið er að það er svolítið ómótað enn og væntanlega höfum við eitthvað um það að segja hvernig það þróast. Nú er þetta orðinn einn þjóðgarður og því fylgja ný verkefni. Það þarf að samræma starfið í garðinum í heild og öll sú skipulags- og undirbúningstíma mun taka tíma."

### Mikilvægt skref í náttúruvernd

Hjörleifur er sannfærður um að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sé af hinu góða.

„Náttúruvernd almennt er fyrir hagsmuni fólks. Við höfum hagsmuni af því að vernda ómanngerða náttúru einfaldlega vegna þess að ómanngerð náttúra er orðin sjaldgæfur partur af menningu okkar," segir Hjörleifur og bendir á að með stofnun þjóðgarðsins sé tryggt að ákveðin svæði verði vernduð.

„Mér finnst oft þyngra en tárum taki þegar maður sér land hverfa undir virkjanir og stóriðjustefnan eins og hún hefur verið rekin hér á landi undanfarin misseri er alveg út úr kú. Eins og ég lít á náttúruvernd og náttúruverndarpólitík þá var stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs mikilvægt skref. Það er bæði áhugavert og mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að atvinnustarfsemi og verndun geta farið saman, ekki síst í ferðaþjónustu, og ég efast ekki um að þjóðgarðurinn eigi eftir að verða lyftistöng fyrir þessi svæði. Þar fyrir utan er hagræði af því að reka garðana saman sem eina heild.

> Við höfum hagsmuni af því að vernda ómanngerða náttúru einfaldlega vegna þess að ómanngerð náttúra er orðin sjaldgæfur partur af menningu okkar

Menn álíta núna að Vatnajökulsþjóðgarður sé mikilvægur fyrir ferðaþjónustuna og það finnst mér vera nýtt stef hér á landi. Ferðaþjónustan hefur auðvitað alltaf notað þjóðgarðana í sinni markaðssetningu, það eitt að setja það inn í ferðalýsingu að á þessum ákveðna degi verði farið inn í þjóðgarð gefur ferðamönnum vísbendingu um að þar sé eitthvað áhugavert að sjá. Þannig hafa þjóðgarðar mikið markaðsgildi og eru eitt af því fáa sem ríkið hefur gert fyrir ferðaþjónustuna almennt," segir Hjörleifur.

Þýðir það þá að honum finnist stuðningur ríkisins við ferðaþjónustuna ekki nægilegur?

„Staðreyndin er sú að hér á Íslandi hefur ferðaþjónusta verið olnbogabarn í kerfinu. hún hefur nánast ekkert fengið af peningum og utanumhaldið er lítið miðað við að þetta er þriðja stærsta útflutningsgreinin. Hafrannsóknastofnun kostar milljarða til rannsókna á sjávarútvegi, við erum með Rannsóknarstofnun iðnaðarins og háskólastofnanir tengdar þessum stóru atvinnugreinum. Á meðan hefur ferðaþjónustan enga rannsóknarstofu, pínulitar deildir við háskólana og rannsóknir og tölfræði eru í skötulíki miðað við önnur lönd. Hversu stór hluti þeirra ferðamanna sem koma til Íslands fara í jöklaferð? Það veit enginn. Það eru ekki til neinar svona tölur."

### Erfitt að kveðja heimspekina

Þótt Hjörleifur sé ánægður með að eyða næstu árum í Ásbyrgi fylgir því einnig svolítill tregi. Heimspekin verður að bíða í bili jafnvel þótt margur gæti haldið að í kyrrðinni í Ásbyrgi gæfist nægur tími fyrir heimspekilegar vangaveltur.

„Það er einfaldlega þannig að til þess að geta stundað heimspeki þarf maður samfelldan mikinn tíma og ekki vera að gera neitt annað. Heimspeki er ekki þannig, alla vega ekki eins og ég hef stundað hana, að maður sé bara að hugsa einn með sjálfum sér. Þetta er fræðivinna, maður leggst í rannsóknir og úr þeim kemur síðan texti. Þetta er ákveðið vinnuferli sem tekur tíma. Ég á eftir að sakna heimspekinnar. Það var það eina sem var virkilega erfitt við þessa ákvörðun."

## Vatnajökulsþjóðgarður



**DETTIFOSS** Allur gamli þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum heyrir undir Vatnajökulsþjóðgarð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vatnajökulsþjóðgarður var formlega stofnaður hinn 7. júní síðastliðinn. Garðurinn er stærsti þjóðgarður í Evrópu eða um 12.000 ferkílómetrar að stærð, sem samsvarar um tólf prósentum af yfirborði Íslands. Sem stendur nær garðurinn til alls þjóðgarðsins í Skaftafelli og í Jökulsárgljúfrum auk nánast alls Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans. Til stendur að stækka garðinn frekar í framtíðinni.

Meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins verða fjórar: Skaftafell, Ásbyrgi, Skriðuklaustur og Kirkjubæjarklaustur. Þegar hafa verið ráðnir þrír þjóðgarðsverðir til starfa, í Ásbyrgi, Skaftafelli og á Skriðuklaustri. Gestastofur eru í Ásbyrgi og Skaftafelli og stefnt að því að gestastofurnar verði alls sex talsins. Sú næsta mun rísa á Skriðuklaustri.

Landvarsla innan marka þjóðgarðsins er nú á fjórum stöðum en verður að líkindum á ellefu stöðum þegar uppbyggingu þjónustunetsins lýkur.

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun sem lýtur sjö manna stjórn skipaðri af umhverfisráðherra.


OPIÐ Í DAG
13-17
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐVÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT
ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.
OPIÐ ALLA HELGINA
OPIÐ Í DAG
SUNNUDAG
13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# ÚTSALA -30% ÚTSALA -50

# HÚSASMIÐJA



**50%** afsláttur
**af öllum** barnaljósum



**30%** afsláttur
**af öllum** ljósum



**20%** afsláttur
**af öllum** smáraftækjum




**30%** afsláttur
**af allri** viðarvörn



**25%** afsláttur
**af öllum** garðhúsgögnum



**30%** afsláttur
**af öllum** útivistarfatnaði



**25-80%** afsláttur
**af öllum** flísum



**30%** afsláttur
**af öllum** búsáhöldum

**Útsölublaðið er komið út**




*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

# -80% ÚTSALA -80% ÚTSALA
# AN ÚTSALA



**Trooper**
7.87 Kw, grillflötur 48x40 sm,
tveir ryðfríir brennarar
3000236

26.990
~~31.990~~

## VERÐLÆKKUN Á ÖLLUM SLÁTTUVÉLUM



**Sláttuvél, Mega**
5 Hp, 50 sm sláttubreidd,
safnari, 5 mismunandi
hæðarstillingar.
5085243

34.999
~~45.995~~



**Rafmagnsvél, Texas**
1000W á hjólum,
grassafnari.
5085124

9.999
~~12.999~~



**Worx**
**Orf og hekkklippur saman í setti engin snúra**
18V, 2 rafhlöður.
Hleðslutími 1 klst, veg
5083700

13.999
~~19.995~~



**Topplyklasett Toolux**
1/4", 33 stk.
5052550

1.995
~~4.779~~



45% AFSLÁTTUR

1.995 kr/m²
~~3.745 kr/m²~~

**Vegg- og gólfflísar**
**Club Ceramica**,
gegnheilar
frostþolnar, 45x45 sm
flísar.
8630740-3

## Frábært verð



**Garðborð**
Með glerplötu.
11230227

2.590
~~3.490~~

**Garðstóll**
11469155

1.890
~~2.590~~

## NÝ MÁLNING
Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður




3.999
~~8.995~~

10 ltr
7207040-6

1.999
~~3.995~~

3 ltr
7207020-6

# Við berjum niður verðið!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Ees-len-dinga-dah-grr-in

Íslendingadagurinn var haldinn hátíðlegur í 119. sinn á slóðum Vestur-Íslendinga um síðustu helgi. Um 60.000 gestir sóttu bæinn Gimli í Manitobafylki í Kanada heim í tilefni hátíðarinnar. Mikið var um dýrðir að venju en hrottalegt morð sem framið var í bænum varpaði skugga á hátíðarhöldin. *Kjartan Guðmundsson* brá undir sig betri fætinum og tók hátíðargesti, innfædda sem aðkomumenn, tali.



**FLIPP AÐ VÍKINGASIÐ** Heimamennirnir Matt og Steve vöktu athygli hátíðargesta fyrir frumlega túlkun á fornum víkingasiðum.

## Mikið um kunnugleg andlit

„Þetta var óskköp afslappað og þægilegt. Fólkið hér er svo vingjarnlegt og óformlegt að þetta varð ekkert vandræðalegt,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Ingibjörg var sérstakur heiðursgestur á Íslendingahátíðinni og var sem slíkur, ásamt Hjörleifi Sveinbjörnssyni, eiginmanni sínum, hluti af mikilli skrúðgöngu sem farin var gegnum miðbæ Gimli við mikinn fögnuð viðstaddra.

Ingibjörg segir hátíðina afar góða auglýsingu fyrir Ísland og allt sem íslenskt er. „Þetta er ótrúlega merkileg hátíð. Þátttakan er gríðarleg og nær langt út fyrir Íslendingasamfélagið. Það er í raun ótrúlegt hversu mikla rækt þetta fólk leggur við rætur sínar, og hversu miklu máli það skiptir að vita um sögu forfeðra sinna. Fólkinu á þessum slóðum er greinilega vel kunnugt um þær hörmungar sem forfeður þeirra fóru í gegnum til að freista þess að skapa þessum afkomendum sínum betra líf. Það leggur mikið á sig til að hafa minningu þeirra í heiðri.“

Ingibjörg segir margt í fari íbúa Gimli og nágrennis minna sig á Ísland, sérstaklega útlitið. „Hérna hittir maður fyrir hvert kunnuglegt andlitið á fætur öðru. Maður sér börn og fullorðið fólk og finnst þetta vera fólk sem maður þekkir. Einnig er sérstaklega skemmtilegt að spjalla við eldri borgarana hér, sem margir hverjir tala mjög góða íslensku, án þess að hafa endilega komið til Íslands.“

Að mati Ingibjargar er mikilvægt að viðhalda tengslum Íslands og Kanada. „Áherslurnar sem við Íslendingar leggjum á menningartengslin þyrftu að taka meiri mið af unga fólkinu en verið hefur. Það skiptir miklu að yngra fólk fái að kynnast þeirri menningu sem Ísland nútímans hefur upp á að bjóða, og öfugt. Fortíðin skiptir máli, en við megum ekki lifa í henni.“



**MENNINGARTENGSL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ásamt Ölmu Sigurdson, fjallkonu Íslendingadagsins í ár.

## Heimsfrægðin er víða

„Við erum allir áhugamenn um íslenska sögu og menningu og hvort tveggja kristallast hér á Íslendingadeginum í Gimli. Hér sjáum við til dæmis málverk af Dyrhólaey, Gullfossi, Þingvöllum og fleiri íslenskum kennileitum, svo ekki sé minnst á fjallkonuna sem er óvenju glæsileg í ár. Svo má líka segja að almennur nördaskapur hafi ráðið því að við erum staddir hér í dag,“ segir Guðmundur Baldursson, einn af stofnendum vefsíðunnar Baggalútur. Upphafsmenn síðunnar og makar þeirra voru staddir í miðri Norður-Ameríkuferð þar sem hápunkturinn var heimsókn til Gimli á Íslendingahátíðina.

Spurðir hvernig Gimli komi þeim fyrir sjónir segjast þeir hafa mætt ótrúlegri gestrisni og góðum móttökum hvarvetna. „Okkur virðast standa allar dyr opnar,“ segir Karl Sigurðsson. „Í gærkvöldi vorum við á rölti um bæinn og gengum þá fram á hús eitt sem var alþakið íslenskum fánum. Framan á húsinu hékk borði sem á var letrað með stórum stöfum „Velkomin“. Við létum ekki segja okkur það tvisvar og gengum inn. Þar dvöldum við fram á rauða nótt í partíi með bæjarstjóra Gimli, ræðismanninum síunga Atla Ásmundssyni og fleiri valinkunnum og innfæddum eldri borgurum.“

Bragi Valdimar Skúlason segir marga viðstadda hafa kannast við Baggalút. „Hér búa greinilega margir sem hafa kynnt sér Baggalút, og þá sérstaklega tónlistina okkar. Heimsfrægðin er víða.“ Karl bætir um betur og segist hafa rætt við fólk sem hreinlega viðheldur íslenskukunnáttu sinni með því að hlýða á söngtexta sveitarinnar.

Baggalútsmenn hrósa íbúum Gimli í hástert og segja tiltekna söguskoðun hafa fæðst í ferðinni. „Hann Haraldur félagi okkar kom með þá tilgátu að allt góða og kurteisa fólkið hafi flust hingað frá Íslandi. Reynsla okkar af íbúum bæjarins bendir vissulega til þess að nokkuð gæti verið til í því,“ segir Bragi og beinir athygli sinni því næst að sviðinu í Gimli Park, þar sem kór Seljakirkju hefur hafið magnaðan flutning á hinum sívinsæla slagara, Ísland ögrum skorið.



**HEIMSFRÆGIR Í GIMLI** Hróður Baggalúts hefur borist til Nýja Íslands.

## Got hardfisk?

„Harðfiskurinn selst betur en heitar lummur,“ segja þeir Art Kildor og Murrell Anderson frá Gimli. Þeir kumpánar höfðu í nógu að snúast við að sjá gestum hátíðarinnar fyrir ilmandi harðfiski sem þeir flytja að sögn inn frá Hafnarfirði fyrir hverja Íslendingahátíð.

„Það er gríðarleg eftirspurn eftir harðfiski hér um slóðir. Reglan er sú að í aðdraganda Íslendingadagsins er pantað mikið magn af harðfiski til bæjarins, en harðfiskur er samt á boðstólum allan ársins hring í ákveðnum búðum í bænum,“ segir Murrell, sem er giftur konu af íslenskum ættum. Hann var formaður skipulagsnefndar Íslendingahátíðarinnar árin 1992 og 1993.

Murrell segir hátíðina leika stórt hlutverk í bæjarlífi Gimli. „Margir bæjarbúar vinna að því allt árið um hring að skipuleggja og kynna hátíðina. Fólkið hér er stolt af íslenskum rótum sínum og það er virkilega gaman að sjá að hingað kemur fólk hvaðanæva að í Kanada til að skemmta sér og heiðra minningu forfeðra okkar.“

Murrell ferðaðist til Íslands árið 1975. Sótti hann meðal annars Akureyri og Húsavík heim og skemmti sér hið besta í mánaðarlangri ferð. Art segist enn eiga eftir að sækja Ísland heim en það standi til bóta. „Fjölskylda mín á í viðskiptasamböndum við Eimskip og Landsbankann. Ég ætla að fara til Íslands, grípa haug af seðlum og halda svo áfram að ferðast,“ segir hann og skellir upp úr.



**HRESSIR** Art Kildor og Murrell Anderson sögðu harðfiskinn vinsælan.



**ENDALAUS FÍFLALÆTI** Töluvert var um trúða í skrúðgöngunni miklu.




**THE JAKOBSSONS** Íslendingahátíðin er vinsæll vettvangur fyrir endurfundi fjölskyldna með íslenskar rætur. Jakobssonveldið lét sig ekki vanta.



**ÍSLENDINGA-DUNK** Keppt var í koddaslag, sem kallast dunk upp á ensku, á staur yfir hinu risavaxna Lake Winnipeg. Sýndu keppendur fádæma djörfung og hug, enda flestir af íslenskum ættum.



**HEIÐURSGESTIR** Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra og eiginmanni hennar, Hjörleifi Sveinbjörnssyni, var vel fagnað í mikilli skrúðgöngu í gegnum miðbæ Gimli.

ÁGÚST 2008

# SPORT

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM ÍÞRÓTTIR ]



» ANDLEGI ÞÁTTUR ÓLAFS STEFÁNSSONAR

» SUNDDROTTNINGAR ÍSLANDS

» ÖRN OG ÓLYMPÍUFLÚRIN

# STÆRSTI ÍÞRÓTTA-VIÐBURÐUR SÖGUNNAR



FRÁ RITSTJÓRA
Henry Birgir Gunnarsson

ÓLYMPÍULEIKARNIR í Peking voru settir með einstökum glæsibrag á föstudag. Svo sannarlega stórkostlegt upphaf að einum stærsta og umdeildasta íþróttaviðburði allra tíma. Þetta er líklega sá allra stærsti. Kínverjar hafa sett tóninn en þeir leggja allt undir til þess að gera þennan viðburð að þeim stærsta og flottasta í íþróttasögunni.

Hefur ekkert verið til sparað og er með hreinum ólíkindum að sjá íþróttamannvirkin sem Kínverjar hafa reist. Þau eru engu lík og hreint mögnuð upplifun að skoða þau í návígi.

Skipulag Kínverjanna er með hreinum ólíkindum og ótrúlegur fjöldi starfsmanna sér til þess að allir fái nauðsynlegar upplýsingar og þjónustu. Til marks um það eru „aðeins“ þrír starfsmenn sem standa utan við lítið salerni í blaðamannamiðstöðinni og vísa manni inn um réttar dyr, sem þó eru kyrfilega merktar.

Það eru 27 íslenskir íþróttamenn á leikunum að þessu sinni. Glæsilegur hópur sem samanstendur af 14 handboltamönnum, 8 sundmönnum, 3 frjálsíþróttamönnum, einum júdókappa og einni badmintonkonu.

Mestar vonir eru bundnar við handboltalandsliðið og Örn Arnarson. Handboltaliðið er eins og íslenska veðrið – maður veit aldrei hvað gerist næst. Sól einn klukkutímann og rigning þann næsta. Strákarnir okkar gætu allt eins tekið upp á því að fara á kostum og vinna til verðlauna. Gæðin eru svo sannarlega til staðar í liðinu. Það efast enginn um það. Svo gæti liðið líka allt eins tekið upp á því að tapa öllum leikjum sínum. Við skulum vona ekki og ég trúi ekki að slíkt gerist.

Örn náði fjórða sætinu í Sydney, var arfaslakur og formlaus í Aþenu. Það hefur lítið farið fyrir honum síðustu mánuði og við vitum í raun ekki hversu öflugur hann er þessa dagana. Hann lenti í erfiðleikum er hann missti þjálfarann sinn í upphafi sumars og vonandi kemur það ekki niður á honum í Peking.

Sjálfur segist hann vera í betra formi en margur heldur og ef það reynist rétt gæti hann vel höggvið nærri sínum besta árangri á ÓL eða jafnvel gert betur og nælt sér í medalíu. Verður mjög spennandi að fylgjast með Erni.

Þórey Edda náði stórbrotnum árangri á síðustu leikum en hefur verið afar óheppin með meiðsli síðustu ár og er því nokkuð fjarri því að stökkva sömu hæð og hún gerði í Aþenu. Æfingar síðustu vikur hafa þó lofað góðu hjá henni og vonandi toppar hún á besta tíma.

Þó svo að flestir íslensku keppendurnir séu ekki að fara að berjast um verðlaun eða komast í úrslit í sínum greinum má ekki gleyma því að hér er allt á ferð afreksfólk sem hefur unnið baki brotnu að því að ná markmiði sínu – að komast á Ólympíuleikana.

Það er ekki auðvelt markmið og svo sannarlega afrek hjá hverjum íþróttamanni að komast inn á stærstu íþróttakeppni heims þar sem aðeins er pláss fyrir um ellefu þúsund keppendur.

Íslenski hópurinn samanstendur af frábæru íþróttafólki sem er til fyrirmyndar innan vallar sem utan. Sannkallað afreksfólk og ekki síst góðar fyrirmyndir sem nauðsynlegt er að halda á lofti fyrir æsku þessa lands.

„Handboltaliðið er eins og íslenskaveðrið – maður veit aldrei hvað gerist næst.“



SPORT

Forsíðumyndina tók Arnþór Birkisson af Ragnheiði Ragnarsdóttur og Erlu Dögg Haraldsdóttur.

Útgefandi: 365
**Ritstjóri:** Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is
**Blaðamenn:** Óskar Ófeigur Jónsson ooj@frettabladid.is
Ómar Þorgeirsson omar@frettabladid.is
Hjalti Þór Hreinsson hjalti@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is
**Auglýsingar:** Stefán P. Jones spj@frettabladid.is




Topphár
10% opnunar-afsláttur
Hársnyrtistofa
587 2030
Topphár • Dvergshöfði 27 • 110 Reykjavík
Opið mán.-föstud. kl. 08-18 og á laugard. kl. 09-14

# SUNDDROTTNINGAR SEM STEFNA HÁTT

**Sundkonurnar Erla Dögg Haraldsdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir verða í eldlínunni á Ólympíuleikunum í Peking. Þær gáfu sér tíma til þess að ræða um undirbúning, væntingar sínar og hvaða merkingu Ólympíuleikar hafa fyrir þær.**



Sunddrottningarnar Erla Dögg Haraldsdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir eru klárar í ævintýranlega Ólympíuleika í Peking. SPORT/ARNÞÓR

Sunddrottningarnar tvær keppa hvor um sig í tveimur keppnisgreinum í Peking. Erla Dögg keppir í 100 metra bringusundi og 200 metra fjórsundi og Ragnheiður keppir í 50 metra skriðsundi og 100 metra skriðsundi. Báðar eru þær vitanlega fullar tilhlökkunar fyrir leikana og setja stefnuna hátt.

### HVAÐA ÞÝÐINGU HAFA ÓLYMPÍULEIKAR FYRIR ÞÉR?

**ERLA DÖGG:** Að vera keppandi á Ólympíuleikum er náttúrlega ný reynsla fyrir mér en ég kíkti nú samt til Aþenu árið 2004 til þess að skoða aðstæður og get því nokkurn veginn gert mér í hugarlund hvernig viðburður þetta er. Að koma til Aþenu á sínum tíma kveikti líka í mér til þess að vinna markvisst að því að ná þátttökurétti á Ólympíuleikunum og þetta er stærsti draumur hvers íþróttamanns að vera á meðal keppenda þar og tilhlökkunin er því mikil.

**RAGNHEIÐUR:** Fyrir mér eru Ólympíuleikarnir algjört ævintýri. Þegar ég náði á síðustu leika í Aþenu árið 2004 var ég sallaróleg. Að komast á Ólympíuleika var þá búið að vera markmiðið svo lengi og ég vissi að ég myndi á endanum ná þangað. En um leið og ég steig fæti inn í Ólympíuþorpið og fór fyrst í laugina gerði ég mér grein fyrir því að það að ná á leikana var bara byrjunin. Að labba hringinn á opnunarhátíðinni er eins og jól, afmæli og sumarfrí allt á sama tíma. Maður er þá búinn að vera að æfa og æfa alveg á fullu og það er eins og að fá auka orkuskot að labba halda sig í gírnum og ekki vera neikvæð og missa ekki sjónar á upphaflegum markmiðum.

**RAGNHEIÐUR:** Það hefði margt mátt fara betur í undirbúningnum. Það voru nokkrir hlutir og aðstæður sem gerðu mér ekki kleift að æfa alveg jafn vel og ég vildi í vetur, eins og veikindi og skóli, en samt sem áður er ég í þrusuformi. Ég held líka að ég sé á svo mörg mót í gegnum árin að ég kann orðið á þetta. Ég hef gert ýmislegt rangt og margt rétt fyrir öll mótin og maður tekur bara öllu sem lexíu fyrir næsta mót. Ég er mjög jákvæð á undirbúninginn núna og er á góðri leið með að synda mín bestu sund í Peking. Svo er líka adrenalínið sem myndast á þessum stærstu mótum ólýsanlegt. Það spilar ef til vill inn í að toppa á réttum tímum. Ég er alla vega ekki í neinum vafa um að ég eigi eftir að toppa í Peking og það er góðum æfingum, góðum stuðningi og góðu skapi að þakka.

**8 ÍSLANDSMET** Erla Dögg og Ragnheiður hafa verið iðnar í því að setja Íslandsmet. Erla Dögg á íslandsmet í 50, 100 og 200 metra bringusundi, 200 og 400 metra fjórsundi og 200 metra flugsundi. Ragnheiður á Íslandsmet í 50 og 100 metra skriðsundi.

inn á opnunarhátíðina og vita að maður er einn af fáum sem eru í þessari stöðu. Ég var að skoða allt og alla og allt of upptekin af Ólympíuandanum sem er yfir leikunum til að einbeita mér nóg í lauginni. Það má því segja að síðustu leikar hafi verið góð æfing fyrir leikana í Peking. Það eru í raun alveg gríðarleg forréttindi að geta farið aftur og gert betur. það er allavega planið. En ég er samt alveg viss um að þótt ég þykist vita hvað ég er að fara út í, þá verði þessir leikar ekki síðra ævintýri.

### ERTU SÁTT VIÐ UNDIRBÚNING ÞINN FYRIR ÓLYMPÍULEIKANA?

**ERLA DÖGG:** Mér er búið að ganga mjög vel á öllu sundárinu og hef verið að setja nokkur Íslandsmet og er vitanlega sátt við það. Ég er því í góðu líkamlegu formi en andlegi hlutinn er líka mjög mikilvægur. Það er mikilvægt þegar þú ert að reyna að ná lágmörkum fyrir stórmót eins og Ólympíuleikana að halda alltaf áfram, jafnvel þótt á móti blási og allt gangi ekki upp eins og þú varst að vona. Maður þarf alltaf að bara að æfa betur núna fyrir vikið. Það er alltaf hægt að óska þess að hafa gert meira eða æft betur en ég er bara jákvæð og það eina sem skiptir máli er hvað ég geri héðan af og þangað til ég keppi.

### HVER ER KÚNSTIN VIÐ AÐ TOPPA Á RÉTTUM TÍMA Í STÓRMÓTI SEM ÞESSU?

**ERLA DÖGG:** Það er mjög flókið mál að toppa á réttum tíma og maður lætur þjálfarana bara um að stjórna því. Nei, nei, þetta er svona samvinnuverkefni hjá mér og þjálfaranum mínum að finna réttu blönduna. Þetta er sveigjanlegt að því leyti að við förum eftir því hvernig ég finn mig í lauginni. Ef ég er alltof þreytt á einhverjum tímapunkti í æfingaferlinu, þá er hvíld eina leiðin og þá er bara tekið meira á því daginn eftir eða eitthvað slíkt. Hvíldin er líka mikilvæg og maður verður að læra að hvíla á réttum tímum til þess að lenda ekki í ofþjálfun eða einhverju slíku.

**RAGNHEIÐUR:** Maður er ekki að toppa á hverju móti, þannig að það er ekkert alltof erfitt að stilla sig inná réttu mótin. Ég hef farið

### HVERJAR ERU VÆNTINGAR OG VONIR ÞÍNAR FYRIR ÓLYMPÍULEIKANA?

**ERLA DÖGG:** Ég er ekki með neitt sæti í huga eða neitt svoleiðis. Þó svo að ég sé að fara á stórmót sem þetta þá langar mig nú bara til þess að halda áfram að bæta minn árangur og það er markmið mitt á leikunum. Ég verð mjög sátt ef að það tekst og ég verð bara að reyna að láta umhverfið ekki trufla mig heldur vinna með mér og njóta þess að keppa þarna.

**RAGNHEIÐUR:** Markmiðin mín eru að synda betur en ég hef gert hingað til og brosa rosalega mikið. Það er svo gaman á svona mótum að maður verður að leyfa sér að njóta þess og vera ekki í of miklu stressi eða of upptekin af smáatriðum eins og einni slæmri æfingu. Ég vona bara að það gangi allt upp á réttum tíma hjá mér.

# Áfram strákar!

Kaupþing, stoltur styrktaraðili íslenska handknattleikslandsliðsins, sendir baráttukveðjur til Peking.



KAUPÞING
Hugsum lengra

# OF STÓRIR BOLTAR Í SUÐUR-KÓREU

**Guðmundur Guðmundsson er að taka þátt í sínum fjórðu Ólympíuleikum og rifjar upp söguna:**




### 1984 Los Angeles (BNA)

Það voru stórkostlegir leikar að mörgu leyti. Við komumst óvænt inn á þá þar sem Sovétmenn drógu sig óvænt út vegna pólitískra deilna. Kalda stríðið var í fullum gangi og þetta var þeirra svar við því að Bandaríkjamenn drógu sig út úr leikunum fjórum árum áður í Moskvu.

Við stóðum okkur vel og vorum í sjötta sæti. Það var afskaplega skemmtileg stemning í kringum leikana. Bandaríkjamenn eru íþróttalega sinnaðir og hafa mikinn áhuga á öllu. Það var fullt á alla leikina, meira að segja í handboltanum. Ég man að þeir fögnuðu samt á fremur undarlegum augnablikum, til dæmis trylltist allt ef markmaður varði úr hraðaupphlaupi. Það er auðvitað gott en hrifning þeirra var ekki alveg eins og við höfum vanist. Ég var að spila í báðum hornunum. Mér gekk nokkuð vel en átti kannski enga stjörnuleiki. Ég stóð fyrir mínu, held ég.

### 1988 Seúl (Suður-Kóreu)

Þeir voru ekki eins skemmtilegir, það verður að segjast eins og er. Áhuginn á leikjunum var ekki sá hinn sami og stemningin þar eftir því. Ólympíuþorpið var ömurlegt og aðbúnaðurinn ekki góður. Maturinn var slæmur og svo framvegis.

Við lentum í áttunda sæti. Það þótti mönnum alveg hrikalega lélegt. Mér finnst það ekki sanngjarnt. Við gerðum jafntefli við þáverandi heimsmeistara Júgóslava, unnum Alsírmenn sem voru erfiðir, unnum Bandaríkin en töpuðum frekar stórt fyrir ógnarsterkum Svíum og Sovétmönnum sem voru þá með besta handboltalandslið sögunnar. Við vorum skotnir í kaf fyrir hörmulegan árangur.

Ég man að boltarnir voru óvenju stórir, við vorum allir í vandræðum með þá og sérstaklega við minni mennirnir. Ég hefði viljað mæla þessa bolta. Það skapaði okkur óöryggi, það var alveg ótrúlegt.

Lagið ódauðlega „Við gerum okkar besta“ var samið fyrir leikana og það var stemning yfir því. Ég spilaði alla leikina og stóð mig að ég held ágætlega.

### 2004 Aþena (Grikklandi)

Ég var í allt öðru hlutverki í Aþenu, sem þjálfari. Mér fannst vel að leikunum staðið. Menn höfðu áhyggjur af skipulagi og samgöngum en ég get ekki kvartað yfir neinu. Þetta voru glæsilegir leikar. Við vildum auðvitað ná betri árangi, við enduðum í níunda sæti en við vorum í gríðarlega sterkum riðli þar sem ekkert slakt lið var að finna. Þannig er þetta reyndar nánast alltaf.

Við vorum óánægðastir með tapið gegn Suður-Kóreu. Það var mikilvægasti leikurinn en við töpuðum honum. Hann var spilaður klukkan 9 að morgni, sem reyndist okkur erfitt. Þeir spiluðu alla sína leiki á þeim tíma og mönnum fannst það mjög

# ANDLEGI ÞÁTTURINN » SKIPTIR ÖLLU

Ólafur stiklar á stóru í viðtali sínu við Sport. Hann segir andlega þáttinn ríkjandi, talar um húmanisma, vonbrigðin á ÓL í Aþenu fyrir fjórum árum og möguleikann á því að hætta með landsliðinu eftir leikana í Peking.
SPORT/VILHELM




## Ólafur Stefánsson

**er tilbúinn í Ólympíuleikana. Landsliðsfyrirliðinn gæti hætt með landsliðinu eftir keppnina þar sem hann þráir árangur. Hann segir eitthvað aukalega koma upp í keppendum á leikunum og er hann engin undantekning.**

**Eftir Hjalta Þór Hreinsson**

Ólaf Stefánsson má kalla andlegan leiðtoga íslenska landsliðsins í handbolta. Hann er gríðarlega reyndur og viskan flæddi úr þessum mikla spekingi þegar blaðamaður settist niður með honum. Ólympíuleikar eru afar sérstakir í hans augum.

„Sá sem vinnur á Ólympíuleikunum er í flestum tilvikum sá sem hefur vakið og sofið með medalíuna í huga í eitt og hálft til tvö ár, séð fyrir sér atrennuna, sundið eða hvaða íþrótt sem hann keppir í. Sá sem hefur lagt líf og sál í þetta. Það kemur eitthvað aukalega upp í öllum íþróttamönnum. Ég er einn þeirra,“ sagði Ólafur ákveðinn og einbeittur.

### SÉRSTAÐA ÓLYMPÍULEIKA

„Ólympíuleikar hafa sérstöðu sem er erfitt að skilgreina. Fyrir utan það sem við sjáum daglega. Íþróttamennirnir í Grikklandi til forna voru tákn fyrir að allt væri í lagi hjá manninum, þrátt fyrir að það sé ekkert endilega raunin í dag. Þeir eru tákn fyrir gildi sem við öll stefnum að. Þessi gildi hafa breyst og færst til í dag en þessar leifar þeirra eru til,“ sagði Ólafur.

Hann telur að stórmót í dag séu of mörg en að Ólympíuleikar beri höfuð og herðar yfir önnur mót. „Hin stórmótin hafa þetta ekki. Maður getur verið vel stemmdur í þau en hafa ekki þetta aukalega. Það byggist á sögunni og einhverjum mannleika og einhverjum húmanisma kannski,“ sagði Ólafur.

### KEMUR TIL GREINA AÐ HÆTTA

Ólafur segir að það komi til greina að hætta með landsliðinu eftir leikana. Hann var nálægt því að hætta eftir leikana árið 2004. „Það kemur til greina en það er bara möguleiki. Það kom líka til greina fyrir tíu árum en það kemur kannski meira til greina núna. En það er ekkert 100 prósent í þessu, ég kalla það líklegt kannski. Það verður engin flugeldasýning ef það gerist,“ sagði Ólafur, sem ætlar sér að ná árangri.

„Persónulega er farið að síga á seinni hlutann á mínum ferli. Þetta er kærkomið tækifæri til að gera eitthvað virkilega gott með landsliðinu og Ólympíuleikar eru besti vettvangurinn til þess. Þess vegna er ég kannski aðeins spenntari en venjulega.“

### MARGIR LYKLAR AÐ VELGENGNI

Ólafur getur ekki tekið út neinn einn þátt sem lykil að velgengni Íslands á mótinu. „Það er enginn einn lykill. Hver dagur sem líður og þú hugsar ekki um markmið þitt missirðu einn lykil. Þú getur opnað færri hurðir. Ef ég þyrfti að velja einn stóran lykil er það að vera alltaf einbeittur. Það gildir fyrir allar hópíþróttir. Maður þarf að kunna marga þætti, til dæmis félagslega þáttinn og að geta leyst vandamál beint við menn en ekki í gegnum þriðja aðila,“ sagði Ólafur sem leggur ríka áherslu á andlega þáttinn.

„Hann skiptir öllu máli. Hann fær þig til að vakna á morgnana og halda áfram. Á hverri sekúndu hefurðu val til að hætta þessu bara. Áhuginn drífur andlega þáttinn áfram, ég er ekki að pína mig í neitt. Ég sé tilgang og ljós í þessu,“ sagði landsliðsfyrirliðinn.

**6**

Ísland keppir í sjötta sinn í handbolta á Ólympíuleikum í Peking. Í München 1972 varð liðið tólfta, í Los Angeles 1984 sjötta, í Seúl 1988 áttunda, í Barcelona 1992 fjórða sem er besti árangur Íslands í handbolta á ÓL og í Sydney árið 2004 varð Ísland í níunda sæti.



verne GLOBAL

# TÆKNIMENN Í ALÞJÓÐLEGT GAGNAVER

Verne Global leitar að reyndum rafvirkjum, rafeindavirkjum, rafiðnfræðingum, vélstjórum, vélfræðingum, vélvirkjum, véliðnfræðingum og upplýsingatæknifólki til að reka og þjónusta starfsemi gagnavers fyrirtækisins í nágrenni Reykjanesbæjar.

Verne Global er fyrirtæki í eigu Novator og General Catalyst Partners sem er bandarískt fjárfestingafyrirtæki. Verne Global byggir alþjóðlegt gagnaver í nágrenni Reykjanesbæjar. Með því að samþætta sérhæfða hönnun, kalt loftslag og endurnýjanlega orku greiðir Verne Global götuna að hagkvæmari og grænni upplýsinga-tækniöld.

Markmið Verne Global er að hanna og reka gagnaver á heimsmæli-kvarða með hámarks hagkvæmni að leiðarljósi. Þessu markmiði náum við með því að tvinna saman sérþekkingu í uppbyggingu og hönnun á hátæknigagnaverum og hagkvæmni í staðarvali.

**Tæknimenn** munu vera í beinum samskiptum við viðskiptavini og endursöluaðila, bæði innanlands og erlendis. Tæknimenn munu bera ábyrgð á viðgerðum á tækjabúnaði, viðhaldi og daglegum rekstri starfseminnar. Leitað er að einstaklingum sem búa yfir frumkvæði til að viðhalda hámarks hagkvæmni og áreiðanleika í rekstri gagnaversins. Tæknimenn Verne bera ábyrgð á að halda starfseminni gangandi allan sólarhringinn, alla daga ársins og eru mikilvægir hlekkir í heildarárangri fyrirtækisins. Um fleiri en eitt starf er að ræða.

**Ábyrgðarsvið:**
- Umsjón með rekstri gagnaversins, þ.m.t. fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir á tækjabúnaði
- Samskipti við birgja og þjónustuverktaka, innlenda og erlenda
- Samskipti við viðskiptavini
- Framkvæmd og eftirlit með reglubundnu og fyrirbyggjandi viðhaldi
- Umsjón með viðhaldsstjórnunarkerfum
- Skrá frávik og vinna að úrlausn þeirra
- Um er að ræða dagvinnu og/eða vaktavinnu

**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun, vélvirkjun eða sambærilegu og/eða mikil reynsla af viðhaldi flókins tölvu- og tækjabúnaðar
- Lágmark tveggja ára reynsla og þekking á hugbúnaði og vélbúnaði sem notaður er í gagnaverum, s.s. rafdreifikerfum, rafölum, spennum, rofabúnaði, varaaflgjöfum, kæli- og loftræstikerfum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi og finna lausnir á tæknilegum vandamálum
- Góð hæfni í ensku í ræðu og riti

Ráðningar í störf hjá Verne Global munu standa yfir í 6-12 mánuði.

Umsjón með starfinu hafa Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

verne GLOBAL

# DATA CENTER TECHNICIANS

Verne Global seeks experienced Electrical, Mechanical and IT facilities technicians to operate, monitor, and support mission critical data center operations.

Verne Global is a joint venture backed by Novator and General Catalyst Partners, an American venture capital firm. Verne Global is building a global green data platform near Reykjanesbær. By leveraging proprietary infrastructure design, cool climates and renewable energy sources such as hydro- and geothermal power, Verne is leading the way towards radically leaner, greener, cleaner IT.

Verne will design and operate some of the most ground breaking and efficient data center infrastructure available anywhere in the world. Our mission is to develop data centers in an optimized geographic area with systems that maximize facility efficiency and reliability.

**Facilities Technicians** will interact with local and international contractors, vendors and customers. Technicians are responsible for infrastructure repair, maintenance and day to day facility operations. We look for creative approaches to keep operational efficiencies at peak levels and to ensure long term reliability. Verne Data Center Technicians are responsible for maintaining 24*7*365 uptime at the data center and are critical to the company's overall success.

**Responsibilities:**
- Manage operational, repair and maintenance activities
- Manage and support vendors and contractors providing services to the facility
- Interaction with customers
- Monitor facility operational characteristics, track and resolve issues and analyze historical data for future trending
- Manage Computerized Maintenance Management Systems
- Event reporting and resolution
- These positions may require shift work that will include weekends and holidays

**Requirements:**
- An Associate's degree, trade school certification, or other verifiable training in a relevant technical field.
- Two or more years at journeyman or technician level, or the equivalent
- Two or more years in mechanical/HVAC, electrical, or a combination of both
- Mechanical and electrical applicants must have or obtain required licensing
- Excellent understanding of the electrical and mechanical systems used in a data center environment, including: Electrical Distribution, Transformers, Generators, Switchgear, UPS systems, Chillers, Air handling/CRAC units
- IT technicians must have a detailed understanding of large scale data servers, storage, and networking systems
- Ability to communicate intelligently and effectively with vendors and contractors
- Ability to learn quickly and address issues as they arise
- Written and verbal fluency in English

Due to the nature of the hiring process, considerable time may pass from application until recruitment is completed. Lack of immediate response does not indicate lack of interest. Verne Global will be hiring into these positions gradually over the next 6-12 months.

Responsible for the recruitment process are Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) and Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) at Capacent Ráðningar. The deadline for applications is the 24th of August. Applicants must apply for the job on our website, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Klæðning ehf.
www.klaedning.is

Í rúm tuttugu ár hefur Klæðning ehf. verið leiðandi fyrirtæki á sviði jarðvinnsluiðnaðar á Íslandi. Fyrirtækið er verktakafyrirtæki sem sérhæfir sig í margvíslegri jarðvinnu, svo sem yfirborðsfrágangi, gatnagerð, lögnum, vegklæðningum og fleiru. Sérstaða Klæðingar ehf. byggir á framúrskarandi þjónustu og hefur frá upphafi verið lögð höfuðáhersla á fagmennsku og góð afköst.

# VERKFRÆÐINGUR

Klæðning ehf. óskar eftir að ráða verkfræðing til starfa. Leitað er að dugmiklum og drífandi aðila.

**Starfssvið**
- Verkefnastjórnun
- Uppgjör verka
- Kostnaðargreiningar
- Áætlanagerð
- Tilboðsgerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verkfræði
- Framhaldsmenntun á framkvæmdasviði kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur, en ekki skilyrði
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptafærni

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# LYFJAFRÆÐINGUR

Fyrirtækið sem um ræðir sérhæfir sig í framleiðslu lyfja og snyrtivara.

Aðbúnaður fyrir starfsmenn er mjög góður og getur fyrirtækið aðstoðað nýjan starfsmann við leit að húsnæði.

Framsækið lyfjafyrirtæki á Norðurlandi óskar eftir að ráða lyfjafræðing til starfa.

**Starfssvið**
- Dagleg stjórnun á lyfjaframleiðslu
- Vöruþróun
- Samskipti við ráðuneyti og stofnanir
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í lyfjafræði, Cand. pharm eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg, en ekki skilyrði
- Þekking á forskriftarlyfjum
- Góð almenn tölvu- og tungumálakunnátta
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

# Finnst þér gaman að keyra?

565501
Strætó bs. óskar eftir að ráða vagnstjóra með meirapróf. Fyrirtækið kostar meirapróf fyrir þá starfsmenn sem ekki hafa tiltekin ökuréttindi.

Í starfinu felst að aka strætisvögnum Strætó bs. samkvæmt leiðakerfi sem og aðstoða og leiðbeina farþegum við að komast leiðar sinnar um höfuðborgarsvæðið. Um vaktavinnu er að ræða. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma, hvort sem um fullt starf, hlutastarf, helgar- eða kvöldvinnu er að ræða.

Leitað er að þjónustuliprum og samviskusömum einstaklingum með hlýlegt viðmót.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg@vinna.is) í síma 511 1144.
Skráning á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

Tilgangur Landssambands íslenskra útvegsmanna er:
Óskum eftir röggsömum starfsmönnum á þjónustustöðvar okkar á Akureyri og Egilsstöðum. Störfin fela m.a. í sér þjónustu á hjólbarðaverkstæði og smurstöð. Reynsla æskileg. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Dekkjahöllin s. 4623 002(AK) og 4712 002(EG).

Vélamenn óskast á ýmis tæki. Uppl. í s. 659 6225.

Óska eftir mönnum í hellulagnir. Uppl. í s. 659 6225.

## Atvinna óskast

### Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Vantar þig rafvirkja? Ef svo er, er ég maðurinn í verkið. Endilega hafðu samband í síma:8446477 skoða öll tilboð. kv Kjartan

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Pípara með 24 ára reynslu vantar vinnu strax sími: 691-6982

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Við bjóðum velkomna til starfa Elínu Birnu Harðardóttur hársnyrtimeistara. Tímapantanir í síma 544 4900

KORNER
HÁRSNYRTISTOFA
[illegible]

## Einkamál

### SÍMAÞJÓNUSTUR
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## 908 6666
**Erum tvær í góðum gír. Leiðist þér í sumarfríinu. Hringdu í okkur. Opið allan sólarhringinn.**

Ný og spennandi upptaka Ung og hispurslaus kona tók sjálfa sig upp í ljúfum leik. Þú heyrir þessa „innilegu" upptöku hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 ( Visa, Mastercard), upptökunr. 8869.

## Sögur Rauða Torgsins
Á símkerfi Rauða Torgsins leynast rúmlega 450 hljóðritanir íslenskra kvenna, ýmist beinar frásagnir, mjög „innilegar" upptökur eða sambland hvors tveggja. Hringdu í 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (Visa, Mastercard) og flettu í gegnum nýjustu upptökurnar (þær eru mjög margar) eða skoðaðu eldri upptökur, sem eru m.a. flokkaðar eftir flytjanda. Góða skemmtun (í einrúmi!!).

# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

ósanngjarnt. Við skildum ekki af hverju. Þeir löguðu sig mjög vel að því.

**2008 Peking (Kína)**

Það var frábært að tryggja sig inn á þessa leika. Við vissum að það þyrfti mjög margt að ganga upp til að við ynnum Pólverja eða Svía og það tókst síðan að slá út Svíana. Við erum fullir tilhlökkunar en við erum í gríðarlega erfiðum riðli, hinn riðillinn er mun auðveldari. Þar er Kína sem er ekki gott lið og Brasilía. Það er ekkert slakt lið í okkar riðli. Upplifunin er draumur. Menn segja að þetta verði glæsilegustu leikar sögunnar. Það er eitthvað sérstakt við þetta. Það er svo margt í gangi í Kína og mikil uppbygging. Þetta eru spennandi leikar en aðalatriðið er að standa sig inni á vellinum.

MÁLI «







VISA

VALITOR
– Virk miðlun verðmæta





SPORT/ARNÞÓR

# VATN ER BARA VATN

## Örn Arnarson

**keppir í Peking á sínum þriðju Ólympíuleikum. Líkami hans hefur verið dæmdur nær ónýtur en eftir meðferðir og þrjár hjartaþræðingar telur hann sig geta bætt sína bestu tíma á óskarsverðlaunum íþróttanna.**

Eftir Hjalta Þór Hreinsson

Það er búið að segja mér að ég sé með ónýta öxl, ónýtt bak og ónýtt hné. Þeir segjast reyndar vera búnir að laga hjartað,“ segir Örn Arnarson sundkappi, sem ætlar sér stóra hluti á sínum þriðju Ólympíuleikum. Örn hefur löngum átt við erfið meiðsli að stríða en þau erfiðustu, hjartagalli, standa ekki í vegi fyrir Hafnfirðingnum.

Hann keppir í tveimur greinum í Peking og ætlar að bæta sig í þeim báðum. Reynsla hans vegur þungt en hinn 27 ára gamli Örn hefur keppt í tólf ár á alþjóðavettvangi. „Ég veit hverju við er að búast á hverju móti, ég kann orðið á þetta. Það er mjög þægilegt,“ segir Örn og heldur áfram:

„Vatnið er alls staðar eins. Vatn er bara vatn. Það var eins í Kína fyrir tveimur árum þegar ég var þar síðast,“ segir Örn, sem bætir við að bætt aðstaða á Íslandi hjálpi mikið. „Á sínum tíma var ég að æfa í minni 25 metra útilaug í Hafnarfirði allan ársins hring, í alls kyns veðri og vindum,“ sagði Örn, en vatnið var eins. „Góð mannvirki hjálpa samt.“

### FER EKKI Í NEIN MÓT TIL AÐ TAPA

Örn segir að svo skammt sé á milli sundmanna í dag að það eina sem gildi sé að kreista fram úr sér hundraðshluta úr sekúndu.

„Ég fer ekki út á nein mót til að tapa. Sundið er orðið svo jafnt í dag að það eru margir á sömu tímum. Ef ég syndi á mínum besta tíma í 100 metra baksundi gæti ég endað 4-5 í undanriðlinum eða 25. þess vegna. Það er synt upp á hvern hundraðshluta sem þú getur kreist út úr þér,“ segir Örn.

Hann var við æfingar í Singapúr til 5. ágúst þegar hann fór til Peking. „Það var gott. Það hjálpaði mér að aðlagast tímamun, hitastiginu og rakanum.“

### FJÖGURRA ÁRA UNDIRBÚNINGUR

„Undirbúningurinn hófst meira og minna fyrir fjórum árum,“ segir Örn um undirbúning sinn fyrir Peking. „Auðvitað eru öll mót undirbúningur fyrir næsta mót og þetta kemur stig af stigi,“ sagði Örn sem hefur verið að þjálfa sig sjálfur í allt sumar.

„Tæknilega séð hef ég verið að þjálfa mig sjálfur, með hjálp frá minni fjölskyldu, síðan í lok maí. Það er allt annað en að vera með þjálfara. Eftir að tímabilinu lauk hérna heima hef ég í fyrsta skipti verið á æfingum með öðru sundfólki og með þjálfara á bakkanum síðan í maí. Það er þægilegra en að vera einn í lauginni með sjálfum sér,“ viðurkennir Örn.

Hann segir jafnframt að það sé ekkert lykilatriði að synda sem lengst í hverri viku. „Ég er búinn með allar erfiðu æfingarnar fyrir Ólympíuleikana. Nú snýst þetta bara um gíra sig upp til að geta toppað á réttum tíma. Ég keyri niður metrafjöldann og reyni að byggja upp meiri hraða. Þetta kemur stig af stigi og ég verð hraðari með hverri vikunni,“ segir Örn, sem syndir í um einn og hálfan tíma níu til tíu sinnum í viku.

**Örn keppir í tveimur greinum á Ólympíuleikunum í ár, 100 metra skriðsundi og 100 metra baksundi.**

**BESTU TÍMARNIR:**

**100 metra baksund**

Örn: 54,75 (Norðurlandamet)

Ólympíumet: 53.45

Heimsmet: 52.89

**100 metra skriðsund:**

Örn: 49,97.

Ólympíumet: 47.87

Heimsmet: 47.50

### ÓSKARSVERÐLAUN ÍÞRÓTTANNA

„Sem sundmót eru Ólympíuleikar bara annað sundmót,“ sagði Örn áður en hann sagði eitt stórt „en“. „En þetta er eins stórt og það verður í íþróttaheiminum. Þetta eru Óskarsverðlaun íþróttanna,“ sagði Örn, sem segir upplifunina einstaka.

„Upplifunin er skemmtileg og sérstök. Þarna er maður kominn inn í bæjarfélag með íþróttafólki sem er á stærð við Hafnarfjörð. Þetta er sérstakt umhverfi sem er auðvelt að gleyma sér í. Þess vegna förum við seint inn í þorpið. Við erum með fjóra sundmenn af átta sem hafa ekki farið áður á ÓL. Það er búið að útskýra fyrir þeim hvernig þetta verður og reynt að halda þeim á jörðinni,“ sagði Örn, sem segir auðvelt að gleyma sér í Ólympíuþorpinu.

„Það er svo mikið að upplifa. Það er matartjald upp á fimmtán þúsund fermetra þar sem þú getur fengið nánast hvað sem þú vilt að borða. Það er nauðsynlegt að halda mataræðinu eins og þú ert með það, ekki breyta um,“ segir Örn og bætir við að fríir drykkir á borð við kók og Powerade séu alls staðar fríir. „Og raunar allt sem kók framleiðir.“ Ekkert áfengi er leyft í Ólympíuþorpinu.

Hann segir einnig einfalt að gleyma sér í stjörnufansinum eins og hann sjálfur hefur lent í. „Þú sérð kannski heimsmethafa í

> Ég er í góðu formi og sé ekki af hverju ég geti ekki bætt þetta. Það er kominn tími á baksundstímann, hann er frá 2001.
>
> **Örn um sína bestu tíma.**

## ÖRN FÉKK SÉR ÓLYMPÍUTATTÚ ÁRIÐ 2006:
# GÆTI BÆTT VIÐ ÓLYMPÍUHÚÐFLÚRIÐ FLJÓTLEGA

Örn fékk sér langþráð húðflúr árið 2006. Hann lét þá flúra á sig merki Ólympíuleikanna. „Ég var búinn að ætla að gera þetta síðan 2000. Ég var í fríi úti í Serbíu með Serba sem ég hef verið að æfa með. Ég datt inn á fínustu stofu bæjarins og lét bara vaða," sagði Örn og brosti yfir minningunni.

Hann stefnir á að bæta við sig fleiri flúrum á næstunni. „Ég á eftir að bæta við mig. Ég ætla að setja merki þeirra Ólympíuleika sem ég fer á á mig einhvers staðar. Það verður ekki á sama stað," sagði Örn, sem er að fara á sína þriðju leika. „Svo veit maður aldrei hvort maður fari til London 2012 líka," sagði Örn.

Það var Pierre de Coubertin sem hannaði tákn Ólympíuleikanna árið 1913. Það stendur fyrir heimsálfurnar fimm sem kepptu á leikunum árið 1920 og táknar sameiningu þeirra íþróttamanna sem keppa fyrir þeirra hönd á leikunum. Suður og Norður-Ameríka deila hring en hina eiga Afríka, Asía, Evrópa og Eyjaálfa.



frjálsum íþróttum standa við hliðina á þér í matarröðinni. Á síðustu leikum vorum við að labba inn í matartjaldið og þá var Yao Ming sem spilar í NBA við hliðina á okkur. Við hugsuðum bara „mikið djöfull er hann stór“,“ sagði Örn og brosti en Ming er 230 cm. „Ég sá líka konu sem var 220 í Sydney árið 2000. Það var spes.“

**STÆRÐFRÆÐI SUNDSINS**

Örn segir fyrsta markmiðið vera að koma sér upp úr undanrásunum. „Síðan er þetta bara stærðfræði eftir það. Þaðan fara átta af sextán í úrslit og þaðan fá þrír af átta verðlaun. Þetta er ekki flókin stærðfræði. Þetta snýst bara um að gera hlutina eins vel og maður getur. Ég fer fyrst og fremst til að bæta mína tíma,“ sagði Örn.

Hann var nálægt verðlaunasæti á leik unum í Aþenu 2004. „En samt ekki. Ég varð fjórði en var einni og hálfri sekúndu frá þriðja sæti en samt bara sex hundraðshlutum frá sjöunda sæti. Það sýnir hvað er stutt á milli í þessu. Það var svekkjandi að sjá að ég varð fjórði en svo var þetta kannski bara fínt þegar maður sá þetta heilt yfir,“ sagði Örn og hló við.

Hann segir að það komi vel til greina að fara á leikana í London 2012 en þar með myndi hann jafna met Guðmundar Gíslasonar sundmanns sem fór á fjóra Ólympíuleika. Enginn Íslendingur hefur farið á fimm leika. „Það er ein í bandaríska liðinu 41 árs sem fer á sína fimmtu leika núna. Ég hef kannski alveg fjórtán ár til viðbótar í þessu líka,“ segir Örn og brosir.

**TIL DANMERKUR Í NÁM**

Örn heldur í víking til Danmerkur í haust. Þar mun hann mennta sig í afreksþjálfun í sundi en hann er yfirþjálfari hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar. Hann hefur menntað sig hér heima en þarf að fara út til að fá alþjóðlega gráðu. „Með hana má ég þjálfa hvaða félagslið eða landslið í heimi,“ segir Örn.

„Það er tilhlökkun í mér. Ég mun synda áfram næsta vetur, þjálfa sundliðið og stunda námið. Þetta lítur vel út,“ segir Örn, sem stefnir að sundþjálfun í framtíðinni. Það hefur þó ekki alltaf verið í áætlunum kappans.

„Það var aldrei stefnan, ég fór í þjálfun af illri nauðsyn fyrir þremur árum síðan. Það vantaði svo þjálfara hjá SH að ég tók það að mér. Ég hafði í sjálfu sér ekkert betra að gera. Ég byrjaði með yngstu hópana en færði mig upp eftir það,“ sagði Örn sem hefur einnig kennt skólasund og leikfimi í Áslandsskóla í Hafnarfirði.

Það hefur því verið nóg að gera hjá Erni sem hefur vart tíma fyrir það að hitta vini sína. „Ég var að þjálfa fram í maí í tólf til þrettán tíma á viku, kenna frá tuttugu og upp í 32 tíma á viku í skólasundi og leikfimi. Líka af illri nauðsyn. Maður lætur hafa sig út í ýmislegt,“ sagði Örn, sem segist því hafa verið ansi upptekinn og fjölskyldulífið situr á hakanum.

„Þegar maður hefur varla tíma til að hitta vinina er erfitt að reyna að stofna fjölskyldu. Eins og þetta hefur verið eru þetta meira og minna æfingar eða þjálfun frá sex á morgnana til níu


THE ENGLISH PUB
Austurvöllur



Fyrir utan The English Pub (í hálfleik) Austurstræti 12 í fyrra eftir að reykingabannið var sett.

Góðgerðarskjöldurinn byrjar 10. ágúst (Man Utd. - Portsmouth)
ENSKI BOLTINN BYRJAR 16. ÁGÚST

THE ENGLISH PUB
Austurvöllur

# 27 KEPPENDUR

Ísland sendir alls 27 keppendur til þátttöku í fimm íþróttagreinum í Peking:

## » Badminton

**Ragna Ingólfsdóttir** (1983)
– Einliðaleikur kvenna

## » Frjálsar íþróttir

**Ásdís Hjálmsdóttir** (1985)
– Spjótkast
**Bergur Ingi Pétursson** (1985) – Sleggjukast
**Þórey Edda Elísdóttir** (1977)
– Stangarstökk

## » Handbolti

**Alexander Petersson** (1980
**Arnór Atlason** (1984)
**Ásgeir Örn Hallgrímsson** (1984)
**Bjarni Fritzson** (1980)*
**Björgvin Páll Gustavasson** (1985)
**Guðjón Valur Sigurðsson** (1979)
**Hreiðar Levý Guðmundsson** (1980)
**Ingimundur Ingimundarson** (1980)
**Logi Geirsson** (1982)
**Ólafur Stefánsson** (1973)
**Róbert Gunnarsson** (1980)
**Sigfús Sigurðsson** (1975)
**Snorri Steinn Guðjónsson** (1981)
**Sturla Ásgeirsson** (1980)
**Sverre Jakobsson** (1977)
*Er til vara

## » Júdó

**Þormóður Árni Jónsson** (1983)

## » Sund

**Árni Már Árnason (1987)**
– 50 m skriðsund
**Erla Dögg Haraldsdóttir** (1988) - 100 m bringusund og 200 m fjórsund
**Hjörtur Már Reynisson** (1981) - 100 m flugsund
**Jakob Jóhann Sveinsson** (1982) - 100 og 200 m bringusund
**Ragnheiður Ragnarsdóttir** (1984) - 50 og 100 m skriðsund
**Sarah Blake Bateman** (1990) - 100 m baksund og 100 m skriðsund
**Sigrún Brá Sverrisdóttir** (1990) - 100 m baksund
**Örn Arnarson** (1981) - 200 m skriðsund



FARÞEGAR ATHUGIÐ!
SAMGÖNGUNEFND KYNNIR :
NÝ LEIÐ: GULA LÍNAN
FRÁ: VIÐEY
TIL : THE ENGLISH PUB
AÐEINS 5 STOPP!
UNDERGROUND
Tube Map
Kort af neðanjarðarlestarkerfi Reykjavíkurborgar




The English Pub
Grandi
Kópavogur
Öskjuhlíð
Breiðholt
Grafarvogur
Sund
Mýrar
Gamli Seigur
Reykjavík
Athugið! Framkvæmdir geta valdið töfum á ferðaáætlunum, sérstaklega um helgar. Athugaðu ferð þína vandlega áður en þú heldur af stað.
THE ENGLISH PUB
Austurvöllur

**Auglýsingasími**

# 512 5050




– Mest lesið



# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**HRÍSMÓAR 11 - GBÆ. 3-4 HERB.**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14.00 TIL 16.00.**

Frum



Hraunhamar hefur fengið í einkasölu sérlega glæsilega 137,8 fm íbúð á 2. hæð, þar af bílsk. 18,6 fm í góðu vel staðsettu fjölbýlish. Eignin skiptist í forst, hol, sjónvarpshol, eldh, stofu, borðst, baðherb, 2 barnaherb, hjónaherb, þvottahús, bílskúr og geymslu. Gólfefni eru parket og flísar. Stutt í alla þjónustu. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm.8960058.

***Guðmundur og Jóhanna bjóða ykkur velkomin.***

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**



# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**NORÐURHOF 2 - 845 FLÚÐUM**

Frum





Nýkomið sérlega fallegt einbýli m/innb. bílskúr samtals 188,9 fm. Húsin standa á frábærum stað með miklu útsýni, stutt í þjónustu o.fl. Húsin afhendast strax, fullbúin að utan en tilb. undir tréverk að innan. Lóð er frágengin. Einstök staðsetning á einum veðursælasta stað landsins. **V. 26,5 millj.**

***Uppl. gefur Helgi Jón sölustj., sími 893 2233 eða á staðnum.***

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**



# domus
FASTEIGNASALA



Linda B. Stefánsd.
lögg. fasteignasali
Reykjavík




# Pizza – Pizza

Til sölu rekstur Little Caesars pizza að Ögurhvarfi í Kópavogi við hliðina á Bónus. Nýleg tæki og mjög snyrtileg aðstaða. Möguleiki á að opna fleiri staði. Góð velta.
Ýmis skipti koma til greina.

***Frábært tækifæri til að skapa sér sinn eigin rekstur.***

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100





# Rentus
LEIGUMIÐLUN

Rentus er fyrirtæki sem þjónustar jafnt einstaklinga og fyrirtæki sem vilja leigja út fasteign eða taka fasteign á leigu til skemmri eða lengri tíma. Sérfræðingar Rentus sjá um alla þjónustuþætti, allt frá grunnskráningu eigna til samningsgerðar við útleigu.





Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

## Fiskislóð, 101 Reykjavík

Mjög gott 699,1 fm atvinnuhúsnæði. Húsnæðið skiptist í verslun og lager á jarðhæð. Á efrihæð eru skrifstofur. Glæsilegt húsnæði á frábærum stað mikil uppbygging í hverfinu. Hagstætt leiguverð. **Laust strax.**





Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024

## Heiðarás, 110 Reykjavík

Til leigu fallegt og vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur fyrir neðan götu með suðurgarði og skiptist þannig. Efri hæð: Stofa, borðstofa, eldhús, svefnherbergi, skrifstofa, baðherbergi og forstofa. Jarðhæð: Hol, sjónvarpsherbergi, hjónaherbergi, þrjú barnaherbergi, geymsla, þvottahús og baðherbergi. Húsið er mjög vel staðsett, efst í Elliðaárdalnum.





Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024

## Kaplaskjólsvegur, 170 Seltj.

Til leigu falleg 5 herb., 98 m² íbúð í Vesturbænum. Íbúðin er á 2 hæðum, forstofa, baðherbergi, hol, fjögur svefnherbergi, stofa/borðastofa ásamt eldhúsi. Íbúðin leigist fullbúin húsgögnum og heimilistækjum. Útgengt út á svalir út frá stofu. Þetta er stór og góð íbúð og frábær staðsetning,





Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024

## Skólavörðustígur, 101 R.vík

Til leigu gullfalleg íbúð á tveim hæðum í hjarta miðbæjar með bílastæði. Nýlegt fjölbýlishús með alls 5 íbúðum. Íbúðin er öll flísalögð með fallegum flísum í náttúrulitum. Komið er inn í litla forstofu, gangur sem er opinn við stofu/borðstofu. Salernið er flísalagt í hólf og gólf. Svefnherbergið er með 2 gluggum og stórum horn-fataskáp. Hringstigi liggur upp á eftir hæð sem notuð er sem setustofa sem er að hluta til með glerþaki. Þar eru litlar hálfyfirbyggðar svalir.





Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

## Sundaborg - 104 Reykjavík

Til leigu mjög gott lager og skrifstofu húsnæði að Sundaborg í Reykjavík. Húsnæðið skiptist í um 500 fm lager og um 200 fm skrifstofur. Möguleiki er að leigja í minni einingum t.d 150 fm lager og 75 fm skrifstofur. Sameiginlegur fundasalur í sameign, góð aðkoma og næg bílastæði. Hagstætt leiguverð. Frábær staðsetning.

**Rentus leigumiðlun | Laugavegi 97 | 101 Reykjavík**
**Sími 440 6100 | Fax 440 6101**
**www.rentus.is**



# Hestavað 1-3
110 Reykjavík - Norðlingaholt

Möguleiki á 100% fjármögnun á 1-2 íbúðum



## Nýjar og glæsilegar íbúðir

Hestavað 1-3, er þriggja hæða fjölbýlishús með tveimur stigahúsum, auk kjallara og bílageymslu með 15 bílastæðum.

Húsið er steinsteypt með hefðbundnum hætti, útveggir einangraðir að innan, útveggir stigahúsa eru einangraðir að utan og klæddir með lituðum álplötum.

Þak og niðurföll eru fullfrágengin.

Gluggar og útihurðir eru hvítmáluð frá **BYKO**.

Allt gler er **K-gler.**

Arkitekt hússins er Kristinn Ragnarsson hjá Krark. Hefur hann hlotið fjölda viðurkenninga fyrir íbúðahönnun.

Leitast var við að hafa útlit og notkunargildi hússins einfalt, stílhreint, klassískt og umfram allt mjög notadrjúgt. - **Komið og skoðið....**

## OPIÐ HÚS
***Sunnudaginn 10. ágúst***
***á milli kl 17:00 - 18:00***











RE/MAX Lind

- **Íbúðir tilbúnar til afhendingar strax**
- **Góð fjármögnun í boði**
- **Góður skóli og leikskóli**
- **Stutt í alla þjónustu**
- **Stutt í fallegt útivistarsvæði**

**Glæsilegar nýjar 3 herb. íbúðir með bílageymslu.**

## Verð frá 27,9 millj.

BRB RE/MAX DESIGN CENTER - www.remax-ice.com











| | | | |
|---|---|---|---|
| Svavar Friðriksson<br>Sölufulltrúi<br>**698 1834**<br>svavar@remax.is | Friðfinnur Magnússon<br>Sölufulltrúi<br>**823 8964**<br>fridfinnur@remax.is | Hannes Steindórsson<br>Sölufulltrúi<br>**699 5008**<br>hannes@remax.is | Þórarinn Jónsson<br>Hdl.<br>Löggiltur fasteignasali |

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

ANTONIO BANDERAS LEIKARI ER 48 ÁRA Í DAG.

*„Það var heiður og forréttindi að fá að koma hingað til Bandaríkjanna fyrir um sextán árum, allslaus. Margt hefur gerst síðan þá.“*

***José Antonio Domínguez Banderas er spænskur leikari og söngvari.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. ÁGÚST 1927

## *Stephan G. Stephansson fellur frá*

Þennan dag árið 1927 lést Stephan G. Stephansson skáld, 73 ára að aldri. Ungur flutti hann vestur um haf og bjó hann lengi við Klettafjöll. Hann var oft kallaður Klettafjallaskáldið.

Stephan G. Stephansson hét upphaflega Stefán Guðmundur Guðmundsson. Hann var fæddur þann 3. október árið 1853 á Kirkjubóli í Skagafirði.

Stefán bjó í Skagafirði til 15 ára aldurs en flutti þá í Þingeyjarsýslu og starfaði þar sem vinnumaður. Hann bjó þar þangað til hann fluttist til Vesturheims ásamt fjölskyldu sinni.

Í fimm ár bjó hann í Wisconsin-ríki í Bandaríkjunum og giftist þar Helgu Sigríði Jónsdóttur. Áttu þau saman átta börn en sex þeirra komust á legg.

Næst bjó Stefán í Norður-Dakóta, í tíu ár. Í Wisconsin kallaði hann sig Stefán Guðmundsson en í Dakota var hann skrifaður Stefansson, sem gerði það að verkum að bréf hans rugluðust við bréf annarra Stefanssona svo Stefán tók upp nafnið Stephan G. Stephansson, sem hann varð síðar þekktur undir.

Fyrsta ljóðakver Stefáns bar nafnið Úti á víðavangi og kom það út 1894. Ljóðabækur hans urðu fjölmargar og mjög vinsælar.



**MERKISATBURÐIR**

- **1779** Veðurathuganir Rasmusar Lievog hófust. Þetta var með allra fyrstu veðurathugunum hérlendis.
- **1801** Landsyfirréttur tók til starfa. Fyrsti dómstjóri réttarins var Magnús Stephensen.
- **1975** Guðlaug Þorsteinsdóttir, fjórtán ára, varð fyrsti kvenskákmeistari Norðurlanda.
- **1984** Bjarni Friðriksson hlaut bronsverðlaun í 95 kílóa flokki í júdó á Ólympíuleikunum í Bandaríkjunum.
- **1986** Lágmynd af G. Schierbeck, landlækni og fyrsta formanni Garðyrkjufélags Íslands, var afhjúpuð í Fógetagarðinum við Aðalstræti.

**ÓLAFSDALUR:** HÁTÍÐ HALDIN Á VEGUM ÓLAFSDALSFÉLAGSINS

# Viljum lifandi starfsemi

Ólafsdalshátíð verður haldin í Ólafsdal í Gilsfirði í dag á vegum Ólafsdalsfélagsins.

Markmið Ólafsdalsfélagsins er að stuðla að eflingu og varðveislu Ólafsdals í Dölum sem er í flokki einna merkustu menningarminjastaða á Vesturlandi. Í Ólafsdal var meðal annars fyrsti búnaðarskóli landsins en hann var stofnaður fyrir tilstuðlan Torfa Bjarnasonar, sem einnig var skólastjóri skólans.

„Tilefni hátíðarinnar er annars vegar að Ólafsdalsfélagið er að fá jörðina í Ólafsdal leigða til uppbyggingar og hins vegar að í mánuðinum eru liðin 170 ár frá fæðingu Torfa Bjarnasonar, skólastjóra búnaðarskólans,“ segir Rögnvaldur Guðmundsson, formaður Ólafsdalsfélagsins.

Inntur eftir því hver starfsemin á svæðinu eigi að vera segir Rögnvaldur að hún verði margvísleg.

„Við viljum hafa starfsemina lifandi. Eina sem stendur eftir núna er gamla húsið, en hér áður voru mun fleiri byggingar, eins og fjós og smiðja. Það var heilt samfélag í Ólafsdal. Menn sjá fyrir sér ferðaþjónustu að hluta yfir sumartímann og einhvers konar fræðslustarfsemi en við viljum reyna að nýta húsið og svæðið sem mest.“

Dagskráin á hátíðinni verður fjölbreytt og fræðandi og hefst hún klukkan 14:00 við minnismerkið um Torfa Bjarnason og konu hans Guðlaugu. Þar verður ritað undir afhendingu staðarins til Ólafsdalsfélagsins og mun Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mæta af því tilefni.

„Ýmislegt annað verður í boði eins og söngatriði auk þess sem ávörp og erindi verða flutt. Skólahúsið og nánasta umhverfi verður til sýnis til 17:00 undir leiðsögn valinkunnra leiðsögumanna.“

Einnig stendur til að heyja og allir þeir sem hafa réttu amboðin, svo sem orf, ljá eða hrífu eru hvattir til að mæta með þau og sýna færni sína. Munir verða sýndir úr Ólafsbúinu ásamt ljósmyndasýningu um lífið í Ólafsdal. Kaffi og kleinur verða í boði fyrir gesti og gangandi. Kaffihlaðborð verður einnig á Skriðulandi frá klukkan 13 til 20.

„Hápunkturinn hátíðarinnar verður svo án efa þegar Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifar undir samkomulag með Ólafsdalsfélaginu um leigu á svæðinu,“ segir Rögnvaldur spenntur fyrir framhaldinu.



**RÖGNVALDUR GUÐMUNDSSON** Formaður Ólafsdalsfélagsins er einkar spenntur fyrir uppbyggingunni á starfseminni í Ólafsdal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allir eru velkomnir á hátíðina og má nálgast frekari upplýsingar á www.dalabyggd.is eða www.reykholar.is

**sigridurp@frettabladid.is**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ástu Bjarnadóttur**

Vífilsstöðum, áður til heimilis að Álftamýri 44.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Vífilsstaða fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Bjarney Georgsdóttir** **Samúel Vilberg Jónsson**
**Jóhanna Georgsdóttir**
**Sigurjón Óskar Georgsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Gunnhildar Guðmundsdóttur**

Hvassaleiti 20, 103 Reykjavík,

sem lést laugardaginn 19. júlí sl.

**Guðmundur Sigurðsson** **Valgerður Marínósdóttir**
**María Sigurðardóttir** **Einar Loftsson**
**Áslaug Sigurðardóttir** **Sveinn Hannesson**
**Hrefna Sigurðardóttir** **Haukur Valdimarsson**
**Sigurður Sigurðarson**
**Ingibjörg Sigurðardóttir** **Bjarni S. Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Helga Carlsdóttir Hansen (Dosla),**

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 28. júlí. Henni er sungin sálumessa í Kristskirkjunni í Landakoti, þriðjudaginn 12. ágúst kl. 13.00.

**Carl Vanderziel** **Cindy Vanderziel**
**Allen Vanderziel** **Selina Vanderziel**
**Jennifer Chandler** **Jeffrey Chandler**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



*Hugheilar þakkir til þeirra fjölmörgu sem auðsýndu okkur samúð, vinsemd og hjálpsemi vegna andláts og útfarar,*

**Egils Jónssonar**

bóndi og fv. alþingismanns, Seljavöllum.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks á deild 11B Landspítalanum við Hringbraut og Hjúkrunarheimilinu á Höfn fyrir einstaka hjúkrun, velvild og umhyggju í veikindum hans.
Guð blessi ykkur öll.

**Halldóra Hjaltadóttir**
**og fjölskylda.**

---



## 85 ára afmæli

**Sigríður Rósa Kristinsdóttir,**

85 ára.

Sigríður Rósa Kristinsdóttir, Lagarfelli 9a, Fellabæ, sem eitt sinn „talaði frá Eskifirði“ er 85 ára í dag, 10. ágúst. Hún verður heima.

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og jarðarför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Helgu Ingibjargar Stefánsdóttur**

Vífilsgötu 23, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns. Guð blessi ykkur öll.

**Sjöfn Friðriksdóttir** **Skúli Jón Sigurðarsson**
**Alda G. Friðriksdóttir** **Guðni F. Guðjónsson**
**Hulda G. Friðriksdóttir** **Sigurbjarni Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Elínar Jósefsdóttur**

áður til heimilis að Langholtsvegi 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýju.

**Jóna Guðbrandsdóttir** **Ásbjörn Einarsson**
**Einar Jón Ásbjörnsson** **Elísabet Reykdal Jóhannesdóttir**
**Elín Björk Ásbjörnsdóttir** **Gísli Jóhann Hallsson**
**og barnabarnabörn.**

---


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is




# Salou
## 12.-19. sept.
## frá kr. 54.990

**Vikuferð með hálfu fæði - aðeins örfá herbergi í boði!**

Terra Nova býður frábært sértilboð á vikuferð til Salou á Spáni 12. september. Salou er einn allra fallegasti bær Costa Dorada strandarinnar, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða, úrval veitingastaða og litríkt næturlíf. Í boði er gisting á Hotel California Garden og Hotel Villa Romana, tveimur af okkar vinsælustu hótelum í Salou.



**Frábær sértilboð**
Hotel Villa Romana ****
Hotel California Garden ***

**Kr. 54.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel California Garden *** með hálfu fæði í 7 nætur. Sértilboð 12.-19. september.

**Kr. 64.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Villa Romana **** með hálfu fæði í 7 nætur. Sértilboð 12.-19. september.

Terra Nova PRIMERA GROUP
Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




NOKKUR ORÐ
**Þórunn Elísabet Bogadóttir**

# Gleðigangan snýst um mannréttindi

Um þetta leyti á hverju ári skapast umræða um Hinsegin daga, og hápunkt þeirra, gleðigönguna. Í ár var engin undantekning.

Á blogginu á mbl.is tjá misgáfaðir og misupplýstir einstaklingar sig um flest milli himins og jarðar, og þessi mál eru engin undantekning. Þar er fólk sem segir að samkynhneigt fólk eigi að hafa kynhneigð sína út af fyrir sig. Gangan eigi ekki rétt á sér og samkynhneigðir séu orðnir að „forréttindahópi“ á Íslandi. Einhver fordómafullur sá sig meira að segja knúinn til þess að hóta því að sprengja sprengjur í göngunni í ár.

Aðrir virðast ekki sjá neina ástæðu fyrir því að gangan er haldin. Samkynhneigðir hafi það bara gott og hafi ekkert að berjast fyrir lengur. Þetta er ekki fordómafullt fólk en það skilur kannski ekki að þó að samkynhneigðir í dag líði ekki endilega fyrir kynhneigð sína hafi margir sem á undan fóru gert það.



Þessi ganga er tilefni fyrir okkur öll til þess að fagna mannréttindum. Til þess að gleðjast yfir því hversu langt við Íslendingar höfum náð í þessum málum og til þess að rifja upp hvað við eigum eftir. Til að heiðra þá sem ruddu brautina fyrir þá sem á eftir komu. Síðast en ekki síst finnst mér þetta tækifæri til að minna okkur á hversu slæmt ástandið er enn víða annars staðar í heiminum.

Þess vegna er þetta ekkert bara ganga fyrir hinsegin fólk, þetta er ganga fyrir alla sem vilja að fólk fái að vera eins og það er.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**DRAGGKÓNGURINN** Draggkóngur ársins 2008, Skarphéðinn frá Fljótstungu, fékk far með Ómari Ragnarssyni niður Laugaveginn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**HAFFI HAFF** Allt að fjörutíu þúsund manns komu saman í tilefni af gleðigöngunni í gær. Skemmtikrafturinn Haffi Haff var meðal þeirra sem tróðu upp á Lækjartorgi að göngunni lokinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÁHORFENDUR** Fólk á öllum aldri fylgdist með göngunni fara niður Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




**STOLTAR FJÖLSKYLDUR** Einn stærsti hópurinn í göngunni í ár var hinsegin fjölskyldur, eða um sextíu manns. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Glaðir og hýrir göngumenn

Talið er að um fjörutíu þúsund manns hafi komið saman í miðborginni í gær í tilefni af Gleðigöngunni, hápunkti Hinsegin daga, sem nú var gengin í tíunda sinn. Aldrei hafa fleiri atriði tekið þátt í göngunni en þau voru um fjörutíu talsins.




**Á LEIÐARENDA** Þetta glæsilega mótorhjól leiddi gönguna í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**FJÖLÞJÓÐLEGT** Gleðigangan er fjölþjóðleg og áttu Tailendingar einn vagn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWERSÝNING KL. 10:15 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ
DOLBY DIGITAL MYND OG HLJÓÐ
★★★★ Tommi - kvikmyndir.is
★★★★½ Ásgeir J - DV
THE DARK KNIGHT

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MÚMÍAN 3 - DIGITAL | kl. 1.45, 3.50, 5.45, 8 og 10.15-P | 12 |
| WALL–E – ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 3.50 og 6 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 1.20, 4, 7 og 10 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 8 og 10.15 | 12 |

SAMBÍÓIN
STÆRSTU OG BESTU ÆVINTÝRIN ERU EINFALDLEGA ÓDAUÐLEG!
STÆRSTA OPNUN Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR
52.000 manns á 16 dögum.
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FINDING NEMO OG RATATOUILLE
WALL·E
MIKE MYERS THE LOVE GURU
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA.
KUNG FU PANDA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 10:30D | 12 |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 8:20 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MAMMA MÍA | 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 2D - 5:50D - 8D - 10:30D | 12 |
| LOVE GURU | kl. 8 - 10 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30D - 3:40 - 6 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - ( 11:10 Powersýn.) | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| MAMMA MÍA síð. sýn. | kl. 3:30 - 5:40 | L |
| KUNG FU PANDA ísl. tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 2 - 3:50 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| KUNG FU PANDA ísl. tali | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| KUNG FU PANDA ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| LOVE GURU | kl. 6 | 12 |

UPPSELT ÖRFÁ SÆTI

NÝTT Í BÍÓ!
★★★★ "...skemmtilega skritin og öðruvísi mynd þar sem manni leiðist aldrei" - S.V., MBL
SKRAPP ÚT
"...fílgúdd mynd. Húmorísk, elskuleg saga með góðum lyktum og breyskum persónum" - P.B.B., FBL
LÚXUS
DIGITAL HLJÓÐ & MYND
LÚXUS STÓRBROTIN ÆVINTÝRAMYND SEM ALLIR ÆTTU AÐ HAFA GAMAN AF!
MUMMY
"...meistaverk." - New York Magazine
WALL·E
EIN BESTA MYND ALDARINNAR! EF ÞÚ SÉRÐ EINA MYND Á ÁRINU ÞÁ ER ÞETTA MYNDIN!
T.S.K. - 24 STUNDIR
TOMMI - KVIKMYNDIR.IS
THE DARK KNIGHT
Ó.H.T. RÁS 2
AÐ BJARGA HEIMINUM ER HELJARINNAR VINNA!
V.J.V. TOPP5.IS/FBL
STÆRSTA OPNUN ÁRSINS Á SPENNUTRYLLI Í USA!
The Strangers
Það er heill heimur inni í honum sem heldur honum gangandi!
V.J.V. - TOPP5.IS/FBL
MEET DAVE
HAGKAUP
MIKE MYERS LOVE GURU

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SKRAPP ÚT | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 8 - 10.30 D | L |
| THE MUMMY 3 | kl. 1 - 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE MUMMY 3 LÚXUS | kl. 1D - 5.30D | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 8 - 10 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 1D - 3.30D - 5.45D | L |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 1 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SKRAPP ÚT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE DARK KNIGHT | kl. 3 - 6 - 9 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| LOVE GURU | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 4 | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SKRAPP ÚT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3.50 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikil tilþrif hjá Eric Clapton

Eins og fram hefur komið voru tónleikar Erics Clapton í Egilshöllinni á föstudagskvöldið næstfjölsóttustu tónleikarnir sem selt hefur verið inn á hér á landi. Ég ákvað að taka áskorun tónleikahaldara og mætti snemma og sá ekki eftir því. Það hafði í för með sér nokkra bið í salnum, en þannig fékk ég pláss fyrir miðju nálægt sviðinu og sá vel allt það sem fram fór.

Það hefur færst í aukana á stórtónleikum undanfarið að sleppa upphitunaratriðinu til að stytta dagskrána. Ég var feginn að sú leið var ekki farin hjá Eric Clapton því að það var mjög gaman að dagskránni sem Ellen Kristjánsdóttir bauð upp á. Hún mætti með nýstofnaða hljómsveit og spilaði eingöngu ný lög, ef undan er skilið lagið Angels sem hún flutti ásamt bróður sínum KK. Þetta var flott band sem í voru Eyþór Gunnarsson, dætur Ellenar sem bakrödduðu, Ómar og Óskar Guðjónssynir, Magnús Tryggvason og Pétur Ben. Tónlistin lifandi, blúsuð og kántrískotin.

Eric Clapton steig á svið rúmlega níu og byrjaði tónleikana á sömu þremur lögunum og hann hefur byrjað flesta sína tónleika undanfarna mánuði, Tell the Truth, Key to the Highway og Hoochie Coochie Man. Dúndur byrjun og strax varð ljóst að karlinn var í stuði og með honum spiluðu tómir snillingar. Trommuleikarinn Abe Laboriel Jr. sýndi stjörnutilþrif og hljómborðsleikarinn Chris Stainton tók sitt fyrsta af nokkrum mögnuðum píanósólóum í Hoochie Coochie Man.

Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei verið mikill Clapton-maður. Hann er góður spilari auðvitað, en ekkert sérstakur söngvari, laga- eða textahöfundur. Dagskráin í Egilshöllinni var hins vegar svo vel samsett og spiluð að það var ómögulegt annað en að hrífast með. Hann tók góða blöndu af blúsum, gömlum slögurum og nýrri. Byrjaði af krafti, róaði svo fólk niður um miðbik tónleikanna þegar bandið settist og Clapton tók kassagítarinn í hönd og spilaði Driftin' og Nobody Knows You When You're Down and Out og keyrði svo stemninguna upp aftur í lokakaflanum með Before You Accuse Me, Wonderful Tonight og Cocaine. Eftir uppklapp kom flott útgáfa af Cream-slagaranum Crossroads og svo var það búið.

Það voru óneitanlega vonbrigði að Clapton skyldi ekki spila Laylu. Hann hefur endað flesta sína tónleika í ár á lögunum Wonderful Tonight, Layla og Cocaine og þess vegna var svolítið fúlt að hann skyldi sleppa Laylu einmitt á þessum tónleikum. Ætli hann hafi bara gleymt því?

Á heildina voru þetta samt frábærir tónleikar. Öll framkvæmd og aðstaða var til fyrirmyndar. Hljómurinn var góður, að minnsta kosti þar sem ég var staddur, allir gátu séð á stór tjöld sem voru til beggja hliða við sviðið og dagskráin gekk snurðulaust. Ekkert vantaði, nema Laylu …

**Trausti Júlíusson**

**TÓNLEIKAR**
**Eric Clapton**
Egilshöll 8. ágúst
★★★★

Eric Clapton og hljómsveit sýndu stjörnutilþrif á frábærum tónleikum í Egilshöll á föstudagskvöldið. Flott dagskrá og skipulag til fyrirmyndar.


TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
KL. 1 SMÁRABÍÓ
KL.3.50 BORGARBÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ

SparBíó 550kr laugardag SAMbio.is SAMBÍÓIN
WALL-E með íslensku tali kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1:30 í Kringlunni kl. 1:30 á Selfossi og í Keflavík. kl. 2 á Akureyri
MUMMY 3 kl. 1:30 í Álfabakka kl. 2 í Kringlunni kl. 5:40 á Akureyri
DARK KNIGHT kl. 2 í Álfabakka kl. 5 í Kringlunni
KUNG FU PANDA ísl. tali kl. 1:30 í Álfabakka kl. 2 í Kringlunni, kef. og ak
MAMMA MIA kl. 1:30 í Álfabakka

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó
ATH. SÝND KL. 1.45
MÚMÍAN
ATH. SÝND KL. 2
ÍSLENSKT TAL
WALL·E 2008
ATH. SÝND KL. 1.20
THE DARK KNIGHT
LAUGARÁS BÍÓ 500 kr. á fyrstu sýningar dagsins




## Fljúgðu í gegnum námið með ThinkPad

ThinkPad fartölva er frábær kostur fyrir skólafólk. Hún er nett, létt og ótrúlega öflug. Allt að 5 klukkustunda rafhlöðuending, skarpur skjár og vefmyndavél. Góð afköst á frábærum kjörum.

ThinkPad fartölvur eru hugsaðar fyrir kröfuharða notendur. Yfirburðatækni, gæði, lág bilanatíðni og öryggi eru í fyrirrúmi. ThinkPad fartölvur hafa unnið til 1200 verðlauna á heimsvísu fyrir hönnun og virkni.

Skoðaðu ThinkPad í verslun Nýherja, Borgartúni 37, og hjá söluaðilum um land allt.



FALLVÖRN | GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA | INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL | LENGRI RAFHLÖÐUENDING | VÖKVAÞOLIÐ OG UPPLÝST LYKLABORÐ

**NÝHERJI hf.** **sími 569 7700** **www.nyherji.is**

NÝHERJI

ENNEMM / SÍA / NM34820

## > Tveir leikir í Landsbankadeild karla

Fimmtánda umferð Landsbankadeildar karla í fótbolta hefst í dag kl. 17 með stórleik KR og FH á KR-vellinum í Frostaskjóli. FH er sem stendur í toppsæti deildarinnar en KR er í sjötta sæti, níu stigum á eftir Hafnarfjarðarliðinu. FH vann fyrri leik liðanna á Kaplakrikavelli 2-0 og Vesturbæingar eiga því harma að hefna. Logi Ólafsson, þjálfari KR, var áður þjálfari FH en Heimir Guðjónsson, núverandi þjálfari FH, lék um árabil með KR. Þá mætast Þróttur og Fram kl. 19:15 á Valbjarnarvelli en Fram vann fyrri leik liðanna á Laugardalsvelli 1-0.



**sport**

sport@frettabladid.is

RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR: Í DAGLEGU SAMBANDI VIÐ NBA-STJÖRNURNAR SEM STEFNA Á ÍSLANDSFERÐ

# *Kidd og LeBron vilja sjá strákana okkar spila*

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá ganga NBA-stjörnurnar LeBron James og Jason Kidd með grasið í skónum á eftir sunddrottningunni Ragnheiði Ragnarsdóttur hér í Peking. Fréttablaðið hitti Ragnheiði fyrir utan sundhöllina í gær og spurði hana út í málið.

„Þurftirðu endilega að spyrja mig út í þetta," sagði Ragnheiður og hló dátt. „Við erum rosagóðir vinir og þetta eru fínir strákar. Ég tala við þá á hverjum degi. Þeir eru í nákvæmlega sama pakka. Þetta eru bara strákar að keppa og reyna að standa sig vel. Við eigum mjög mikið sameiginlegt."



Ragnheiður hefur hitt NBA-stjörnurnar daglega frá því þeir komu í óvænta heimsókn í íslenska húsið í Ólympíuþorpinu.

„Ég hef verið að hitta Kidd, LeBron og svo Chris Paul líka. Við Fúsi [Sigfús Sigurðsson handboltakappi, innsk. blm.] erum alltaf að hanga með þeim. Þá í matartjaldinu og svona," sagði Ragnheiður en þessi nýi vinskapur hennar og Sigfúsar við stórstjörnurnar hefur kveikt handboltaáhuga hjá körfuboltaköppunum.

„Þeir eru mjög spenntir fyrir handboltanum og vilja koma og sjá út á hvað hann gengur. Þeir eru núna að reyna að redda sér miðum á einhverja leiki hjá Íslandi. Þeir ætla að styðja strákana okkar, sem er gott mál," sagði Ragnheiður en eru þessir strákar ekki að reyna stíft við hana?



„Ekki allir, kannski einhverjir. Ég er aftur á móti á föstu og er búinn að láta þá vita af því. Það er annars mjög gaman að hafa kynnst þessum strákum. Maður má ekki sjá ofsjónum yfir því að þeir séu svona frægir. Þetta eru náttúrlega bara íþróttamenn eins og við."

Ragnheiður segir þá vera orðna mikla Íslandsvini og stefni á heimsókn til landsins.

„Alltaf þegar þeir hitta okkur öskra þeir bara „Iceland, Iceland". Þeir eru svo miklir Íslandsvinir að þeir vilja koma í helgarferð til Íslands og ég á að sjá um það," sagði Ragnheiður kát.



**ÖFLUG** Landsliðskonan Sara Björk Gunnarsdóttir lék sinn fyrsta leik fyrir Blika í gær og stóð sig mjög vel. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Dramatík á Kópavogsvelli:

## Níu Blikastúlkur kláruðu Þór/KA

**FÓTBOLTI** Blikastúlkur héldu sigurgöngu sinni áfram í Landsbankadeildinni í gær þegar þær unnu Þór/KA í dramatískum leik.

Gestirnir í Þór/KA tóku forystu á 38. mínútu þegar hin slóvenska Mateja Zver skoraði af stuttu færi eftir frábæran undirbúning Rakelar Hönnudóttur. Blikastúlkur voru þó ekki lengi að svara því mínútu síðar náði Harpa Þorsteinsdóttir að jafna með lúmsku skoti eftir klafs í vítateignum.

Það dró til tíðinda á 75. mínútu þegar Blikastúlkan Dagmar Ýr Arnardóttir fékk að líta sitt annað gula spjald og þar með rautt spjald. Til að bæta gráu ofan á svart fékk svo markvörðurinn Elsa Hlín Einarsdóttir beint rautt spjald fimm mínútum síðar fyrir brot á Rakel.

Stúlkurnar í Þór/KA reyndu að nýta sér liðsmuninn, en allt kom fyrir ekki. Níu Blikastúlkur voru hins vegar ekki búnar að segja sitt síðasta og á lokamínútu leiksins skoraði Fanndís Friðriksdóttir sigurmarkið eftir misskilning í vörn Þórs/KA. - óþ



**ENN MEIDDUR** Guðjón Valur er enn bólginn á ökkla og óvíst hvort hann spili gegn Rússum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handboltalandsliðið:

## Óvissa með Guðjón Val

**PEKING 2008** Enn er óvíst hvort Guðjón Valur Sigurðsson getur leikið gegn Rússum í dag.

„Hann lenti ofan á öðrum manni og sneri ökklann. Hann er svolítið bólginn og svona helmingslíkur á því að hann geti spilað gegn Rússum," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, við Fréttablaðið í gær.

„Hann er samt í fjórtán manna hópi og verður á bekknum. Við verðum svo bara að sjá til hvort hann getur spilað," sagði Einar en Sturla Ásgeirsson tekur væntanlega sæti Guðjóns í horninu geti hann ekki spilað. – hbg

# Kominn tími til að láta verkin tala

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og Ólafur Stefánsson fyrirliði segja að strákarnir okkar séu klárir í slaginn en þeir mæta Rússum í fyrsta leik sínum. Guðmundur hefur áhyggjur af varnarleik Íslands.**

**PEKING 2008** Íslenska handboltalandsliðið hefur leik á Ólympíuleikunum í dag og fyrsti mótherjinn er Rússland. Íslenska liðinu hefur gengið upp og ofan með Rússana undanfarin ár en ljóst er að rússneska liðið er síst sterkara en það íslenska og ljóst að Ísland þarf að vinna þennan leik ætli strákarnir sér einhverja hluti hér í Peking.

Það var gott hljóðið í þeim Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara og Ólafi Stefánssyni landsliðsþjálfara þegar Fréttablaðið hitti þá að máli eftir æfingu í keppnishöllinni.

„Það er nokkuð gott standið á liðinu en við erum að púsla því saman sem þarf. Þar er vörnin efst á blaði sem við þurfum að koma í betra stand. Ég hef minni áhyggjur af sókninni," sagði Guðmundur og bætti við að heilsufar landsliðsmannanna væri í ágætu lagi.




**LÖGUM VARNARLEIKINN** Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson hefur minni áhyggjur af sóknarleik landsliðsins en viðurkennir að liðið þurfi að laga varnarleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VEL STEMMDUR** Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson telur að íslenska liðið hafa alla burði til þess að gera fína hluti í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er mikil tilhlökkun eftir því að byrja. Við erum búnir að æfa eins og skepnur og nú er kominn tími á að láta verkin tala."

Guðmundur er að mæta á sínu fjórðu Ólympíuleika en hann hefur tvisvar komið sem leikmaður og nú í annað sinn sem þjálfari. Það gekk illa hjá liðinu síðast undir hans stjórn árið 2004 í Aþenu og Guðmundur ætlar sér stærri hluti að þessu sinni.

„Ég hef orðið í sjötta, áttunda og níunda sæti og við ætlum að standa okkur að þessu sinni. Annars er ég ekkert að hugsa um Aþenu, nú eru nýir leikar, nýtt lið og ný tækifæri. Fyrsta markmið er að komast upp úr riðlinum og það markmið næst stokkum við spilin á ný," sagði Guðmundur.

Ólafur Stefánsson er búinn að bíða lengi eftir Ólympíuleikunum og líklega í ein fjögur ár enda var hann afar svekktur yfir gengi liðsins í Aþenu.

„Þegar maður lenti hér fyrst velti maður fyrir sér hvort maður ætti að senda langar hraðaupphlaupssendingar enda ekki víst að maður sæi manninn fremst á vellinum vegna mengunar. Það er allt í þoku," sagði Ólafur léttur.

„Ég er vel stemmdur en það þarf margt að ganga upp hér til að við náum árangri en við höfum lið til að gera fína hluti hérna."

Ólafur er eins og áður segir búinn að bíða lengi eftir leikunum en segir tímann hafa liðið hratt.

„Áður en maður veit er þetta síðan örugglega bara búið. Því er um að gera að njóta hvers dags og vera fókuseraður. Þessi keppni hefur svolítið aðra merkingu en aðrar í hugum flestra. Maður verður því að leggja extra á sig, gefa af sér, tala saman og hafa allt á tæru þegar í leikina er komið. Annars er maður ekki sáttur," sagði Ólafur, sem vill ekkert gefa út um það hvort þetta sé hans síðasta stórmót.

„Maður leyfir þessu móti að líða og sér svo hvað gerist. Það er allt hverfult í heiminum og maður veit aldrei hvað gerist."



**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

Hreiðar Levý Guðmundsson er markvörður landsliðsins númer eitt í Peking:

# Mér finnst gott að bera meiri ábyrgð

**PEKING 2008** Hreiðar Levý Guðmundsson stimplaði sig rækilega inn sem aðalmarkvörður landsliðsins í handknattleik í undankeppni Ólympíuleikanna sem fram fór í Póllandi og mætir nú til leiks hér í Peking sem markvörður númer eitt.

Varaskeifa hans er síðan hinn ungi og efnilegi Björgvin Páll Gústavsson sem er nú að taka þátt í sínu fyrsta stórmóti en hann var valinn í Ólympíuhóp landsliðsins í stað Birkis Ívars Guðmundssonar sem hefur verið markvörður landsliðsins undanfarin ár.

„Auðvitað finn ég að það er meiri ábyrgð á mínum herðum núna og mér finnst það bara gott. Maður leitar eftir því. Við Bjöggi verðum félagar og hjálpum liðinu best þannig. Við erum bara félagar en ekki númer eitt og tvö," sagði Hreiðar vel sveittur eftir snarpa æfingu landsliðsins í keppnishöllinni.

„Það er alveg geðveikt að vera kominn hingað og þetta er algjörlega ný upplifun. Gaman að sjá allt þetta fólk. Litla karla, og konur sem eru stærri en maður sjálfur og jafnvel herðabreiðari. Þetta er bara alveg magnað," sagði Hreiðar en hvað telur hann að liðið geti komist langt á leikunum?

„Það veltur allt á því hversu vel við spilum. Við eigum möguleika gegn öllum liðum. Við byrjum á Rússunum og tökum klisjuna að taka einn leik fyrir í einu." - hbg



**EFTIRVÆNTING** Hreiðar Levý er fullur tilhlökkunar yfir þátttöku á ÓL og telur íslenska liðið eiga möguleika gegn öllum þeim liðum sem eru á leikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MIKILVÆGUR LEIKUR** Hermann Hreiðarsson telur að leikurinn um Samfélagsskjöldinn sé gríðarlega mikilvægur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hermann Hreiðarsson:

## Alveg frábært tækifæri

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Hermann Hreiðarsson verður í eldlínunni með FA-bikarmeisturum Portsmouth sem mæta Englandsmeisturum Manchester United í hinum árlega leik um Samfélagsskjöldinn.

Hermann lítur ekki á leikinn sem síðasta æfingaleik fyrir mót heldur er þetta fyrsti leikurinn á nýju keppnistímabili og frábært tækifæri til þess að vinna fyrstu verðlaunin sem í boði eru.

„Þetta er einn leikur og það eru verðlaun í boði fyrir sigurliðið, þannig að auðvitað er þetta mikilvægur leikur og enn fremur alveg frábært tækifæri. Við vitum hins vegar að þetta verður erfitt gegn góðu liði Manchester United. Leikirnir verða í raun ekki stærri en að leika gegn United um verðlaun og ég veit að það eru mörg lið sem vildu vera í okkar sporum. Þetta eru leikirnir sem maður æfir af krafti fyrir, dag eftir dag, og vonast til þess að fá að spila,“ sagði hinn 34 ára gamli Eyjapeyi í nýlegu viðtali við opinbera heimasíðu Portsmouth. - óþ



**BYRJAR VEL** Aron Einar Gunnarsson byrjaði á sigri með Coventry þegar fyrsta umferð í ensku B-deildinni fór fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólíkt gengi Íslendingaliða:

## Aron Einar vann, Jói Kalli tapaði

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry í sínum fyrsta leik með félaginu sem fór vel af stað í ensku B-deildinni sem fór af stað í gær.

Coventry vann Norwich 2-0 og Aron Einar lék allan leikinn.

Jóhannes Karl Guðjónsson lék síðasta hálftímann þegar Burnley tapaði illa, 1-4, gegn Sheffield Wednesday.

Ívar Ingimarsson verður líklega í byrjunarliði Reading sem heimsækir Nottingham Forest í dag en Brynjar Björn Gunnarsson er frá vegna meiðsla. - óþ

Norðurlandamót í körfubolta:

## Ísland endaði í fimmta sæti

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði fyrir Danmörku, 68-76, í lokaleik sínum á Norðurlandamótinu í Gentofte og enduðu í 5. sæti í mótinu.

Helena Sverrisdóttir fór fyrir íslenska liðinu í gær og skoraði 23 stig, tók 13 fráköst og gaf 6 stoðsendingar en þær Hildur Sigurðardóttir, Pálína Gunnlaugsdóttir og María Ben Erlingsdóttir skoruðu allar 9 stig í leiknum. - óþ

Jakob Jóhann fann sig engan veginn í 100 metra bringusundinu í Peking í gær:

# Brosi því þetta var svo lélegt

**PEKING 2008** Sundkappinn Jakob Jóhann Sveinsson náði ekki markmiðum sínum í 100 metra bringusundi í Peking í gær. Hann byrjaði mjög vel og var annar í sínum riðli eftir 50 metra en gaf verulega eftir á seinni 50 og kom í mark á 1:02,50 sekúndum, sem er tæplega hálfri sekúndu frá Íslandsmeti hans. Jakob endaði í 47. sæti af 63 keppendum og komst eðlilega ekki áfram.

„Ég er búinn að vera að synda 1:02 á hverju einasta stórmóti í fjögur ár. Ég bjóst við betri tíma en það enda búinn að synda einhver 20 sund á svipuðum tíma. Ég er alltaf jafn pirraður þegar ég syndi á 1:02,“ sagði Jakob Jóhann hundsvekktur en þó brosandi. „Ég er bara að brosa af því þetta var svo lélegt.“

Jakob Jóhann á einnig eftir að taka þátt í 200 metra bringusundi og hann er staðráðinn í að gera betur þá.

„Ég kem hingað ekki til þess að synda í undanrásum. Mér finnst það bara vera kjaftæði. Ég er að koma hingað til þess að synda í úrslitum. Það gengur vonandi betur í næsta sundi. Þar ætla ég mér í úrslit og ekkert kjaftæði,“ sagði Jakob ákveðinn. - hbg




**VONSVIKINN** Jakob Jóhann var ekki sáttur með eigin frammistöðu í Peking í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sakna sviðsljóssins ekki neitt

**Það hefur farið lítið fyrir Erni Arnarsyni síðustu mánuði. Hann hefur þó ekki legið í leti heldur segist hann mæta til leiks í Peking í betra formi en margir halda. Örn er á leið í skóla í Danmörku næsta vetur.**

**PEKING 2008** Fánaberinn Örn Arnarson er mættur til leiks í þriðja sinn á Ólympíuleikunum. Þessi frábæri sundmaður frá Hafnarfirði varð í fjórða sæti í Sydney árið 2000 en var talsvert fjarri sínu bestu í Aþenu 2004. Hann mætir til leiks í Peking í betra formi og er til alls líklegur, en hann keppir í 100 metra baksundi í dag.

„Ég er í talsvert betra líkamlegu formi núna en fyrir fjórum árum. Ég er í góðum gír og æfingar hafa gengið vel,“ sagði Örn, sem lenti í því fyrir nokkrum mánuðum að missa þjálfarann sinn, Nenad Milos, sem var vikið frá störfum á meðan ásakanir á hendur honum vegna ósæmilegrar hegðunar gagnvart sautján ára stúlku er hann þjálfaði voru rannsakaðar.

„Ég hef bara verið að þjálfa mig sjálfur og án félagsskaps í lauginni. Enginn til að berja mig áfram. Það hefur gengið bara ágætlega enda orðinn reynslumikill og veit vel hvað ég þarf að gera.“

Örn hætti eftir Aþenu en kom til baka af fullum krafti.

„Það var stoltið og þrjóskan sem fékk mig til þess að byrja aftur. Ég vildi ekki hætta eftir leika eins og í Aþenu. Það er ekkert víst að ég hætti eftir þessa leika,“ sagði Örn, sem mun synda með dönsku liði næsta vetur en þangað er hann á leið í skóla.

„Ég ætla að læra afreksþjálfun í Íþróttaháskólanum í Álaborg. Ég byrjaði að þjálfa fyrir þremur árum og það á vel við mig þannig að ég verð áfram í sundinu. Skólinn mun samt hafa forgang hjá mér næsta vetur og það er örugglega í fyrsta skipti sem hann verður númer eitt hjá mér,“ sagði Örn, sem er að verða 27 ára gamall.

Árangur Arnar í Sydney árið 2000 er mönnum enn í fersku minni en þar náði hann fjórða sæti. Telur hann sig geta náð viðlíka árangri núna?

„Það er allt hægt. Í þeim greinum sem ég keppi í eru allir mjög jafnir. Á heimsmeistaramótinu í fyrra munaði innan við sekúndu á 30 efstu í undanrásum í 100 metra skriðsundinu. Ég gæti þess vegna orðið fyrstur, annar eða þrjátíu. Ég er mikið fyrir að reikna hlutina út. Ef ég bæti sjö ára gamalt Íslandsmet mitt í baksundinu ætti ég að komast í undanúrslit og eftir það er þetta allt galopið,“ sagði Örn, sem hefur verið helst þekktur fyrir afrek í baksundi en hann hefur verið að koma mjög sterkur upp í skriðsundinu.

„Ég hef verið að blanda þessu mikið saman og tel mig geta keyrt vel á báðar greinar. Ef ég lít raunhæft á málin ætti ég samt að eiga meiri möguleika í baksundinu,“ sagði Örn, sem hefur lítið verið í sviðsljósinu síðustu mánuði og menn gera sér því ekki fulla grein fyrir því hversu sterkur hann er þessa dagana.

„Mér líkar mjög vel við að hafa ekki verið í sviðsljósinu. Ég sakna þess ekki neitt. Engu að síður get ég upplýst fólk um að formið er til staðar en ég hef verið að fara í úrslit á stórum mótum. Ég er í betra formi en margir halda,“ sagði Örn ákveðinn. Hann skartar forláta yfirvaraskeggi í Peking en það fær að fjúka fyrir baksundið í dag líkt og önnur hár á líkamanum.

„Jakob og Árni byrjuðu með mottukeppni en hættu svo báðir en við Hjörtur erum aftur á móti komnir með mottur. Það gekk hjá Spitz að synda með mottu en ég læt það eiga sig,“ sagði Örn léttur en hann segir það taka sig um klukkutíma að raka öll hárin af líkamanum.




**Í BETRA FORMI EN FYRIR FJÓRUM ÁRUM** Örn Arnarson hefur verið að þjálfa sig sjálfur undanfarið og með góðum árangri að eigin sögn. Hann ætlar að svo að fara í nám næsta haust og leggja stund á nám í afreksssundþjálfun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

Ragna keppti fyrst íslensku keppendanna í Peking en varð að hætta vegna meiðsla:

# Stefnir ótrauð á London 2012

**PEKING 2008** Badmintonstúlkan Ragna Ingólfsdóttir var fyrst Íslendinga í eldlínunni hér í Peking í fyrrinótt er hún mætti hinni smáu en knáu Eriko Hirose frá Japan. Er skemmst frá því að segja að Ragna átti aldrei möguleika gegn sterkum mótherja sem spilaði mikið upp á meiðsli Rögnu, sem var augljóslega að hlífa sér. Er hún hætti því varð hún fyrir meiðslum á hnénu þar sem hún hefur verið með slitið krossband í tæplega eitt og hálft ár. Ragna varð því að hætta og gefa leikinn sem hún var reyndar að tapa stórt.

„Það var erfitt að þurfa að hætta í leiknum en ég er samt mjög þakklát fyrir að hafa komist hingað og hafa getað spilað leikinn eftir allt saman. Ég hefði allt eins getað meiðst á æfingu daginn fyrir. Nú fer ég í langþráða aðgerð og kem svo sterk til baka þar sem ég get æft á eðlilegan hátt,“ sagði Ragna við Fréttablaðið brosandi en þó með tárin í augunum. Spennufallið var mikið hjá Rögnu, sem er alls ekki af baki dottin.

„Mér finnst ég bara vera að byrja og tel mig bara vera að fá góða reynslu með því að fara á þessa leika. Ég stefni ótrauð að því að komast á London árið 2012,“ sagði Ragna en hún hefur sýnt gríðarlega hörku með því að spila meidd og tryggja sig inn á ÓL í Peking.

„Ég stefni á að komast í landsliðsferðir árið 2009. Ég er ekkert búin eftir þessa leika. Er aðeins 25 ára og badmintonspilarar eru að toppa 28 eða 29 ára þannig að ég verð vonandi í mínu besta formi í London og þangað stefni ég,“ sagði Ragna ákveðin. - hbg



**SÁRSAUKI** Ragna varð að hætta keppni vegna meiðsla áður en leikur hennar gegn hinni japönsku Eriko Hirose kláraðist. Ragna hefur leikið með slitið krossband í tæplega eitt og hálft ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## > Ashton Kutcher

„Ég verð aldrei besti leikarinn í Hollywood en ég get orðið sá duglegasti,“ segir Kutcher, sem leikur í myndinni The Guardian sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR ER DOTTIN Í RAUNVERULEIKASJÓNVARPIÐ

# *Dansað og elskast fyrir framan myndavélarnar*



Skottís, ræll, vals, djæf, samba, tsjatsjatsja og tjútt voru meðal þeirra dansa sem ég lærði í danskennslu í grunnskóla. Flest þessi spor eru löngu gleymd en gleðin sem fylgir dansinum rifjaðist upp þegar ég horfði á þáttinn So You Think You Can Dance á dögunum.

Ég hafði aldrei séð þennan þátt og núna skil ég ekki hvernig ég gat leyft mér að missa af honum. Þessir þættir eru algjör snilld. Hver nennir að horfa á misfalskt fólk í Ædolinu þegar maður getur séð dásamlegan limaburð og setið agndofa yfir dansi þátttakendanna í So You Think You Can Dance?

Annars verð ég að viðurkenna að áður óþekktur raunveruleikasjónvarpsáhugi hefur látið á sér kræla hjá mér upp á síðkastið. Ég sit ekki bara límd fyrir framan sjónvarpið þegar So You Think You Can Dance er á skjánum heldur tekst ýmsum öðrum sora að fanga athygli mína. Ég stóð mig til dæmis að því að horfa á þrjá heila þætti af Pussycat Dolls-stjörnuleitinni og gat ekki slitið mig frá þættinum The Moment of Truth eitt kvöldið. Hámarki letinnar var síðan náð á miðvikudagskvöldið þegar ég hætti við að fara út að hlaupa og sat í staðinn eins og hrúga í sófanum og horfði á þáttinn Sexual Healing á Skjá einum sem verður að teljast með súrari raunveruleikasjónvarpsþáttum sem um getur. Þátturinn gengur út á það að pör sem eiga í erfiðleikum í svefnherberginu leita til ráðgjafa og fá bót meina sinna – í sjónvarpinu. Þarna var til dæmis kona sem var svo feimin og óörugg að kærastinn hennar mátti ekki sjá á henni brjóstin. Einhvern veginn datt henni samt í hug að besta leiðin til að ráða bót á því væri sú að bjóða sjónvarpsmyndavélunum með upp í rúm.

Sem betur fer virðist veruleikaskyn mitt ekki mjög brenglað eftir allt þetta áhorf. Að minnsta kosti er ansi langt í að ég skrái mig í þátt á borð við Sexual Healing.

Ef haldnar verða prufur fyrir So You Think You Can Dance á Íslandi mun ég hins vegar mæta. Ég kann enn þá grunnsporin í djæf.

## EKKI MISSA AF



▶ **13.30 Man. Utd. - Portsmouth beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.10 Grumpy Old Women** STÖÐ 2



▶ **20.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10 Frelsisþrá** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 Good Advice** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**07.15 ÓL í Peking - Samantekt** (4:45)

**07.55 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Pósturinn Páll og Friðþjófur forvitni.

**09.00 ÓL í Peking** Fimleikar kvenna

**10.30 ÓL í Peking** Sund

**12.35 ÓL í Peking** Handbolti karla, Ísland-Rússland (e)

**14.10 ÓL í Peking** Körfubolti karla, Kína - Bandaríkin.

**16.15 ÓL í Peking - Samantekt** (5:45)

**17.00 ÓL í Peking - Samantekt** (6:45)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Á flakki um Norðurlönd** (5:8) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Út og suður**

▶**20.10 Frelsisþrá** (Tropiques amers) (1:6) Franskur myndaflokkur frá 2006. Sagan gerist á eyjunni Martinique seint á 18. öld og segir frá árekstrum milli hvítra plantekrueigenda og þræla þeirra.

**21.05 Fölsk játning** (Falscher Bekenner) Þýsk bíómynd frá 2005 um pilt sem játar á sig glæpi sem hann hefur ekki framið.

**22.35 Ólympíukvöld** (2:16)

**23.05 Víkingasveitin** (S.W.A.T.) (e)

**01.00 ÓL í Peking** Strandblak karla, Argentína-Lettland

**01.55 ÓL í Peking** Sund úrslit

**03.30 ÓL í Peking** Strandblak karla

**04.20 ÓL í Peking** Blak kvenna

**05.50 ÓL í Peking** Handbolti kvenna

## BÍÓ

**08.00 To Walk with Lions**

**10.00 Diary of a Mad Black Woman**

**12.00 The Guardian**

**14.15 How to Kill Your Neighbor's Dog**

**16.00 To Walk with Lions**

**18.00 Diary of a Mad Black Woman**

**20.00 The Guardian** Kvikmynd frá árinu 2006 með Ashton Kutcher og Kevin Costner í aðalhlutverkum.

**22.15 Land of the Dead**

**00.00 The Tesseract**

**02.00 The Bone Collector**

**04.00 Land of the Dead**

**06.00 Mrs. Harris**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fífí

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

**09.30 Tommi og Jenni**

**09.55 Kalli litli kanína og vinir**

**10.20 Stóra teiknimyndastundin**

**10.45 Bratz**

**11.10 Ævintýri Juniper Lee**

**11.35 Stuðboltastelpurnar**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**13.55 Monk** (8:16)

**14.50 Flipping Out** (3:7)

**15.45 Creature Comforts** (3:7)

**16.10 Beauty and the Geek** (3:13)

**16.55 60 minutes** Fréttaskýringarþátturinn 60 Minutes er nú kominn í sumarfrí vestanhafs og verður því boðið upp á athyglisverðustu fréttaskýringar síðustu missera.

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

▶**19.10 Grumpy Old Women** (1:4) Í þessari bresku gamanþáttaröð fær einstaklega orðheppið miðaldra fólk færi á að láta dæluna ganga og nöldra linnulaust.

**19.40 The Complete Guide To Parenting** (1:6) Gamanþáttaröð fyrir alla fjölskylduna. George Huntley er mikilsvirtur prófessor í uppeldisfræði, metsöluhöfundur handbóka um foreldrahlutverkið og barnauppeldi.

**20.05 Women's Murder Club** (8:13) Sakamálaþáttur um fjórar perluvinkonur sem rannsaka morð.

**20.50 Blue Murder** (1:4)

**22.00 The Tudors** (2:10) Önnur þáttaröð einnar metnaðarfyllstu sjónvarpsþáttaraðar síðari ára. Johnathan Rhys Meyers fer með hlutverks Hinriks VIII sem er einn nafntogaðasti konungur sögunnar.

**22.55 Wire** (8:13) Fjórða syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum.

**23.55 The Dale Earnhardt Story**

**01.25 The Blue Butterfly**

**03.00 What's Love Got To Do With It**

**04.55 Women's Murder Club** (8:13)

**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.30 US PGA Championship 2008** Útsending frá þriðja deginum á US PGA Championship mótinu í golfi.

**12.00 Landsbankamörkin 2008**

**13.00 Community Shield 2008 – Preview** Hitað upp fyrir Samfélagsskjöldinn þar sem mætast Manchester Utd. og Portsmouth.

▶**13.30 Samfélagsskjöldurinn** Bein útsending frá leik Man. Utd og Portsmouth um Samfélagsskjöldinn.

**16.15 The Science of Golf** Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig. Hvað eru kylfingar að gera rangt í sveiflunni?

**16.45 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik KR og FH í Landsbankadeild karla.

**19.00 US PGA Championship 2008** Bein útsending frá lokadeginum á US PGA Championship mótinu í golfi.

**23.00 Landsbankadeildin 2008** KR - FH.

**00.50 F1: Við endamarkið**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.40 Enska 1. deildin** Birmingham - Sheffield Utd.

**11.20 Amsterdam Tournament 2008** Arsenal - Sevilla

**13.00 Community Shield 2008 - Preview** Hitað upp fyrir Samfélagsskjöldinn þar sem mætast Manchester Utd. og Portsmouth.

**13.30 Samfélagsskjöldurinn** Bein útsending frá Samfélagsskildinum þar sem mætast Man. Utd og Portsmouth.

**16.15 Enska 1. deildin** Nottingham Forest - Reading

**17.55 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**18.25 PL Classic Matches** Man. Utd - Chelsea, 00/01. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**18.55 PL Classic Matches** Arsenal - Everton, 01/02.

**19.25 Bestu leikirnir** West Ham - Liverpool

**21.05 Samfélagsskjöldurinn** Man. Utd. - Portsmouth.

**23.00 Amsterdam Tournament 2008** Ajax - Inter Milan

**00.00 Samfélagsskjöldurinn** Man. Utd. - Portsmouth.

## SKJÁREINN

**10.30 Vörutorg**

**11.30 Dr. Phil** (e)

**15.15 The Real Housewives of Orange County** (e)

**16.05 The Biggest Loser** (e)

**17.35 Britain's Next Top Model** (e)

**18.25 Design Star** Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. (e)

**19.15 The IT Crowd** Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum. (e)

**19.40 Top Gear – Best of** Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.

**20.40 Are You Smarter than a 5th Grader** Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir þeim fullorðnu.

▶**21.30 Good Advice** Rómantísk gamanmynd frá árinu 2001 með Charlie Sheen, Denise Richards og Angie Harmon í aðalhlutverkum. Hún fjallar um tilfinningasnauðan gaur í fjármálageiranum sem missir vinnuna og kærustuna á einu bretti. En þegar allt sýnist vonlaust fær hann tækifæri til að sanna sig. Þegar til kastanna kemur reynist hann hinn mesti sérfræðingur í ástarmálum og dálkurinn verður vinsælli en nokkru sinni fyrr.

**23.00 Cora Unashamed** Sjónvarpsmynd frá árinu 2000 sem byggð er á smásögu eftir Langston Hughes. Sagan gerist á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar í Iowa og aðalsöguhetjan er Cora Jenkins, blökkukona sem vinnur sem heimilishjálp á ríkisbubbaheimili. Aðalhlutverkin leika Regina Taylor, Cherry Jones og Ellen Muth.

**00.30 Sexual Healing** (e)

**01.20 Da Vinci's Inquest** (e)

**02.10 Vörutorg**

**03.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**18:45 Gönguleiðir** Fyrsti þáttur í 12 þátta seríu „Lónsöræfi“ Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### Blue Murder - NÝTT



Blue Murder er hörkuspennandi breskur sakamálaþáttur um metnaðargjörnu rannsóknarkonuna Janine Lewis sem þarf að samræma starfið og móðurhlutverkið. Í fyrsta þættinum er Janine er nýkomin úr barneignafríi þegar hún verður vitni að því að keyrt er á litla stelpu en ökumaðurinn stingur af. Slysið tengist á einhvern hátt morði á strippdansara og Janine er ákveðin í því að leysa bæði málin án tafar. Í aðalhlutverkum eru Caroline Quentin og Ian Kelsey.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Ólympíukvöld

### Sjónvarpið kl. 22.35

Í þættinum verða íþróttaviðburðir dagsins á Ólympíuleikunum rifjaðir upp. Íslensku keppendurnir munu koma við sögu eftir því sem við á og valinkunnir útsendarar færa fréttir af mannlífinu í Kína. Spáð verður í spilin og línur lagðar fyrir spennandi keppni framundan.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Tónlistargrúsk
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Þættir úr sögu tvífarans
**11.00** Guðsþjónusta í Áskirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vem kan segla förutan vind?
**14.00** Loftbelgur
**14.30** Lostafulli listræninginn
**15.00** Flækingur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Saga til næsta bæjar
**19.00** Óskastundin
**19.40** Af minnisstæðu fólki
**20.00** Leynifélagið
**20.25** Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
**21.05** Gonzo
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Umhverfis jörðina
**23.10** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.25 Hollyoaks**
**16.50 Hollyoaks**
**17.15 Hollyoaks**
**17.40 Hollyoaks**
**18.00 Seinfeld** (6:13)
**18.30 Seinfeld** (7:13)
**19.00 Seinfeld** (5:24)
**19.30 Seinfeld** (6:24)
▶**20.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious** (10:10) Hljómsveitin Pussycat Dolls er vinsæl úti um allan heim og nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls sem mun heita Girlicious og samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsögðu gullfallegum stúlkum.
**20.45 Twenty Four 3** (11:24) Jack og Salazar undirbúa það að fylgja Ninu til Amador. Chase kemur sér fyrir ásamt CTU-Delta liðinu. Sherry er aftur orðin hluti af lífi Palmers.
**21.30 Entourage** (18:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.
**22.00 Seinfeld** (6:13)
**22.25 Seinfeld** (7:13)
**22.50 Seinfeld** (5:24)
**23.15 Seinfeld** (6:24)
**23.40 Sjáðu**
**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Deep Blue **14.25** Animal Crime Scene **15.15** Animal Crime Scene **16.05** Animal Crime Scene **17.00** Animal Park: Wild in Africa **17.30** Animal Park: Wild in Africa **18.00** Animal Park: Wild in Africa **18.30** Animal Park: Wild in Africa **19.00** Days that Shook the World **20.00** Blizzard - Race to the Pole **21.00** Terry Jones' Barbarians **22.00** Wild Indonesia **23.00** Days that Shook the World **0.00** Blizzard - Race to the Pole

## DR 1

**10.10** Boxen **15.00** NI HAO OL højdepunkter **15.30** Postmand Per **15.55** Home things **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen 17.05 Det første skoleår **18.00** Rejseholdet **19.00** TV Avisen **19.15** NI HAO aftenOL **20.10** Duk dig, fjols! **22.40** En sag for Frost **0.20** Conviction **1.00** NI HAO OL direkte **5.00** NI HAO OL direkte

## NRK 1

**7.00** Sommer-OL i Beijing: Sykkel landevei, kvinner **9.15** Sommer-OL i Beijing: Høydepunkter fra nattens øvelser **13.00** Sommer-OL i Beijing: Seiling **14.15** Sommer-OL i Beijing: Basket USA-Kina, menn **16.00** Lillefot og vennene hans **16.25** Herr Hikke **16.30** Energikampen 2007 **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL i Beijing: OL-studio **19.15** Med lisens til å sende: Mesterlige øyeblikk **19.45** Kavanagh **21.00** Kveldsnytt **21.20** Autofil **21.50** Versailles, en konges drøm **23.20** I fiendehender **1.00** Sommer-OL i Beijing **2.00** Sommer-OL i Beijing: Svømming finaler **4.00** Sommer-OL i Beijing: Skyting 10 m luftrifle finale, menn **4.30** Sommer-OL i Beijing: Høydepunkter fra nattens øvelser **6.00** Sommer-OL i Beijing: Håndball Norge-Angola, kvinner

## SVT 1

**10.00** Sommar-OS i Peking **16.00** Anki och Pytte **16.30** Sagoberättaren **17.00** Solens mat **17.30** Rapport **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Jag och min mormor **20.30** En bro över Wadi **21.00** Rapport **21.10** Sommar-OS i Peking **1.00** Sommar-OS i Peking **4.00** Sommar-OS i Peking







## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann er mjög hæfileikaríkur og byrjaði mjög ungur að fást við sköpun. Hann var ellefu ára þegar hann gaf á eigin vegum út skátablað á Húsavík og safnaði sjálfur auglýsingum fyrir þrjátíu þúsund sem runnu beint til skátanna. Hann er afskaplega góður drengur, tillitssamur, kurteis og mjög bóngóður.“*

Valgerður Gunnarsdóttir, móðir Örlygs Hnefils Örlygssonar sem opnaði ljósmyndasýningu á besta netkaffihúsi heims í London á föstudagskvöld.

## HIN HLIÐIN KRUMMI BJÖRGVINSSON TÓNLISTARMAÐUR

# Finnst gubbupest og afbrýðisemi leiðinleg




**Hvað er að frétta?** Allt er dásamlegt. Hljómsveitin mín, Esja, var að gefa út sína fyrstu plötu og Mínus er í fullum gangi líka. Lífið leikur við mann þessa dagana.
**Augnlitur:** Grænn.
**Starf:** Tónlistarmaður með meiru.
**Fjölskylduhagir:** Mamma, pabbi, systir, hálfbróðir og vinir.
**Hvaðan ertu?** Ég er úr Hafnarfirði.
**Ertu hjátrúarfullur?** Já.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Þeir eru nokkrir, sem dæmi má nefna Deadliest Catch, Fréttir og margt fleira.
**Uppáhaldsmatur:** Indverskur matur og íslenskur fiskur er það besta sem ég fæ.
**Fallegasti staðurinn:** Mér finnst Hvalfjörðurinn mjög fallegur, einnig Snæfellsjökull og Grótta.
**iPod eða geislaspilari:** Vínylspilari að sjálfsögðu! En ég á æðislegan iPod líka.
**Hvað er skemmtilegast?** Að skapa list með hæfileikaríku fólki og að vera lifandi.
**Hvað er leiðinlegast?** Afbrýðisemi og gubbupest.
**Helsti veikleiki:** Ég er full dómharður og nokkuð skapmikill.
**Helsti kostur:** Hvað ég er lítill og nettur hehehe …
**Helsta afrek:** Að geta lifað á listinni og eiga svona góða fjölskyldu og vini.
**Mestu vonbrigðin:** Að Ameríka hafi ráðist inn í Írak og náttúruspjöll.
**Hver er draumurinn?** Að fólk lifi í sátt og samlyndi og að það læri að bera meiri virðingu fyrir jörðinni og sjálfu sér.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Bill Hicks og Lenny Bruce.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Neikvæðni þótt að ég sé svolítið neikvæður stundum, en maður er nú bara mennskur.
**Hvað er mikilvægast?** Að elska allt og alla og ekki sóa lífi sínu í rugl.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekki er víst að **Valur Gunnarsson**, sem barist hefur ákaft gegn því að auglýsingamennskan ryðji sér til rúms í listum, hafi rekið augun í nýjasta tölublað Stínu – tímarits um bókmenntir og listir. En þar gæti hann komist í feitt í tengslum við vangaveltur um **Megas** og auglýsingasamning hans við Toyota: Í viðtali **Guðrúnar Evu** svarar Megas spurningunni um hvað sé heilagt að það séu heilindi og ákveðin gildi. Megas segir materíalismann gríðarlegan í dag og erfitt fyrir fólk að vera heilt. „Það er alltaf von á peningum sem jafngilda ákveðnum gæðum sem eru síðan engin gæði þegar allt kemur til alls,“ segir Megas.



**Ásgeir Kolbeinsson** lét sig ekki vanta á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina, sem er svosem ekki í frásögur færandi. Í Herjólfsdal er tjörn sem þjóðhátíðargestir eiga til að henda sér út í þegar líður á nóttina. Ásgeir bætti um betur og fór út í tjörnina á gúmmíbát með myndatökumann til að taka upp innslag fyrir þáttinn Sjáðu sem Ásgeir hefur umsjón með á Stöð 2. Ölóð ungmenni gátu þó ekki á sér staðið og æddu út í vatnið og hófu að skvetta vatni á Ásgeir sem varð frá að hverfa ásamt myndatökumanninum.



- jbg/shs

## MARGRÉT LENA KRISTENSEN: FÓR Í SJÁLFBOÐASTARF TIL INDLANDS

# Hlúði að heilögum kúm

„Menningin í þessum tveimur löndum er gjörsamlega eins og svart og hvítt,“ segir Margrét Lena Kristenssen, sem er nýkomin heim úr tveggja mánaða ferð til Sviss og Indlands á vegum Nínukots, en eftir að Margrét lauk stúdentsprófi síðustu jól ákvað hún að halda á vit ævintýranna. Fyrst starfaði hún hjá kaþólskri fjölskyldu á bóndabæ í Zug í Sviss í tæpar þrjár vikur, þar sem hún sinnti mismunandi heimilisstörfum.

„Ég sem hafði aldrei verið á bóndabæ áður né séð um eldamennsku sá um að elda ofan í alla fjölskylduna og sinnti bústörfum. Þau ráku líka litla verslun á bóndabýlinu þar sem þau seldu eigin afurðir, svo sem tómata, vín, pepperoni og ber sem eru þeirra helsta lifibrauð, svo það var í nógu að snúast,“ útskýrir Margrét, en eftir dvölina í Sviss var ferðinni var heitið til Jaipur á Indlandi í sjálfboðavinnu.

„Mig langaði mikið til að vinna með dýrum svo ég fór að vinna á dýraspítala eftir að hafa farið á undirbúningsnámskeið. Ég var fyrsti sjálfboðaliðinn sem kom á spítalann og sá strax hvað starfsfólkið hafði lítinn metnað. Aðstæðurnar voru fátæklegar, búrin mjög ryðguð og dýrin fengu yfirleitt bara súra mjólk og gamalt chapati-brauð. Þarna voru hundar, kettir, kanínur, dúfur og mikið af beljum. Kýr eru heilagar á Indlandi og það má ekki hreyfa við þeim úti á götu svo margar komu beinbrotnar eftir að það hafði verið keyrt á þær,“ útskýrir Margrét, sem upplifði talsverðan mun á hreina umhverfinu í Sviss og skítugum moldarvegum Indlands.

„Ég hreinsaði drykkjarílátin hjá dýrunum og keypti bæði hunda- og kattamat. Mér fannst ekki síður mikilvægt að veita dýrunum væntumþykju og fann að það skipti sköpum. Þegar ég fór hafði nýr starfsmaður verið ráðinn og viðhorfið á spítalanum breyst töluvert. Dýrin fá nú betri umönnun og aðbúnað og það er góð tilfinning að vita að maður hafi haft góð áhrif,“ segir Margrét að lokum, en í haust stefnir hún á háskólanám í ferðamálafræði og heimspeki.

alma@frettabladid.is



**HEILAGAR KÝR** Margrét Lena sinnti mörgum kúm á dýraspítalanum, en í Indlandi eru kýr heilagar svo ekki má hreyfa við þeim á götum úti og því komu margar með opið beinbrot eftir árekstur.



**SLÆMT ÁSTAND** Margrét Lena segir ástandið á dýraspítalanum í Jaipur ekki hafa verið gott þegar hún kom. Kýrnar voru gjarnan með opin sár og beinbrot sem þurfti að hlúa vel að.



**LÍFLEGUR BÓNDABÆR** Í Zug í Sviss starfaði Margrét Lena á bóndabæ þar sem hún sinnti ýmsum bústörfum og eldaði ofan í fjölskylduna.

# Breytt og bætt Kaffi Kúltúra

Skemmtistaðurinn Kaffi Kúltúra hefur nú fengið nýjan skemmtanastjóra, Nuno De Palma, en hann hefur verið búsettur hér á landi í tæp fjögur ár. Nuno er vel kunnur skemmtanalífinu hér á landi því hann hefur lengi starfað sem plötusnúður á ýmsum skemmtistöðum borgarinnar. „Ég hef verið að taka hljóðkerfið á staðnum í gegn undanfarnar vikur og einnig staðið í öðrum minniháttar endurbótum. Við ætlum að fá gamalreynda plötusnúða líkt og Magga Legó, Árna Sveins og Dj Margeir til þess að spila hérna reglulega fyrir dansi. Svo verðum við með sérstaka dagsskrá á menningarnótt og tökum einnig þátt í Airwaves-hátíðinni í ár,“ segir Nuno.

Nýr kokkur hefur verið fenginn til að reka eldhúsið og verður matseðillinn áfram alþjóðlegur og á viðráðanlegu verði. Nuno segir að gestir staðarins komi úr öllum áttum og skapi það skemmtilega stemningu. „Hingað sækir mikið af tónlistarfólki og fólk sem áður stundaði skemmtistaðinn Sirkús, í bland við fólk af öðrum þjóðernum þannig hér skapast alþjóðleg stemning.“ segir Nuno. - sm



**NÝR SKEMMTANASTJÓRI** Nuno hefur staðið í endurbótum á Kaffi Kúltúra.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sýna í síldarverksmiðju

Fyrrum blaðamaðurinn Símon Birgisson, sem stundar nú nám í fræðum og framkvæmd við Listaháskóla Íslands, hyggst leggjast í víking með nýtt leikverk sitt, Vini. Vinir verða sýndir á listahátíðinni Art Fart og á Menningarnótt, en frumsýningin fer fram í gamalli síldarverksmiðju á Djúpavík, 15. ágúst.

„Ég fór til Djúpavíkur til þess að skrifa og kynntist þá nokkuð vel fólkinu sem rekur hótelið þar og það var í gegnum það sem okkur var boðið að setja sýninguna upp,“ segir Símon. Leikritið er fyrsta verkið sem þetta upprennandi leikskáld skrifar í fullri lengd, en leikstjóri er Þorleifur Örn Arnarsson. „Leikritið fjallar um þrjá vini og uppgjör þeirra við fortíðina. Ég er í raun að varpa fram þeirri spurningu um hvað minningar séu og hvort þær séu raunverulegar. Þetta er dramatískt verk en tengt poppkúltur minnar kynslóðar.“



**VIÐ ÆFINGU** Leikararnir sjást hér við æfingu nýs verks eftir Símon Birgisson.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Símon segir að það sé fín stemning í Djúpavík fyrir leikritinu og að nú þegar séu öll gistirými í bænum fullbókuð vegna Djúpavíkurdaganna. „Fyrir okkur sem stöndum að sýningunni er þetta hálfgert ævintýri því við erum að renna svolítið blint í sjóinn með þetta. Við vonum bara að það verði ekki of kalt inni í gömlu verksmiðjunni,“ segir Símon að lokum kampakátur. - sm

# Kæru þjóðhátíðargestir

Þjóðhátíð Vestmannaeyja er lítið og undurfagurt ævintýr. Stemningin í Herjólfsdal er mögnuð með brennu, flugeldasýningu og brekkusöng. En allt veltur þetta á því að við sem hátíðina sækjum, skemmtum okkur í sátt og samlyndi og látum góða skapið og bjarta brosið ráða för.

Um leið og við þökkum ykkur fyrir komuna á Þjóðhátíð Vestmannaeyja, viljum við þakka ykkur fyrir frábæra skemmtun í Herjólfsdal. Lífið er yndislegt með ykkur. Sérstaklega viljum við þakka unga fólkinu fyrir, þið voruð alveg meiriháttar.

**Þjóðhátíðarnefnd Vestmannaeyja 2008 og Vestmannaeyjabær.**



## Sjáumst á Þjóðhátíð 2009!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**

**Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur**


## *Hótanir og hugsjónir*

Margar þeirra stétta sem berjast fyrir því að fá laun í samræmi við menntun og mikilvægi starfans, eru stéttir sem sinna hagsmunum barna. Nýjasta dæmið eru auðvitað ljósmæður.

**LEIKSKÓLAKENNARAR** og fóstrur liðsinna foreldrum við að ala börnin upp sem og kennarar, þar sem kennslu- og uppeldishlutverk er samofið. Sú staðreynd að hagsmunir barna vega ekki sérstaklega þungt, blasir einnig við þegar litið er til stöðu barnaverndarmála. Reglulega fréttist af starfi barnaverndar þar sem skammast er yfir afgreiðslu einstakra mála. Ýmist eru menn ævareiðir yfir of miklu inngripi nefndanna eða telja að nefndin geri allt of lítið. Undir þessu situr starfsfólk sem eðli málsins samkvæmt getur sjaldnast svarað fyrir sig. Auðvitað gera starfsmenn barnaverndarnefnda mistök og þar sem miklir hagsmunir eru í húfi verða mistökin því miður alvarlegri. En ætti gagnrýnin ekki að beina kastljósinu að því að þeir sem vinna að því að tryggja hag barna, sem í sumum tilvikum eiga engan annan málsvara, eigi að geta sinnt því starfi sómasamlega?

**UMRÆÐA** um hagsmuni barna er að mestu bundin við hagsmuni hinna fullorðnu í kringum þau. Gildir þá einu hvort fjallað er um leikskólamál, forsjármál eða barnaverndarmál. Rauði þráðurinn ætti hins vegar að vera hagsmunir barnsins.

**LÁG** laun í þessum „barna"-stéttum eru óbeint réttlætt þannig að um sé að ræða hugsjónastörf. Þá virðist blasa við að ekki eigi að umbuna fólki fyrir hugsjónir. Í næstu andrá geta menn svo réttlætt góð kjör stjórnenda í fjármálafyrirtækjum þannig að hætta sé á að hæfileikafólk þiggi boð frá erlendum samkeppnisaðilum séu kjörin ekki svona góð. Að vísu eru nánast engin dæmi um slík boð. Þar virðist því hótunin um að hætta hafa sitthvað að segja um kjörin – en það er í sjálfu sér ekki þannig að hér sé ætlunin að býsnast yfir góðum kjörum í fjármálageiranum, síður en svo.

**EFTIR** stendur þó að menntaðar ljósmæður, leikskólakennarar og aðrar stéttir sem sinna hagsmunum barna hafa einmitt hætt störfum vegna kjara sinna, án þess að það veki sérstaka athygli eða sé gagnrýnt af þunga. Hugsjónafólkið þarf nefnilega líka að geta lifað af laununum. En hvað segir það okkur um stöðu barna?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 10. ágúst, 224. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.04 | 13.33 | 21.59 |
| Akureyri | 4.36 | 13.18 | 21.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*



Magnús Jónsson, Amy Poppers, draggdrottning Íslands 2008

# Drottning háloftanna

**Til hamingju!**

Magnús Jónsson, flugliði hjá Iceland Express, er nýkrýnd **draggdrottning Íslands**. Við erum afar stolt af okkar manni og sendum honum og öllu hinsegin fólki baráttukveðjur.

ICELAND EXPRESS CUP PÁSKAR 2009

78

**Iceland Express** er stoltur stuðningsaðili **Samtakanna 78** og aðalstyrktaraðili alþjóðlegs knattspyrnumóts samkynhneigðra, **Iceland Express Cup** sem fram fer í Reykjavík í apríl 2009.

**Iceland Express**
**með ánægju**

www.icelandexpress.is